ÍSFIRÐINGAFÉLAGIÐ • STOFNAÐ 1945 •

# VESTANPÓSTUR

Janúar 2004 Útgefandi: Ísfirðingafélagið í Reykjavík 1. tbl. 16. árg.

**Pollurinn á Ísafirði um miðja öldina. Í forgrunni er gamli lóðsbáturinn sem gegndi hlutverki sínu með sóma um áratuga skeið. Takið eftir húsunum við Hafnarstrætið sem mörg hver hafa tekið miklum stakkaskiptum eins og hús Hannesar Hafstein (Mánakaffi). Þessi mynd er úr myndaalbúmi Elínar Benjamínsdóttur og Sigríðar Guðmundsdóttur. Sjá fleiri myndir úr albúminu og af störfum Guðmundar Marselíusarsonar kafara inni í blaðinu.**

# SÓLARKAFFI ÍSFIRÐINGAFÉLAGSINS

## – í Súlnasal Hótel Sögu föstudagskvöldið 23. janúar 2004

*Meðal skemmtiatriða má nefna hina margfrægu og stórskemmtilegu eftirhermu Jóhannes Kristjánsson frá Ingjaldssandi. Einnig kemur til Sögu hið stórgóða South River Band (Óli Þórðar úr Ríó og félagar) og tekur lagið fyrir veislugesti.*

*Ekki má heldur gleyma hljómsveit Ísfirðingafélagsins, „Pönnukökur með rjóma," sem var sérstaklega sett saman fyrir tveim árum fyrir Sólarkaffið og er skipuð ísfirskum tónlistarsnillingum sem kunna svo sannarlega vel til verka.*
*Ræðumaður kvöldsins er Sigurður Ólafsson, en veislustjóri er Jónína A. Sanders.*

*Forsala aðgöngumiða fer fram í anddyri Súlnasals Hótel Sögu (gengið inn bakdyramegin við hótelið) laugardaginn 17. janúar klukkan 14 - 16 og þá eru borð tekin frá.*

# Nýtt ár – ný markmið

**GREIÐSLUÞJÓNUSTA**

**VIÐBÓTARLÍFEYRISSPARNAÐUR**

**REGLULEGUR SPARNAÐUR**

**FRAMTÍÐARREIKNINGUR**

Strengdir þú áramótaheit um traustari fjárhag? Við getum hjálpað þér að ná markmiðum þínum.

Hafðu samband við næsta útibú eða þjónustuver okkar í síma **440 4000** og kynntu þér málin.

***ÍSLANDSBANKI*** | Hvar sem þú ert

Flun F1008503

**VESTANPÓSTURINN**
*Útgefandi:*
*Ísfirðingafélagið*
*Bakkaseli 11,*
*109 Reykjavík*
*Símar: 568 0010*
*og 893 0010*

**Ábyrgðarmaður**:
Guðfinnur Kjartansson
Bakkaseli 11, Reykjavík

**Ritstjóri**:
Hörður Kristjánsson
Sími: 567-4668

**Blaðamenn**:
Gísli Hjartarson
Gísli Einarsson

**Ljósmyndarar**:
Gísli Hjartarson
Gísli Einarsson
Hörður Kristjánsson

**Auglýsingar**:
Einar H. Guðmundsson

**Eftirtaldir hafa góðfúslega lánað myndir í þetta blað:**
Sigríður Guðmundsdóttir
Elín Benjamínsdóttir
Snjólaug Guðmundsdóttir
Halldór M. Ólafsson
Skíðafélag Ísfirðinga
Ómar Torfason

**Umbrot og filmuvinna, prentun og bókband:**
Prentsmiðjan Gutenberg hf.

***Eintakaverð kr. 800.-***
***Blaðinu er dreift ókeypis til félagsmanna***

**Stjórn Ísfirðingafélagsins 2003-2004 skipa:**

Ólafur Hannibalsson, formaður
Guðfinnur Kjartansson
Gunnar Halldórsson
Helga Þ. Bjarnadóttir
Hörður Kristjánsson
Kolbrún Sveinbjarnardóttir
Ómar Torfason
Rannveig Margeirsdóttir
Sigrún Viggósdóttir
Unnur Konráðsdóttir

## Ólafur Hannibalsson, formaður:

# Frá Ísafirði í Stjórnarráðið

Þann 21. des. 1903 fer Hannes Hafstein alfarinn frá Ísafirði eftir rúmlega sjö ára dvöl til þess að undirbúa stofnun íslenskrar heimastjórnar.

Leið Hannesar inn á Alþing hafði reynst honum torsótt. Hann bauð sig fyrst fram í Reykjavík vorið 1894 og féll fyrir Jóni Jenssyni, bróðursyni Jóns Sigurðssonar, 86:70. Árið eftir býður Hannes sig fram í Gullbringu- og Kjósarsýslu móti Þórði lækni í Keflavík, bróður Skúla Thoroddsen, sem nýbúinn er að vinna frækilegan sigur og sýknu í hæstarétti í Kaupmannahöfn í málum þeim sem landshöfðingi háði gegn honum vegna embættisfærslu hans í svonefndu Skurðsmáli. Hannes var á þessum tíma landritari, þ.e. skrifstofustjóri landshöfðingja og mun hafa goldið tengslanna. Úrslitin urðu 207:85 Þórði Thoroddsen í vil.

Hannes fékk veitingu fyrir sýslumannsembættinu á Ísafirði haustið 1895 en flutti ekki vestur með fjölskyldu sína fyrr en 8. maí vorið eftir, hafði keypt húsið sem varð Mánagata 1 (3. hús f.h. á forsíðumynd) og bjó þar öll sín sýslumannsár. Þetta var þá talið eitt feitasta og eftirsóknarverðasta embætti landsins. Íbúarnir voru um 900 manns; tvö hótel og nokkrir spilaklúbbar, þar sem spilað var teflt eða dansað. Hvergi á landinu var á þessum árum meira athafnalíf en í Ísafjarðarsýslu. Útræði var í Bolungarvík, Hnífsdal, Arnardal, Súðavík, Ögurnesi, við Gullhúsár og Berjadalsá, Hesteyri, Sæbóli, Látrum, í Hornvík, Súgandafirði, Önundarfirði, Dýrafirði og Arnarfirði, þaðan sem stuttróið var á fiskimið. Norðmenn ráku hvalveiðistöðvar á Sólbakka í Önundarfirði, Framnesi í Dýrafirði, Langeyri og Dvergasteini í Álftafirði, Uppsalaeyri í Seyðisfirði, í Hesteyrarfirði og á Meleyri í Jökulfjörðum. Allt sumarið voru tíðar skipakomur til Ísafjarðar beint frá Noregi og Englandi; kol salt og timbur flutt inn, en út fiskur, lýsi og aðrar sjávarafurðir frá fiskiplássunum. Auk þess voru dráttarskip hvalveiðistöðva í stöðugum ferðum milli landa. Stundum komu dönsku herskipin, sem önnuðust strandvarnir, settu hljómsveit á land og léku á lúðra þegar gott var veður. Embættinu fylgdu miklar aukatekjur, sérstaklega af hvalstöðvunum og Hannes hafði mikla ánægju af sinni nýju, óháðu stöðu, mannaforráðum, ferðalögum, gestum. Aðkoman var þó bæði köld og vandasöm. Lárus H. Bjarnason, setudómarinn, sem harðast hafði gengið fram gegn Skúla og mágur Hannesar, hafði skilið við sýsluna logandi í illdeilum og sundurlyndi. Það er til marks um persónutöfra Hannesar að hatrið og kuldinn hvarf eins og dögg fyrir sólu. Þótt fátt væri með þeim Skúla virtu þeir hvor annan og Ragnheiður og Theódóra náðu vel saman. Hannes þótti hvort tveggja í senn röggsamt yfirvald og ljúfmenni og átti þegar frá leið hvers manns virðingu, líka Skúla-manna.

Á þessum árum eru bæjarfógetar lögskipaðir oddvitar sinna bæjarstjórna. Í því starfi er Hannes fullur af fjöri og framkvæmdaþrá. Mönnum hafði lengi leikið hugur á að leiða bergvatn úr hlíðinni fyrir ofan bæinn inn í húsin. Hálfu ári eftir komu Hannesar kýs bæjarstjórn nefnd til að undirbúa málið; haustið 1900 er verkinu lokið. Hann beitir sér fyrir vegagerð inn í Skutulsfjörð og út í Hnífsdal. Því fylgir aukin ræktun. Einnig hefur sýslumaður forgöngu um byggingu nýs barnaskóla. Það skólahús - merkt ártalinu 1901- mun þá hafa verið hið myndarlegasta og fullkomnasta á landinu.

Um árabil hafa þeir félagarnir Skúli Thoroddsen og sr. Sigurður í Vigur ráðið lögum og lofum í pólitík Ísfirðinga og og engum tjáð að etja kappi við þá um setu á þingi. Þeir eru báðir sjálfstæðismenn miklir og hatramir andstæðingar landshöfðingja. Sú andúð leiðir þá í pólitískan faðm Valtýs Guðmundssonar, sem beitti sér fyrir sáttum Íslendinga við danska í-

haldsstjórn með því að þiggja úr hendi hennar boð um íslenskan ráðherra sem sæti í Kaupmannahöfn. Gegn þessu standa þeir, sem ekki vilja sætta sig við minna en að íslenskur ráðherra sitji í Reykjavík.

Kosningar fara fram í september aldamótaárið. Hannes er í kjöri í Ísafjarðarsýslu og nú bregður svo við að sr. Sigurður fellur. Skúli og Hannes eru þingmenn Ísfirðinga með 197 og 168 atkvæðum. Sr. Sigurður fær 140. Kjörsókn hafði aldrei verið meiri, áður mest kosið 128, nú 314.

Eiginlegir stjórnmálaflokkar þekktust ekki á þessum tíma. En þingmenn á þessu nýja þingi skiptust hníflafnt, 18:18, í tvær fylkingar valtýinga og heimastjórnarmanna. En einn heimastjórnarmann vantar sökum veikinda. Valtýingar neyta þá færis og kjósa forseta þingsins úr röðum andstæðinganna, en þá höfðu forsetar ekki atkvæðisrétt. Með þessu ná valtýingar naumum meirihluta í báðum deildum.

Í Danmörku eru yfirvofandi stjórnarskipti, vinstrimenn að binda enda á áratuga ofríkisstjórn hægrimanna og innleiða þingræði. Heimastjórnarmenn vara Valtýinga eindregið við að senda stjórninni minni stjórnarbótarkröfur en þjóðin hafi jafnan barist fyrir með svo hæpinn meirihluta að baki sér. En allt kemur fyrir ekki. Málið er keyrt fram með offorsi.

Hannes Hafstein hafði þegar á þessu þingi tekið forystu fyrir heimastjórnarmönnum, sem höfundur þess frumvarps um heimastjórn, sem þeir höfðu lagt fram í upphafi þings. Að loknu þessu átakaþingi felur flokkur hans honum för á hendur til Kaupmannahafnar með bréf frá öllum þingmönnum flokksins og einum valtýingi til viðbótar - semsé meirihluta alþingis - til Albertis, hins nýja danska íslandsráðgjafa. Þar er því lýst hvernig úrslit málsins á þingi eru tilkomin og þess vænst að hin nýja stjórn vinstrimanna muni unna Íslandi heimastjórnar.

Er skemmst frá því að segja að nú njóta persónutöfrar Hannesar Hafstein sín til fulls og nú nýtast honum þau sambönd, sem hann hafði hnýtt á námsárum sínum í Kaupmannahöfn við frjálslynda forystumenn eins og Georg Brandes, bróður Edvards, sem var ritstjóri Politiken, höfuðmálgagns danskra vinstrimanna. Hannes nær fundi þeirra allra og að lokum konungs og flytur mál sitt af einurð og festu. Árangurinn kemur í ljós í konungsboðskap, sem gefinn er út 10. janúar 1902. Þar er farin sú snilldarlega millileið að víst er því lofað að staðfesta frumvarp meirihluta alþingis sé það enn vilji þess, en jafnframt verði af stjórnarinnar hálfu lagt fram annað frumvarp í samræmi við þá „ósk Íslendinga að stjórnarráðið verði flutt til Íslands“... „Það kemur þá til kasta alþingis að láta uppi, hvort þessara frumvarpa láti betur að óskum Íslendinga.“ Niðurstaða þingsins muni hljóta staðfestingu konungs.

Þing var nú rofið og nýjar kosningar fóru fram þann 11. júní 1902, bjartan og hlýjan vordag. En nú bregður svo við að Ísfirðingar snúa við blaðinu. Tvístirnið, Skúli og sr. Sigurður fá 235 og 230 atkvæði en Hannes aðeins 137. Það hlálega við þessi úrslit er að flokkur Hannesar, heimastjórnarflokkurinn, vinnur stórsigur og ræður lögum og lofum á þingi um sumarið. Frumvarp stjórnarinnar er samþykkt og því þarf enn að rjúfa þing og efna til nýrra kosninga. Á þessu þingi, 1902, er Ísafjarðarsýslu skipt í tvö kjördæmi, vafalítið í þeim tilgangi að skapa öruggt kjördæmi handa Hannesi (enda reynist mikill heimastjórnarmeirihluti þar við næstu kosningar). En Hannes vill ekki framar vera í kjöri vestra. Heimastjórnarmenn í Eyjafirði skora á hann að gefa kost á sér þar og hann ákveður að taka áskoruninni. Sá ljóður er þó á því ráði að þar er annar heimastjórnarmaður, Stefán í Fagraskógi, á fleti fyrir og neitar að draga sig í hlé. Þó fer svo eftir tvísýna kosningu að Hannes sigrar Stefán með 21 atkvæðis mun 213:192. Heimastjórnarmenn hafa nú endurheimt foringja sinn.

Hannes verður framsögumaður einhuga stjórnarskrárnefndar, þar sem Skúli Thoroddsen á meðal annarra sæti af hálfu minnihlutans. Alþingi samþykkir frumvarpið með öllum atkvæðum gegn einu og ný stjórnarskrá á að ganga í gildi 1. febrúar 1904. Fyrir þann tíma verður að skipa fyrsta ráðherra landsins.

Eðlilegast hefði verið að meirihlutaflokkurinn tilnefndi ráðherrann úr sínum hópi. En nú virðist hafa komið upp svipuð staða og aftur kom upp 1944, þegar enginn stjórnmálamaður gat unnt öðrum að vera forsætisráðherra þegar lýðveldið var stofnað og við sátum því uppi með utanþingsstjórn: Heimastjórnarflokkurinn bregst þeirri skyldu sinni að benda á ráðherra. Fyrir vikið kemur það í hlut hins danska Íslandsráðherra, Alberti, að skipa fyrsta ráðherrann. Alberti velur Hannes Hafstein.

Enn er ekkert símasamband milli landa. Í lok september berst bréf til Ísafjarðar, sem biður býfógetann að snarast til Hafnar með fyrsta dampskipi til fundar við Alberti og láta engan vita á Íslandi. Hannes fer frá Ísafirði með Láru 20. október og hinn 13. nóvember er hann skipaður ráðherra Íslands frá 1. febrúar 1904 og veitt fullt vald til að annast allan nauðsynlegan undirbúning stjórnarbreytingarinnar. Hann fer aftur til Íslands með Láru sem gestur Sameinaða danska gufuskipafélagsins, sem hefur boðist til að láta skipið halda áfram með hann til Ísafjarðar. Inn á Reykjavíkurhöfn kemur Lára að kvöldi 24. nóvember. Þar slást í förina Tryggvi frændi hans Gunnarsson og nokkrir aðrir heittrúaðir heimastjórnarmenn og fylgja ráðherraefninu vestur.

Þegar Lára brunar inn fjörðinn alskreytt fánum, verður mikill fögnuður og menn þyrpast að lendingarstaðnum og prófastur heldur ræðu í fjörunni. Síðan býður meirihluti bæjarstjórnar til stórveislu. Hinn 13. desember halda rúmlega 60 flokksbræður á Ísafirði Hannesi og Ragnheiði samsæti, þar sem margar ræður eru fluttar, en Hannes svarar með því að mæla fyrir minni Jóns Sigurðssonar. Lúðrasveit skemmti milli ræðuhalda en dans og gleðskapur hélt áfram til fimm um morguninn og Hannesi og Ragnheiði fylgt heim í lokin.

Eins og sagði í upphafi fór Hannes Hafstein alfarinn til Reykjavíkur nokkrum dögum fyrir jól 1903. Ragnheiður og dæturnar dvöldu þó áfram vestra til 23. apríl 1904. Dvölin á Ísafirði hafði verið fjölskyldunni viðburðarík og skipst á skin og skúrir. Hún hafði búið við góðan efnahag og þau hjón notið mikillar mannhylli. En þar urðu þau einnig fyrir þeirri sorg að missa tvö börn sín, soninn Sigurð úr taugaveiki, sem geisaði í kaupstaðnum frá hausti 1899 fram til vors, og elstu dótturina, Kristjönu í janúar 1904.

Ísfirðingar höfðu hafið Hannes til þingmennsku og þannig opnað honum þá leið sem lá til æðstu forystu í landinu, en nálega jafnharðan afturkallað það umboð. Það mun honum hafa sviðið sárt.

Á 100 ára afmæli íslenskrar heimastjórnar verður hins vegar ekki gengið framhjá þætti Ísafjarðar í aðdraganda þeirra atburða, sem þá áttu sér stað, og því þykir mér rétt að rifja upp hér í Vestanpóstinum nokkur aðalatriði þeirrar sögu.

*(Meginheimild: Kr. Albertsson; Hannes Hafstein I, Almenna bókafélagið, Rv. 1961).*




*Ómar Torfason, forstöðumaður húsgagnasviðs, á vinnustað sínum í Rúmfatalagernum við Smáratorg í Kópavogi.*

# Þetta er allt spurning um að setja sér markmið

## – segir Ómar Torfason, fyrrum markakóngur, Íslandsmeistari, landliðs- og atvinnumaður í fótbolta

**Ómar Torfason, sonur Torfa Björns skipstjóra og Sigríðar Króknes, á einstaklega farsælan feril ef horft er til árangurs ísfirskra knattspyrnumanna. Það eru t.d. ekki margir, ef nokkur, úr þeim hópi sem státað geta af viðlíka afrekum, hvað þá atvinnumennsku hjá þekktu erlendu knattspyrnuliði. Þetta er samt raunin með Ómar Torfason sem nú hefur fyrir nokkrum árum lagt skóna á hilluna, nema þá að hann bregði sér í þá til gamans í góðra vina hópi. Í dag starfar Ómar sem forstöðumaður húsgagnasviðs hjá Rúmfatalagernum við Smáratorg í Kópavogi. Þar var einnig við störf sem lagerstjóri gamall félagi hans úr fótboltanum á Ísafirði, Garðar Gunnarsson.**

Ómar kynntist eiginkonunni Sigurlaugu Hilmarsdóttur 1979, Ómar áttaði sig síðar á því hvað heimurinn getur verið lítill, því stúlkan var hálfur Ísfirðingur, dóttir Hilmars Ólafssonar (bróður Sigurðar Ólafssonar - Freysa toll). Það sem meira var, Hilmar var skólabróðir Torfa, föður Ómars.

„Ég hafði ekki hugmynd um þetta þegar ég kynntist henni. Við eigum þrjú börn, allt stelpur. Elst er Sandra 22 ára, síðan er Sif 16 ára og Arna 12 ára. Sandra er í háskólanámi, og hefur verið í jassballett meðfram námi. Siv er í MS, en hún hefur líka verið í handbolta. Arna spilar fótbolta með Breiðabliki og er í frjálsum íþróttum með ÍS. Konan var ekkert í íþróttum þegar ég kynntist henni en nú er hún búin að vera að skokka meira og minna í yfir tíu ár og hlaupa. Hún hefur tekið maraþonhlaup og tók eitt núna í haust úti í Búdapest. Hún er í mjög skemmtilegum félagsskap og hleypur mikið hálf maraþon og var t.d. að hlaupa 22 kílómetra nú í morgun. Hún er því orðin miklu aktívari við æfingar en ég," sagði Ómar þegar Vestanpósturinn tók á þeim hús einn góðan dag í nóvember. Sjálfur er hann ekki alveg hættur í íþróttaspriklinu. Tvisvar í viku hittir hann gömlu félagana frá Ísafirði Gunnar Halldórsson, Jón og Örn Örnólfssyni og Magna Guðmundsson (son Guðmundar Kjartanssonar endurskoðanda) og Gunnar bróðir Ómars til að spila körfubolta. Þessi hópur fer einu sinni á ári vestur til

*Ómar Torfason og eiginkonan, Sigurlaug Hilmarsdóttir, á ferð um eftirlætis útvistarsvæðið á Hornströndum.*

að spila við „Old boys“ í körfunni á Ísafirði. Venjulega er sú ferð farin í febrúar eða mars.

### Paradísin Hornstrandir

„Annað mesta sportið hjá okkur hjónum í dag er útivera og að fara á fjöll. Við förum alltaf tvær ferðir á hverju einasta sumri. Eina förum við á Ísafjörð og á Hornstrandir þangað sem við höfum farið fimm ár í röð. Við ætlum aftur þangað næsta sumar. Það er endalaust hægt að skoða þar eitthvað nýtt og þetta gefur manni alveg gríðarlega mikið. Aðdragandi ferðanna er líka svo skemmtilegur og magnaður í siglingu með bát. Þarna er maður að fá þetta allt í einu: sjóinn, fjöllin, veðrið, fuglinn og refinn. Samspil þessa alls og fegurðin er svo ótrúlega gefandi.

Þetta eru fjögurra til fimm daga ferðir og líka þær ferðir sem við förum mjög mikið í hér sunnanlands og á suðvestur horninu. Það eru t.d. ferðir í Núpsstaðaskóg, Þjórsárver, Kerlingafjöll og Laka. Samt er ekkert sem tekur Hornströndunum fram þó hitt sé allt saman mjög heillandi líka. Ef við eigum einhverjar auðlindir þarna fyrir vestan þá er það þetta. Lykillinn að því að fá ferðamenn á svæðið er vegakerfið, ef það verður ekki lagað þá kemur enginn. Þegar maður spyr fólk sem er að ferðast innanlands, þá er ekki nema einn fjórði sem fer vestur. Það bera allir við vondum vegum, büllinn verði ónýtur eftir ferð á Vestfirði segir fólk. – Þetta þarf að laga.“

### Jói bróðir var fyrirmyndin

„Ætli ég hafi ekki verið fimm eða sex ára þegar ég byrjaði að sprikla og sparka bolta á sjúkrahústúninu á Isafirði. Að vissu leyti var Jói bróðir fyrirmyndin, en hann var þá á fullu enda fimm árum eldri en ég. Ég held að hann eigi stóran þátt í því að ég fékk svo mikinn áhuga á fótbolta. Hann náði eftir þetta fínum árangri og fór m.a. suður og spilaði með KR í fyrstu deildinni. Það að stóri bróðir var í boltanum og gera góða hluti var því alltaf á bak við eyrað hjá mér.

Það var þó ekki bara fótboltinn sem ég var í. Ég var í körfu, handbolta, fótbolta og greip líka eitthvað í skíði. Ég var því að grautast í öllu, líka sundi. Ég held að það hafi einmitt hjálpað mér mjög mikið til

*Garðar Gunnarsson, félagi Ómars í Knattspyrnunni til margra ára, var einnig félagi Ómars í vinnunni þar til um síðustu áramót. Hér er Garðar í hlutverki lagerstjóra í Rúmfatalagernum.*

að verða seinna meir góður í fótbolta. Ég fékk aldrei leið á honum. Það að blanda saman ýmsum greinum og fá þannig meiri fjölbreytni í það sem maður var að gera. Ég held að þetta hafi gert manni mjög gott. Síðan þegar maður var kominn á ákveðinn aldur, þá var kominn tími til að velja þá grein sem hentaði.“

## Kúrsinn tekinn á fótboltann

*– Hvenær ákvaðst þú að leggja fyrir þig fótboltann?*

„Ætli ég hafi ekki verið svona tíu eða tólf ára. Þá vorum við með mjög góða yngri flokka, ´57 til ´59 módel og ég fann að þetta var eitthvað sem mér hentaði. Þarna var þéttur kjarni, Jón Odds, Halli Leifs, Krissi og fleiri góðir. Síðan Magni Péturs Blöndal, Deddi (Gunnar Halldórsson) og Einar Valur. Það má segja ég hafi verið eini strákurinn úr ´59 árganginum í þessum hóp fyrir utan Garðar Gunnarsson.

Um leið og við fórum að bera okkur saman við þá bestu í ferðum suður til Reykjavíkur, þá sá maður að við áttum fullt erindi. Við fórum suður í fimmta og fjórða flokki Í-þróttabandalags Ísafjarðar (ÍBÍ), í 4 liða úrslitakeppni. Þá sá maður að við vorum ekki langt á eftir bestu liðunum. Við vorum nálægt því að ná verðlaunum og það var sá hvati sem til þurfti. Til þess að finna smjörþefinn, þá þurfa allir að geta keppt við sér betri lið eða einstaklinga til að sjá hvað maður þarf að gera sjálfur til að geta orðið jafn góður eða betri. Því fyrr sem maður kynnist þessu, því betra.

Eftir fimmta og fjórða flokkinn þá var Jói í KR. Ég var þá 14 ára og Jói segir við mig: „Heyrðu Ómar, þú átt að koma í KR.“ Ég fer þá í þriðja flokk KR og fer að æfa með þeim um sumarið og bjó hjá systur mömmu og KR-ingarnir sköffuðu mér vinnu. Ég fór síðan heim í skólann 1. september. Þarna gerðist það að ég var valinn í fyrsta unglingalandsliðið 14 til 16 ára.

*Úrslitakeppni í fjórða flokki í kringum 1970 sem farin var í rútu með Dengsa löggu.*
*Fremri röð frá vinstri: Ásgeir Dengsa (Kristins Haraldssonar), Haraldur Leifsson, Sigurður Pétursson (Péturs Sigurðssonar), Birgir Karlsson (Kalla Tomm), Hörður Ingólfsson og Bjarnþór Sverrisson (Baddó).*
*Aftari röð frá vinstri: Einar Valur Kristjánsson, Stefán Jóhann Stefánsson, Magni Pétursson (Péturs Blöndal), Ómar Torfason, Kristinn Kristjánsson (Kristjáns Jónassonar), Jón Oddsson og Helgi Björnsson.*

Ég fór með þeim í mjög skemmtilega tíu daga keppnisferð. Þaðan fórum við til Glasgow þar sem ég var með KR-ingunum í æfingabúðum. Það má segja að þetta hafi verið vendipunkturinn að því að ég fór að helga mig meira fótboltanum og stefna að því að ná þar árangri. Þarna var maður kominn það langt að allt í einu dettur maður inn í unglingalandsliðið sem mann óraði ekki fyrir áður en maður fór upphaflega suður. Þetta gerði gæfumuninn og ég sagði við sjálfan mig: – Heyrðu, þetta er greið leið með því að leggja dálítið

*Landslið Íslands 1986 með Ómar Torfason innanborðs.*

ÍSFIRÐINGAFÉLAGIÐ • STOFNAÐ 1945 •

***Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska Ísfirðingum farsældar á nýja árinu***

**Skóverslun Leós hf.**
Hafnarstræti 5 • Ísafirði • Sími 456 3011

**Eiríkur og Einar Valur hf.**
Byggingaverktakar
Seljalandi 9 • Ísafirði • Sími 456 4589 • GSM 893 1689

**Kubbur ehf.**
Verktakar Ísafirði
Grænagarði • 400 Ísafirði • Sími: 456 3095 og 456 3751

**Verkalýðsfélag Vestfirðinga**
Pólgötu 2 • Ísafirði • Sími 456 3190

**Vélvirkinn sf. smiðja**
Hafnargötu 8 • Bolungarvík • Sími: 456 7348

Gamla bakaríið
Aðalstræti 24 • 400 Ísafjörður
Sími 456 3226

**Sjómannafélag Ísfirðinga**
Pólgötu 2 • Ísafirði • Sími 456 3190

**Vökvakerfi hf.**
Dugguvogi 23 • 104 Reykjavík • Sími: 588 4600 • Fax: 588 4601

SJÓVÁ ALMENNAR
Silfurtorgi • Ísafirði • Sími: 450 3900

**VÍKUR-ÓS**
BÍLAMÁLUN – RÉTTINGAR
Sími: 587 7760 • Bíldshöfði 18 • Reykjavík

**Bæjarstjórn Bolungarvíkur**
Sendir grönnum sínum bestu áramótakveðjur
Bæjarstjórinn

**Ólafur Guðnason hf.**
Heildverzlun
Skútuvogi 1F • 104 Reykjavík • Sími 568 4100

APÓTEK VESTFJARÐA

**Súðavíkurhreppur**

**Orkubú Vestfjarða**
Stakkanesi 1 • Ísafirði • Sími 450 3211

**Kjölur ehf.**
Urðarvegi 37 • Ísafirði • Sími: 456 3678

**Gistiheimili Áslaugar, Austurvegi 7 og Faktorshúsið (Anno 1788),**
Aðalstræti 42, Hæstakaupstað, Ísafirði. Kaffi- og veitingahús (frá 2001).
**Verið velkomin í Hæstakaupstaðinn!** Sími: 456-3868 Fax: 456-4075
veffang: www.randburg.com/is/aslaug.html netfang: gistias@snerpa.is

**Græðir sf. Varmadal vinnuvélar**
425 Flateyri, sími 456 7652 og 456 7650, fax 456 7651

SJÓFERÐIR
Hjallavegi 7 • Ísafirði • Sími: 456 3879
Fax: 456 4879 • Farsímar: 892 1879
Hafsteins og Kiddýjar

*Ómar markakóngur Íslandsmótsins 1985 með gullskóinn góða.*

*Ísfirski atvinnu- knattspyrnumaðurinn Ómar Torfason hjá Luzern í Sviss þangað sem hann fór úr Fram 1985.*

á sig. Ég fór í skóla í Fjölbraut Ármúla en fór samt vestur og spilaði næstu tvö sumrin, 1977 og ´78, með Ísfirðingum. Áríð 1979 fór ég alfarinn frá Ísafirði. Þá fór ég í Víking og spilaði með þeim næstu sex árin. Við urðum tvisvar Íslandsmeistarar og ég náði að tryggja mér stöðu sem landsliðsmaður og spilaði fyrst í A-landsliðinu 1981. Það tók mig því aðeins tvö ár með Víkingi að vinna mig upp í A-landsliðið.

## Atvinnutilboð frá Sviss

Ég fór í Fram 1985 og það má segja að það ár og næstu árin til 1988 hafi verið bestu árin mín í fótboltanum. 1985 spring ég endanlega út og var þá markakóngur og markahæstur í deildinni með 13 mörk í 18 leikjum. Þá fékk ég atvinnutilboð frá Luzern í Sviss. Ég fór þá út um haustið og var þar tæp þrjú ár og kom aftur 1988. Ég spilaði síðan í tvö ár með Frömmurum og fór síðan út í þjálfun. Ég hætti því 1997.

Ég spilaði 39 landsleiki, undir 21 árs og líka með unglingalandsliðinu.“

*– Af hverju hættir þú í Víking eftir svo gott gengi með því félagi?*

„Það má segja farið hafi að fjara undan Víkingunum 1983-´84. Þá höfðu forráðamenn Fram samband við mig og vildu fá mig yfir. Mér fannst það mjög spennandi verkefni. Sú ákvörðun var þó mjög erfið þar sem ég var búinn að vera með Víkingi í nærri sjö ár. Upp á ferilinn að gera, þá reyndist þetta vera gæfuspor. Það sem gerðist er það sama hvort sem er í vinnu eða íþróttum að þegar maður skiptir um vettvang tekur maður sig á. Um veturinn 1984 -1985 hafði ég aldrei æft eins mikið. Ég lagði extra mikið á mig til þess að geta staðið mig vel í nýja félaginu. Útkoman varð líka frábær. Skiptin höfðu því mjög góð áhrif, þetta er alveg eins og að skipa um vinnu. Maður fattar það ekki sjálfur að þegar maður er búinn að vera lengi í sömu vinnunni staðnar maður. Þegar tækifærin kom til að breyta um þá þarf maður bara að grípa þau. Tækifærin koma alltaf í lífinu. Maður finnur það þegar maður spólar til baka að það eru alltaf einhver ár sem eru góð í hverju sem maður gerir og önnur slakari. Það hefur því mjög góð áhrif að breyta um og kýla þá á það. Auðvitað þarf maður þá að fylgja því mjög vel eftir.“

## Með „hobbýið“ að atvinnu

*– Þú fórst til Luzern í Sviss haustið 1985, hvernig var að koma þangað?*

„Það var mjög gaman að fá tækifæri til að hafa „hobbýið“ að atvinnu. Mann óraði auðvitað ekki fyrir því þegar maður byrjaði í knattspyrnunni að maður fengi tækifæri til þess. Ég var að skora fullt af mörkum þarna um sumarið með Fram og ég held að það hafi verið í júnímánuði að það kom umboðsmaður til landsins að fylgjast með leikjum. Eftir einn leikinn hringir hann í mig og vildi fá að tala við mig. Hann spurði hvort ég

*Ómar Íslandsmeistari með Víkingi 1981.*

hefði áhuga á fara út í atvinnumennsku ef ég fengi möguleika til þess. – Já, já, sagði ég. Það má alveg skoða það. – Ég heyrði síðan ekkert frá honum í einn eða tvo mánuði. Síðan kemur allt í einu hringing frá honum í septembermánuði 1985. Þá segir hann. Hefur þú áhuga á að fara til Luzern í viku. Það var eftir æfingaleikinn sem ég átti að spila með Fram gegn Rapid Vín í Austurríki. Ég sló til og fór síðan beint frá Vín yfir til Sviss og æfði með Luzern í viku. Það gekk allt mjög vel og eftir þessa viku þá ákveða þeir að kaupa mig. Það var gengið frá málum einn, tveir og þrír. Ég fór heim og pakkaði niður og fór síðan einn út aftur í byrjun október. Ég var einn fram að jólum og flutti síðan alfarinn eftir áramótin til Sviss. Þetta gekk allt mjög hratt fyrir sig. Þetta er þannig að þegar tækifærin koma, þá verður maður að reyna að grípa þau, en það er ekki alltaf sem maður nær því.

Umgjörðin þarna úti er allt önnur. Þarna beið allt eftir manni, fatnaðurinn, skórnir og annað. Allt pússað og fínt og læknar og þjálfarar til staðar. Það var þó auðvitað líka miklu meiri pressa á manni. Miklu meiri samkeppni um að halda stöðu í liðinu. Þetta er miklu grimmari heimur og enginn annars bróðir í leik. Maður þurfti heldur betur að berjast á hverjum einasta degi fyrir rétti sínum í liðinu. Þetta gengur út á það. Það eru kannski 18 og allt upp í 30 leikmenn í stóru liðunum sem eru mjög svipaðir að getu, en alltaf einhverjir sem skara fram úr. Þannig er þetta, en þetta er mjög skemmtilegur heimur og gaman að hafa fengið að hafa þetta að atvinnu í nokkur ár. Eftir á að hyggja hefði maður frekar viljað hafa farið fyrr, svona upp úr tvítugu. Fyrsta árið er mikill aðlögunartími og það tekur smá tíma að komast inn í þetta. Ég var 25 ára þegar ég fór út, en æskilegra hefði verið að byrja fyrr til að fá tíma til að keyra sig upp í toppárangur. Það var þó ekki um það að ræða í mínu tilviki, en auðvitað var það mjög gaman fyrir mig, sveitavarginn, að fá þetta tækifæri. Þetta hefur svolítið breyst á síðustu tíu árum og menn eru farnir að fá tækifærin yngri."

*– Nú hefur verið mjög mikið talað um það á síðustu árum að atvinnumennskan sé mikil upphefð, miklir peningar í spilinu og margir fara jafnframt mjög illa út úr því. Varðst þú var við þetta?*

„Jú, það eru skin og skúrir í þessu hjá sumum. Við heyrum trúlega mest af þeim sem fara illa með sig á þessu. Það er þó stór hluti af Íslendingum sem fer mjög vel með og kemur vel út úr þessu. Það var mjög gott upp úr þessu að hafa fyrir mig. Það er þó mikill munur á því núna, en var fyrir tíu til tuttugu árum varðandi upphæðir sem menn fá fyrir atvinnumennskuna. Þetta eru orðnar oft á tíðum svo gríðarlega háar upphæðir að það er hreint með ólíkindum. Launaþakið hefur þó verið að sliga félögin.

*– Ekki er það leikmaðurinn sjálfur sem fær allan peninginn?*

„Það er þannig að það er samið milli félags hér á Íslandi og erlends félags um kaup á leikmanni. Síðan er samið sér um laun og annað fyrir leikmanninn og hlutdeild í söluverðinu. Fyrir nokkrum árum var þetta hins vegar þannig að leikmaðurinn fékk lítinn hluta af kökunni. Um 1985 breytist þetta í kjölfar dómstólameðferðar og nú er samið sér fyrir leikmanninn og sér fyrir félagið. Þetta var þannig áður að þegar maður var búinn með samning hjá félaginu þá átti félagið

mann samt í raun áfram. Félagið fékk því hluta af sölunni þegar leikmaðurinn fór í annað félag. Dómurinn breytti þessu og leikmennirnir áttu sig sjálfir eftir að samningur rann út. Þetta breytti því líka að launin ruku upp hjá leikmönnunum sjálfum."

*– Nú hlýtur atvinnumennskan oft að valda miklu álagi á skrokkinn, ekki síst hnén. Hvernig hefur þú komist frá þessu?*

„Maður hefur ekki lent í neinum stórvægilegum meiðslum í gegnum tíðina. Hnén eru það sem bilar helst hjá mönnum og stundum bakið, en ég hef sloppið nokkuð vel."

*– Þú byrjaðir á að nefna það að Jóhann bróðir þinn hafi verið þín fyrsta fyrirmynd í fótboltanum. Hafa ekki fleiri af þínum systkinum valið íþróttabrautina?*

„Jú, Jói átti mjög góðan feril. Hann spilaði heima og fór síðan í KR þar sem hann spilaði í nokkur ár. Þá spilaði hann með Víking eitt árið og fór síðan út til Svíþjóðar og spilaði þar í þrjú ár. Hann kom heim og flutti á Ísafjörð og spilaði þar í ein tvö ár. Hann var því á fullu í þessu þar til hann var þrjátíu eða þrjátíu og tveggja ára. Svo er það Dídí (Dýrfinna Torfadóttir) hún var í frjálsum og handbolta með Þór á Akureyri. Hún fór reyndar úr handboltanum og í spjótið og ég held að hún hafi verið Íslandsmeistari líka og komst í landsliðið. Hún byrjaði þó mjög seint í íþróttum, eða undir tvítugt. Örn bróðir var líka í fótboltanum og spilaði með Ísfirðingum, Val og Víking. Gunnar er yngstur, hann spilaði heima. Sem sagt við höfum öll verið í íþróttum og náð mjög fínum árangri."

## Frú Króknes á kantinum

*– Varla hefur spillt fyrir að foreldrarnir stóðu jafnan áhugasamir á hliðarlínunni. Það heyrðist t.d. vel í mömmu þinni á köflum þegar hún hvatti sína menn svo undir tók í fjöllunum.*

„Já, sérstaklega mamma. Hún var fræg fyrir þetta, en því miður missti ég töluvert af því þar sem ég fór svo ungur að heiman og átti nær allan feril minn í Reykjavík.

Það var þó mjög gaman að því að þegar ég fór vestur til að spila í fyrstu deildinni, þá var oft erfitt hjá mömmu þar sem ég var að spila gegn Jóa og ÍBÍ.

Hún er fræg fyrir það eins og þú þekkir að lifa sig rosalega inn í leiki. Pabbi er aftur á móti mun rólegri í boltanum.

Pabbi var ungur í fótboltanum og ég helda að hann hafi verið mjög efnilegur enda með mikið keppnisskap. Hann hefur þó notað það í annað en íþróttir, m.a. á sjónum.

Annars var maður alinn upp við það að standa sig vel. Mæta vel í allt sem maður var að gera bæði í skóla og vinnu. Mæta tímanlega og helst að standa sig vel. Það var lagt dálítið mikið upp úr því.

Þegar maður var yngri og að grautast í mörgum íþróttum naut maður þess að fá góðan stuðning að heiman. Það kostaði gríðarlega mikið á þeim tíma, m.a. að fara í allar þessar ferðir. Maður tók oft eftir því þegar maður var að fara í þessar keppnisferðir að það komust ekki allir í þær. Þetta kostaði svo mikið, flugið var dýrt og það voru oft margir sem ekki komust með. Við náðum þó jafnan að smala í lið

Slíkt má t.d.segja með ferðir í körfuboltanum. Það var m.a. farið á Patreksfjörð annað hvert ár og þeir komu hin árin. Þá var mikið lagt á sig . Það var farið með Fagranesinu og það fóru heilu helgarnar í þetta. Það var farið á föstudegi og komið aftur á sunnudegi. Ég man eina ferðina að þá var brjálað veður. Það voru allir fárveikir um borð og við vorum að mig minnir sex eða sjö tíma á leiðinni. Við vorum allir ælandi og fárveikir. Svo mættum við til leiks og reyndum að spila en helmingurinn af mannskapnum var enn með sjóriðu. Ég man að það gekk helvíti illa að hitta körfuna. Svo voru menn líka kvíðnir fyrir því að sigla til baka í vitlausu veðri. Þetta voru menn samt að leggja á sig.

Nákvæmlega sama var uppi á teningnum þegar við vorum að spila í fótboltanum og fórum í keppnisferðir suður. Þá voru það að vísu rútuferðir. Það voru 12 tíma ferðir aðra leið.

Ein ferðin var úrslitakeppni í fjórða flokki í kringum 1970 og Dengsi lögga (Kristinn Haraldsson sem lést á síðasta sumri) var bílstjóri á rútu sem Oddur Pétursson átti. Dengsi var allt í öllu, fararstjóri og bílstjóri og með kraftmikla stráka í rútunni. Á heimleiðinni var Dengsi orðinn ansi þreyttur, enda búinn að vaka mikið. Hafði verið mikil keyrsla á honum við að halda utan um hópinn. Ég sat aftast í rútunni og þegar við vorum að nálgast Bjarkarlund, þá sé ég að Dengsi er farinn að dotta við stýrið. Hann hrökk samt alltaf upp þegar bíllinn

*Fram á Spáni 1988 þar sem keppt var við lið Barcelóna.*

ÍSFIRÐINGAFÉLAGIÐ • STOFNAÐ 1945 •

***Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska Ísfirðingum farsældar á nýja árinu***

**Bensínstöðin Ísafirði**
Hafnarstræti 21 • 400 Ísafjörður • Sími 456 3574

**DENGSI ehf.** VELTISKILTI
Dugguvogi 1b • 104 Reykjavík • Sími 588 4097 • Fars. 896 1697

**Harðfiskverkun Einars Guðbjartssonar**
Drafnargötu 6, 425 Flateyri, sími 456 7671 og 852 4071

NÚPUR
Aðalstræti 26 • Ísafirði
Sími 456 3114
*– verslun sem býður betur –*

**H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf**
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666

Birkir ehf
**Hafnarstræti 6 · Ísafirði**
**Sími 456 3990**

**Íslandspóstur hf**
Stórhöfða 29, 110 Reykjavík, sími: 580 1000

**Landsbanki Íslands**
Pólgötu 1 • Ísafirði • Sími 450 5500

**FISKMARKAÐUR FLATEYRAR**
Sími 456 7818 • Fax: 456 7817 • www.flateyri.com
**Guðbjartur Jónsson**

hotel edda
***Hótel Edda • Núpi Dýrafirði***
***Sími: 505 0900***
Núpi Dýrafirði • Sími: 456 8222

**Blómabúðin Kringlunni**
Kringlan 8-12 • 103 Reykjavík • Sími 568 1222 • Fax 588 1221
*Best fyrir pottablómin – Græna þruman, blómaáburður, Græna þruman gróðurmold, Sími 898 9300*

**Samkaup**
Austurvegi 2, 400 Ísafjörður • Sími 456 5460

*Vélsmiðja Ísafjarðar* Sundahöfn • Sími 456 3910

**Lögsýn hf.**
Aðalstræti 24, 400 Ísafjörður, sími: 456 4577

GNA
Aðalstræti 21 · Bolungarvík
Sími 450 720*0*

FMS
**FISKMARKAÐUR SUÐURNESJA**
*Fiskur er okkar fag*
Búðarkanti 2, 415 Bolungarvík
Símar: 456 7548

**3X-stál hf.**
Suðurtanga 7, 400 Ísafjörður, Sími 456 5079

**Vesturfrakt Ísafirði**
GSM: 895 2702
895 2701
VF
**Alhliða flutningar**
**Daglegar ferðir**
**Reykjavík - Ísafjörður**
**Ísafjörður - Reykjavík**
**Vörusafgreiðsla í Reykjavík**
ADAL FLUTNINGAR

fór að leita til hægri og tókst því að halda bílnum á veginum. Þegar við áttum svona tíu kílómetra eftir í Bjarkarlund tók rútan upp á því að bila. Þarna vorum við seint um kvöld og ekki mikið um bíla á ferðinni. Við fórum því allir úr rútunni og gengum spölinn í Bjarkarlund. Þar biðum við meðan gert var við rútuna en síðan var lagt af stað að nýju. Þessi ferð tók einn og hálfan sólarhring."

Á þessum tíma var mjög mikill íþróttaáhugi á Ísafirði. Þarna voru strákar sem voru að gera það gott á skíðum, eins og jafnaldri minn Siggi Bóa (Sigurður heitinn sonur Jóns Karls Sigurðssonar). Eldri bróðir hans Gunnar var líka margfaldur Íslandsmeistari á skíðum ásamt Vali Jónatanssyni. Gunnar Bjarni, Hafþór Júlíusson og fleiri voru líka að ná þar mjög góðum árangri.

Þarna voru margir fleiri, Magni Péturs Blöndal sem spilaði mikið með Val. Jón Oddsson sem átti glæsilegan feril með Ísfirðingum og KR í fótbolta og einnig sem landsliðsmaður í frjálsum íþróttum. Bróðir hans Örnólfur var einnig góður knattspyrnumaður. Helgi Björnsson var einn af þessum strákum í rútunni forðum, en hann fór síðan í poppið og leiklistina og gerði það gott. Haraldur Leifsson, hélt áfram og Krissi (Kristján sonur Kristjáns Jónassonar) náði mjög góðum árangri. Einar Valur Kristjánsson (bróðir Krissa) fór á skíði og náði frábærum árangri þar.

„Baddó (Bjarnþór Sverrisson) var þarna líka rosalega efnilegur og eitt mesta efni í knattspyrnumann sem ég hef séð. Hann var alveg ótrúlega leikinn og áhugasamur. Við vorum alltaf að leika okkur með bolta á tánum á sjúkrahústúninu. Svo hætti hann þrettán eða fjórtán ára og þetta var síðasta ferðin sem hann fór. Því miður, því hann hafði svo rosalega hæfileika að það var hreint með ólíkindum."

## Stoppaður á landamærunum

Það eru margar skemmtilegar ferðirnar sem maður hefur farið bæði innanlands og erlendis. Maður er búinn að ferðast nánast til allra Evrópulanda og út um allan heim. Maður hefur farið til Mauritaníu í æfingabúðir, Kuwait, Singapúr, Malasíu og út um allt. Það er margt skemmtilegt sem gerist í svona ferðum.

Mína fyrstu ferð árið 1981 var ég valinn mjög óvænt til að fara til Tékkóslóvakíu vegna þessa að einn landsliðsmaður veiktist. Það var þannig að þegar farið var austur fyrir járntjald þurfti að hafa vegabréfsáritun eða vísa. Við flugum til Vínarborgar í Austurríki og áttum að fara þaðan með rútu til Bratislava í Tékkóslóvakíu. Þegar við komum að landamærunum kom babb í bátinn. Allir rétta fram passann og ég líka, en þá var ekkert vísa inn í landið fyrir mig. Vegabréfið er skoðað og við bíðum og bíðum. Í einn eða tvo tíma var hópurinn látinn bíða og ekkert gerðist. Þá var fararstjóri Ellert Schram formaður KSÍ. Hann tók ákvörðun um að senda rútuna af stað en ég og Ellert urðum eftir. Við fengum loks leyfi til að fara inn í landið eftir mikið stapp og hringingar. Það var mikil spenna í loftinu. Þarna var ég 21 árs og átti ekki að fá að fara inn í landið. Við Ellert komumst síðan á leiðarenda með leigubíl.

Það var gaman að hafa fengið tækifæri á þessum tíma til að ferðast og fara m.a. með Víkingunum í æfingaferð til gömlu Sovétríkjanna. Við vorum þar í þrjár vikur. Við flugum sem dæmi frá Moskvu til Togliatti þar sem Lödu bílarnir voru framleiddir. Þetta var allt annar heimur að koma í á þeim tíma. Þjálfarinn okkar var Rússi og honum hafði verið boðið að koma með okkur og dveljast þarna frítt. Þetta var meiriháttar upplifun að sjá hvernig almenningur hafði það. Eymdin var alveg ótrúleg. Ég hef farið síðan í baltnesku löndin í sambandi við vinnuna og hef getað borið þetta saman fyrir og eftir fall Sovétríkjanna. Maður sér vel muninn hvernig allt hefur breyst og þetta er allt annar heimur í dag.

## Það mátti heyra saumnál detta

Sem dæmi þá tók það okkur í Víkingi fjóra tíma að komast í gegnum skoðun við komuna til Sovétríkjanna á sínum tíma. Þó voru allir með vegabréfsáritun. Maturinn var líka sérstakur og menn léttust um nokkur kíló á að vera þarna í þrjár vikur. Það var vissulega krydd í tilveruna að koma þarna og fá að spila fyrir mikinn fjölda áhorfenda. Stærstur var leikurinn sem við spiluðum á móti Sovétmönnum. Það var troðfullur leikvangur með 78 þúsund áhorfendum. Sovétmenn höfðu þá ekki tapað stigi í mörg ár og voru þá í öðru sæti í Evrópukeppni og spiluðu í úrslitum við Holland. Við náðum samt að gera jafntefli 1:1.

Við lentum í því að Sovétmenn skora í byrjun leiks 1:0. Það var hrikaleg sprengja og bylgja sem maður fann þegar 78 þúsund áhorfendur fögnuðu markinu. Það fór því um mann hrollur þegar maður fór að taka miðjuna. Síðan gerist það á 82. mínútu að við skorum og jöfnum leikinn. Birgir og Halldór Ásgeirs hamra boltanum upp í þaknetið. – Það mátti heyra saumnál detta þegar 78 þúsund áhorfendur fögnuðu markinu. Það fór því um mann hrollur þegar maður fór að taka miðjuna. Síðan gerist það á 82. mínútu að við skorum og jöfnum leikinn. Birgir og Halldór Ásgeirs hamra boltanum upp í þaknetið. – Það mátti heyra saumnál detta þegar 78 þúsund áhorfendur. Við heyrðum því vel í bekknum hjá okkur sem fagnaði gríðarlega. Svo voru þarna tveir menn úr sendiráðinu og tveir frá að mig minnir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða ÍS. Þessir fjórir voru með íslenska fána. Í öllu þessu mannhafi heyrði maður samt vel í þessum örfáu Íslendingum þegar við jöfnuðum. Ég hafði aldrei heyrt svona áður. Öfgarnar voru svo miklar á milli þess þegar heimamenn fögnuðu og síðan þegar við jöfnuðum leikinn. Ég held að þetta sé einn eftirminnilegasti og skemmtilegasti leikur sem ég hef spilað á ferlinum.

Svona hlutir hafa gefið manni mikið. Það að spila og kynnast hvernig aðrir hafa það. Takast á við lífið og tilveruna þar sem stundum er á brattann að sækja. Það að læra að taka bæði sigri og ósigri. Auðvitað koma alltaf vikur, mánuðir og jafnvel ár sem eru erfið, hvort sem er í vinnu eða öðru. Ef maður hefur hins vegar það eitt að markmiði að horfa fram á veginn og reyna að ná þeim takmörkum sem maður ætlar sér, þá nær maður þeim. Þetta er allt spurning um æfingu, setja sér markmið og að ætla sér að ná þeim. Það krefst oft líka mikilla fórna."

*HKr.*

*Á Sólarkaffi undanfarinna tveggja ára hefur verið boðið upp á ísfirska hljómsveit sem sérstaklega hefur verið sett saman af þessu tilefni. Þetta er hljómsveitin Pönnukökur með rjóma sem gert hefur mikla lukku. Á Sólarkaffi 2003 bættist hljómsveitinni óvæntur liðsauki á ballinu þegar Ingibjörg Guðmundsdóttir hin margfræga söngkona úr BG tók nokkur lög eftir margra ára hlé. Á Sólarkaffi 2004 er ráðgert að Pönnukökur með rjóma stígi enn á svið til að skemmta Ísfirðingum. Kolbrún Sveinbjörnsdóttir hefur haft forgöngu um að ná hljómsveitinni saman, en á þessari mynd er hún ásamt félögum úr eigin hljómsveit, þeim Gunnari Bernburg og Baldri Má Arngrímssyni.*

*Ingibjörg Guðmundsdóttir söngkona hreif gesti á Sólarkaffi 2003 upp úr skónum er hún fór óvænt á svið og tók nokkur af sínum frægu lögum sem hún söng inn í hjörtu landsmanna með hljómsveitinni BG og Ingibjörg.*

*Rúnar Þór Pétursson kann vel þá list að skemmta Ísfirðingum, enda hóf hann feril sinn einmitt við slíka iðju í Alþýðuhússkjallaranum á Ísafirði 14 ára gamall.*

*Örn Jónsson er Ísfirðingum að góðu kunnur í tónlistarbransanum. Hann hefur líka víða komið við sögu, m.a. oft með gamla félaga sínum Rúnari Þór.*
*– Sjá nánar frá Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins 2003 á bls. 35.*

*Rúnar Vilbergsson lemur húðirnar af stakri list. Hann hefur komið víða við sögu á löngum tónlistarferli en hefur þó einna lengst blásið í fagott með Sinfóníuhljómsveit Íslands.*

### Ísfirðingafélagið í Reykjavík:

# Sextugt að ári

Á næsta ári, 2005, verður Ísfirðingafélagið í Reykjavík 60 ára, en það var stofnað árið 1945. Starfsemin hefur verið með ýmsu móti í gegnum tíðina og mismunandi lífleg, eins og gengur í félögum af þessum toga. Það hefur þó eigi að síður þraukað þennan tíma og hefur eiginlega sjaldan verið sprækara en nú.

Þrátt fyrir það má alltaf gera betur og í tilefni komandi tímamóta vilja stjórn félagsins og aðstandendur Vestanpóstsins leita til ykkar allra, enn frekar en oftast áður, um góðar hugmyndir.

Það er ætlun stjórnar félagsins að gera vel á afmælisárinu m.a. með því að gefa út enn veglegri Vestanpóst og halda veglegra Sólarkaffi en nokkru sinni. Til að þetta megi takast verðum við að leita út fyrir raðir fámennrar stjórnar og til allra þeirra sem lagt geta félaginu lið. Varðandi efnisöflun fyrir blaðið eru ábendingar vel þegnar, svo og myndir og annað skemmtilegt og fróðlegt efni.

Það væri einnig skemmtilegt, ef hópar, félagasamtök eða fyrirtæki sem uppruna eiga að rekja til Ísafjarðar, tækju frá dag í janúar á næsta ári og fjölmenntu á Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins. Gaman væri ef slíkir hópar hefðu í farteskinu heimatilbúin atriði sem troða mætti upp með öðrum til skemmtunar. Ef hugur væri á slíku þá væri rétt að hafa samband við Guðfinn Kjartansson eða einhverja aðra stjórnarmenn, – því fyrr því betra!

*– Ritstjóri*

*Þórarinn Gíslason (Þói Gísla) er enn iðinn við kolann eftir áratugi í skemmtanabransanum. Hér er hann við hljómborðið í stórsveitinni Pönnukökum með rjóma.*

**Brot úr sögu vörubílaútgerðar á Ísafirði:**

# Maður gat alltaf sett Chevrolettinn í gang þó húddið væri fullt af snjó

**– segir Halldór M. Ólafsson fyrrum formaður ísfirskra vörubílstjóra**

Halldór M. Ólafsson, eða Halli bílstjóri eins og Ísfirðingar hafa oftast kallað hann, er nú kominn á efri ár, en hann, flutti suður til Hafnarfjarðar fyrir nokkrum árum. Nafnið Halli er upp á harða vestfirsku og enga sunnlenska línmælgi. Kveðið er fast að ellunum í nafninu sem hljómar eins og veghalli, enda er vel við hæfi að brekkan norðan við húsið hans við Hlíðarveginn er nefnd í höfuðið á honum og heitir Hallabrekka. Vestanpóstur heimsótti þau hjón Halla og Betu (Elísabetu Jónsdóttur) einn góðan veðurdag í nóvember til að rifja upp brot úr sögu vörubílaútgerðar á Ísafirði þar sem Halli spilaði stórt hlutverk til fjölda ára. Hér er stiklað á stóru og því engan veginn með tæmandi upplýsingum um þá sem komið hafa við sögu.

Halli er fæddur árið 1921 og var einn þeirra sem stofnaði Vörubílastöðina á Ísafirði upp úr miðri síðustu öld. Hann var lengi formaður stöðvarinnar. Með honum á stöðinni til margra ára voru þekktir bílstjórar eins og Ingimar Ólafsson, sem Halli segir oft hafa verið nefndan konunglegan vörubílstjóra þar sem hann var sigldur maður og hafði m.a. verið í „kóngsins Köbenhavn.“ Hafi sumum þótt mikið til koma. Fyrstu vörubílarnir voru bílar eins og gamli Ford og einnig komu franskir vörubílar við sögu líkt og bíll Tungubræðra. Þessir bílar voru mjög einfaldir að allri gerð og pallurinn var ekki með neinni lyftu svo beita þurfti vogaraflinu þegar sturtað var af pallinum.

Ingimar var í hópi þeirra sem fyrstir fengu vörubíla á Ísafirði og var því nánast sjálfskipaður til forystu í hópi vörubílstjóra á þeim tíma. Margir þeirra voru lengst af á vörubílastöðinni á Ísafirði eftir að hún var stofnuð um miðja öldina.

*Elísabet Jónsdóttir og Halldór M. Ólafsson að heimili þeirra að Flatahrauni 16 A í Hafnarfirði. Ljósmynd Hörður Kristjánsson.*

Þar voru m.a. Einar Guðlaugsson, Jens Steindórsson, Kristmundur B. Bjarnason, eða Bubbi Bjarna eins og hann var títt nefndur. Þá var einnig Kristmundur Gíslason, Jónas Guðbjörnsson eða Jónas á Hafrafelli eins og hann var kallaður. Þar var líka Hólmberg Gíslason (Húbbi), Þorsteinn Jóakimsson, Ólafur Halldórsson eða Óli Hall sem var með afbrigðum hress og glettinn í samskiptum og Baldur Sigurlaugsson. Baldur var líkt og Ingimar Ólafsson með ýmis önnur járn í eldinum í tengslum við vörubílaaksturinn. Ingimar var með ámoksturstraktor, en Baldur var lengi með stóran og mikinn bílakrana. Með honum gróf hann m.a. fyrir grunnum húsa með mikilli dragskóflu sem hann slöngvaði af mikilli kúnst út frá krananum og dró síðan eftir jörðinni til baka fulla af mold. Einn slíkan grunn gróf hann m.a. fyrir Marías Þ. Guðmundsson þegar hann byggði við Miðtúnið á Ísafirði, en þar var afar djúpt niður á fast.

Ásmundur Benediktsson var líka í hópi þessara frumkvöðla og

*Halli á splunkunýjum Chevrolet '46 á leið til Ísafjarðar.*

einnig má nefna Ólaf Guðmundsson og Hörð Ingólfsson, sem var einnig mikið með kranabíla.

Pétur Guðni Einarsson og Ármann Leifsson, vörubílstjórar úr Bolungarvík, voru einnig um tíma á vörubílastöðinni á Ísafirði. Landlægur hrepparígur milli Ísfirðinga og Bolvíkinga olli því þó að talsverð tortryggni mun hafa ríkt í þeirra garð. Töldu sumir Ísfirðinganna hættu á að Bolvíkingarnir myndu reyna að sölsa undir sig markaðinn á Ísafirði, enda voru Víkararnir með öfluga bíla. Bolvíkingarnir héldust þó ekki lengi við á stöðinni á Ísafirði og hófu sjálfir sjálfstæðan rekstur í Bolunarvík, enda orðin þar næg atvinna, Pétur Guðni var með vörubílaútgerð og Ármann lengst af með öfluga útgerð flutningabíla.

Þetta gilti reyndar líka um tíma gagnvart bílstjórum víðar að sem reyndu að fá inni á stöðinni á Ísafirði. Þannig var m.a. seinna, eða á áttunda áratugnum um bílstjóra úr Súðavík sem fengu þó inni á endanum. Þar áttu m.a. í hlut Magnús Þorgilsson (sem sjálfur hefur stoltur kennt sig við Gilla kropp eins og pabbi hans var oft nefndur). Þótti sumum þetta nokkuð skondin togstreita á köflum þar sem Magnús var t.d. í raun Ísfirðingur, en hann ók á breskum Bedford vörubíl.

Bar ekki síst á þessum ríg þegar

*Billinn var ferjaður á gamla Fagranesinu úr innanverðu Ísafjarðardjúpi til Ísafjarðar, enda enginn Djúpvegur kominn á þeim tíma.*

*Chevrolettinn var til margra hluta brúkanlegur, líka á sunnudagsrúntinn með fjölskylduna. Hér er áð á Vébjarnareyri skammt utan við Arnarneshamar.*

*Gamla lifrarbræðslan í Neðsta. Þessa bræðslu rak Ólafur faðir Halla til margra ára. Þar voru líka mörkuð fyrstu spor að ævistarfi Halla sem bílstjóra. Bræðsluhúsið var rifið 1955 þegar rýma þurfti til fyrir nýju fiskvinnsluhúsi Ísfirðings.*

slegist var um verkefnin í vegagerð í Ísafjarðardjúpi og í nágrenni Ísafjarðar. Þá snerist dæmið við er Ísfirðingarnir voru farnir að keyra inni á svæðum Súðavíkurbílstjóra og Þingeyrarbílstjóra svo dæmi séu nefnd. Kom oft til orðaskipta á milli bílstjóranna við vegavinnuna, en sjaldnast leiddi það þó til stórra vandræða. Þessi hópur frækinna bílstjóra úr hópi brautryðjenda í greininni er að stórum hluta horfinn yfir móðuna miklu.

Halli fór víða um nágrenni Ísafjarðar og líka í lengri leiðangra á bílum sínum. Eitt sinn fór hann t.d. alla leið til Eskifjarðar með nót frá Netagerð Vestfjarða. Það var árið 1968. Í samfloti með honum var annar vörubílstjóri, Sigurður Gunnarsson, eða Siggi Steinu eins og hann var oftast kallaður, en hann var sonur Gunnars Sigurðssonar. Það tók þá félaga tvo daga að aka austur.

Fleiri hafa komið við sögu, eins og Jón Páll Pétursson, sem síðast bjó á Strýtu, eða Seljalandsvegi 46. Hann ók um tíma Chevrolet árgerð 1955. Agnar Jónsson á Búinu var um árabil í vörubílaakstri á Ísafirði og síðar komu þeir bræður Karl og

*Chevrolettinn við Hlíðarveg 14 sem þá var nýlega byggt. Á girðingunni er líklega dóttirin Herdís.*

*Tekið á móti bátum á höfninni. Í baksýn liggja skip við Edinborgarbryggju og Bæjarbryggjuna.*

Hannes Kristjánssynir frá Ármúla. Allt voru þetta menn sem voru að keyra í tíð Halla bílstjóra.

Margir fleiri komu líka við sögu í vörubílaakstrinum á Ísafirði um lengri og skemmri tíma sem ekki eru gerð tæmandi skil hér. Þeirra á meðal var Þórður Júlíusson sem einnig var með vörubílaútgerð á Ísafirði, þó hann hafi síðan snúið sér að mestu að rækju- og fiskvinnslu. Þá má líka nefna Halldór Geirmundsson og fleiri sem voru í vörubílaútgerð og akstri á Ísafirði fyrir og eftir miðja síðustu öld. Einnig Gunnar Pétursson sem fór síðan í samstarf um flutningabíla- og jarðýtuútgerð með Ebenezer Þórarinssyni. Oddur Pétursson, bróðir Gunnars var líka í akstri, en þó einna mest í rútuakstri auk starfa á vinnuvélum og við verkstjórn. Einnig synir Gunnars Bjarni og Sigurður. Sigurður Sveinsson frá Góustöðum var einnig í vörubílaútgerð, en sneri sér síðan alfarið að jarðýtuútgerð og útgerð Guðnýjar ÍS. Ekki mun Guðmundur bróðir hans heldur hafa verið fjarri er rætt er um vörubílaútgerð, en hann starfaði þó lengst af við rekstur Netagerðar Vestfjarða hf. sem Magni sonur hans tók síðar við. Netagerðin átti líka vörubíla til síns brúks og einn merkilegan hálfkassabíl átti Netagerðin, sem var sambland af rútu og vörubíl með stuttum palli. Veturliði Veturliðason á Úlfsá, fetaði svipaðar slóðir, gerði út bíla og var með um tíma mjög öfluga jarðýtu- og vinnuvélaútgerð með sonum sínum, Gunnari, Veturliða, Stefáni og Jóni. Þá rak Veturliði meira að segja BP bensínstöð um skeið við verkstæði fyrirtækisins við Brautarholt fyrir botni Skutlsfjarðar.

Í kringum frystihúsin voru líka margir bílstjórar í gegnum tíðina. Hjá Norðurtanganum var trúlega

*Ís sturtað af nýjum Chevrolet Halla af árgerð 1956 um borð í annan af tveim nýsköpunartogurum Ísfirðinga.*

fyrstur Guðmundur E. Guðmundsson, eða Gvendur Ketu eins og hann var títt nefndur er hann var gjarnan kenndur við Ketilríði móður sína. Hann ók gömlum vörubíl sem ekki er alveg ljóst hverrar gerðar var, en líklega amerískur Studebaker. Jón Eggertsson kom síðan líka inn í aksturinn á móti honum. Þá var Viktor Guðbjörnsson, bróðir Jónasar vörubílstjóra frá Hafrafelli, einnig hjá Norðurtanganum. Þar var líka um tíma Bjarni Friðþjófsson og Hreinn Jónsson. Guðbjartur K. Guðbjartsson ók lengi hjá Norðurtanganum og einnig hjá Ísfirðingi hf. meðan það fyrirtæki var og hét. Matthías Vilhjálmsson ók bæði fyrir Norðurtangann og Íshúsfélag Ísfirðinga. Þá ók Óskar Hálfdánarson líka fyrir Norðurtangann og trúlega einhverjir fleiri.

Hjá Íshúsfélagi Ísfirðinga ók líka lengi framanaf Andrés Tryggvi Jónsson á vörubílnum Í-313 sem enn er til á Ísafirði. Það er Chevrolet ´46, grænn að lit, sem hann notaði meðan hann hafði heilsu til við búskap á Hlíðarenda. Kristján J.M. Jónsson, bróðir Andrésar tók síðar við akstri hjá Íshúsfélaginu til fjölda ára. Guðmundur Ingibjartsson ók lengi fyrir Íshúsfélag Ísfirðinga, eða allt þar til hann lést langt um aldur fram. Kristinn Haraldsson, eða Dengsi lögga, ók þar líka um hríð líkt og Andrés Jóhannsson og Jens Magnfreðsson.

Ekki má heldur gleyma ýmsum

*Fjölskyldan á Hlíðarveginum. Frá vinstri er Guðrún Halldórsdóttir, þá Elísabet Jónsdóttir, Herdís Björns Halldórsdóttir, Halldór M. Ólafsson og Ólafur Ágúst Halldórsson. Þau Guðrún og Ólafur eru nú búsett í Noregi.*

*Margir þekktir ísfirskir bílstjórar á Meiraprófsnámskeiði á Ísafirði 1948.*

*Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska Ísfirðingum farsældar á nýja árinu*

G. E. Sæmundsson ehf.
Sindragötu 14, 400 Ísafjörður, sími 456 3047

Ferðaþjónusta
Margrétar og Guðna ehf.
Mánagata 5, 400 Ísafjörður, Sími 456 4146 og 893 5314

ÍSFANG hf.
Suðurgötu, 400 Ísafirði,
sími: 456 3366, fax: 456 4468

VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF
Hafnarstræti 1 • Ísafirði • sími 456 3164

V. V. Hárskeri
Hafnarstræti 11 • 400 Ísafirði • Sími: 456 3040

Jón Viðar Arnórsson
Tannlæknir
Skólavörðustíg 14 • 101 Reykjavík

FURUNO-umboðið
Brimrún hf.
Hólmaslóð 4 • 101 Reykjavík
Sími 561 0160

Mjólkursamlag Ísfirðinga
Mjólkurstöðin Wardstúni • Ísafirði • Sími 456 3251

HAFNARBAKKI
**Saltsala**
Hafnarfirði
Sími 565 2733

Vestfiskur ehf.
Hnífsdalsvegi 29 • 400 Ísafirði • Sími: 456 5450

Tannlæknastofa
Jóns Björns Sigtryggssonar
Tjarnargötu 2 • 230 Keflavík • Sími: 421 5615

ÍSLANDSBANKI
**Ísafjörður**
Hafnarstræti 1
Sími 456 3744

KRÍLIÐ - Sindragötu 6, Ísafirði
Sími: 456 3556 • Nætursala um helgar
Opið allan daginn alla daga • Verið ávallt velkominn

ÁLFABORG hf
Súðavogi 6 • Reykjavík • Sími: 568 6755

FISKVINNSLAN KAMBUR ehf
Hafnarbakka – 425 Flateyri
Sími 456 7700

PÓLLINN HF.
Verslun ☎ 456 3092

HÚSGAGNALOFTIÐ
Ljóninu • Skeiði • Ísafirði • Sími: 456 4566

Bílatangi ehf.
Suðurgötu 9, 400 Ísafjörður, sími: 456 3800

sem höfðu vörubíla á sínum snærum, eins og fiskimjölsverksmiðjuna Víking á Torfnesi. Skipasmíðastöð Marselíusar Bernharðssonar átti nokkra vörubíla um tíðina sem voru m.a. aflóga bílar sem skildir voru eftir af Bandaríkjaher í Aðalvík. Þar var meðal annars 10 hjóla trukkur með krana á pallinum af REO Studebaker gerð. Þetta var mikið tryllitæki með öfluga bensínvél sem var hinn mesti bensínhákur og var bíllinn jafnan kallaður Tarzan. Annan svipaðan bíl eignaðist stöðin líka af sömu gerð, en með palli. Þá eignaðist stöðin GMC vörubíla sem sett var á kranabóma og spil að framan. Högni Marselíusson var mest með þessa bíla auk Guðmundar bróður síns og annarra starfsmanna stöðvarinnar. Voru þeir notaðir við ýmis verkefni á Ísafirði og nágrenni, m.a. við byggingu fjarskiptamiðstöðvar á Þverfjalli á sjöunda áratugnum.

*Á leið til Eskifjarðar með nót frá Netagerð Vestfjarða 1968. Í samfloti með Halla var annar vörubílstjóri, Sigurður Gunnarsson, eða Siggi Steinu eins og hann var oftast kallaður. Hér má sjá bílana þegar áð var á leiðinni. Á myndinni er Sigurður, flott klæddur og með bindi að sjálfsögðu, þá Steinunn systir hans og Elísabet Jónsdóttir lengst til hægri. Halli er hins vegar á bak við myndavélina.*

## Lifrarsöfnun fyrir bræðsluna í Neðsta

Upphafið að vörubílaakstri Halla má rekja til lifrarbræðslu sem faðir hans, Óli bræðslumaður, var með niðri í Neðsta allt þar til hún var rifin um 1955 þegar byrjað var að byggja Isfirðingshúsið. Bræðslan var háð því að safna saman lifur frá fiskverkendum á Eyrinni og utan úr Hnífsdal. Hafði Ólafur tekið að sér bræðsluna upp á akkorð og fékk hann vissa upphæð greidda fyrir hvert lýsisfat sem út úr bræðslunni kom. Til þessarar starfsemi þurfti bíl ef vel átti að vera, enda ekki heiglum hent að flytja 50 lítra lifrarbala í bræðsluna með öðru móti. Ekki var mikið um bíla á Ísafirði fyrir miðja síðustu öld og helst að til verksins fengist vörubíll einn af Ford gerð sem Ingólfur Magnússon, sem kallaður var „Ingólfur Gússeman," keyrði þá oftast og einnig til skiptis við Einar Gunnlaugsson. Bíllinn þótti erfiður og ekki sérlega gangviss og tafði oft mjög fyrir lifrarsöfnuninni. Kosturinn við hann hins vegar var sá að hann var með langan pall sem hentaði vel til að flytja lifrarbalana. Þurfti helst að vera búið að safna lifrinni saman fyrir hádegi hvern dag svo hægt væri að klára að bræða á skikkanlegum tíma. Vandræði með að fá bíla þegar á þurfti að halda leiddi þó oft til þess að bræðslukarlarnir þurftu að vinna langt fram á kvöld til að klára sitt verk. Vegna þessara vandkvæða kom til tals að kaupa vörubíl sem nota mætti til að safna saman lifrinni og þá yrði bílstjórinn jafnan við höndina. Bílstjórinn sem til þess var valinn var einmitt Halldór Ólafsson sem fór þá að læra á bíl. Fyrsti bíllinn sem Halli fékk í hendur var einmitt þessi sami Ford árgerð 1942. Bíllinn hafði bilað og fékk Halli Óla Þor-

*Bílar félaganna í Bjarkalundi. Eitthvað hefur Siggi þurft að líta á vélina í Fordinum og hinn stolti Cevrolet eigandi þá notað tækifærið til að smella af þessari mynd. Þetta mun hafa verið í einni af mörgum skemmtiferðum sem þeir félagar fóru á bílum sínum.*

*Andrésarbíllinn Í-313 við túnið að Fossum í Engidal. Þessi bíll er enn til á Ísafirði.*

bergsson til að hjálpa sér við að koma honum í gang. Hann fór síðan í gang, sama dag og dóttirin Herdís fæddist 1. júlí 1942. Þá var líka verið að reisa hús fjölskyldunnar að Hlíðarvegi 14. Herdís lærði síðar að aka þegar hún hafði aldur til og kenndi Halli henni á Chevrolet árgerð 1956.

„Hann hrökk í gang í fyrsta starti og eftir það gekk hann alltaf eins og klukka," sagði Halli og ekki var laust við að glampi kæmi í augu hans þegar hann minntist þessara liðnu tíma. - „Við notuðum bílinn alltaf til að keyra lifrinni í hús. Það þurfti að smala henni í kringum alla Eyrina og keyra heim í bræðslu. Þetta var því besta lausnin að við hefðum sjálfir bæði bílinn og bílstjórann á okkar vegum. Mér líkaði keyrslan ágætlega og ég fékk ágætis vinnu á bílinn hjá hinum og þessum sem þekktu mig. Það voru ekki margir að keyra vörubíla á Ísafirði á þeim tíma. Ég var nú litinn hálfgerðu hornauga af öðrum bílstjórum í bænum sem þótti lifrarbíllinn vera að taka frá þeim verkefni. Þetta gekk samt ágætlega og ég þótti laginn við að keyra og var því oft fenginn til að keyra þar sem aðrir treystu sér ekki til. Þetta hljómar nú kannski sem svolítið grobb í mér, en svona var þetta nú samt."

Þegar svo var komið var framtíð Halla ráðin og hélt hann starfinu áfram sem vörubílstjóri fram til 1981

*Ámoksturskófla Vegagerðar ríkisins mokar möl á bílinn hjá Halla á leirunum við Flugvöllinn. Við stjórnvölinn á vélskóflunni hefur þarna líklega verið Jón Kristjánsson. Púkarnir á Ísafirði fengu oft að sitja í hjá velviljuðum vörubílstjórum þegar ekið var með möl í ofaníburð á göturnar.*

*Hér er mokað á Chevrolettinn hans Bubba Bjarna sem var af sömu árgerð og bíll Halla. Þessi mynd er sennilega tekin í malarnámu rétt innan við Dvergastein í Álftafirði.*

er hann varð að hætta að keyra sökum hjartaáfalls sem hann fékk. Eftir það vann hann um tíma hjá Orkubúi Vestfjarða við mælaálestur, þar til hann flutti alfarinn til Hafnarfjarðar ásamt Elísabetu konu sinni.

### Fékk lán fyrir fyrsta Chevrolettinum

„Árið 1946 var leyfður innflutningur á bílum enda mikill gjaldeyrir til í landinu og þá keypti ég mér vörubíl. Það var mikið til Rögnvaldi Jónssyni að þakka sem hjálpaði mér við að komast yfir hann enda kostaði bíllinn mikla peninga að mér fannst. Hann lánaði mér fyrir bílnum."

Eftir að gengið hafði verið frá kaupunum ók Halli bílnum eins langt landveg og hægt var frá Reykjavík í Ísafjarðardjúp. Þar var bíllinn hífður um borð í gamla Fagranesið sem sigldi með hann lokaspölinn til Ísafjarðar.

„Við keyptum þá allir eins bíla, Kristmundur B. Bjarnason, Kristmundur Gíslason og ég. Þetta gekk vel og við gátum hjálpast að ef eitthvað bilaði, en það var sjaldan að það gerðist. Það var ekki eins vandasamt að gera við og viðhalda Chevrolettinum og Fordinum. Vélin í Ford var útafliggjandi, en í Chevrolet var 6 cylindra upprétt línuvél. Við komumst undir eins upp á lagið með að gera við ef eitthvað bilaði enda vorum við alltaf að grúska í þessu. Það var helst að

*Hér er mokað hörpuðu efni á Bensann hans Halla. Á-moksturstækið er Bröyt vélskófla Vegagerðarinnar af norskri gerð. Þessar vélar voru afkastamiklar, en voru ekki með drifi á hjólum heldur drógu sig áfram á skóflunni þegar færa þurfti þær úr stað. Stjórnendur þessarar vélar voru nokkrir, en þar má nefna Jóhann Guðmundsson (son Guðmundar kokks og Láru), Pétur Þórðarson, Indriða Kristjánsson og Stefán Símonarson.*

*Hér er Bröyt skóflan að moka á hjá Halla að öllum líkindum í malarnámunni utan við þorpið í Bolungarvík.*

*Fyrsti Bensinn hans Halla hífður í land úr flutningaskipi Sambandsins á Ísafirði.*

*Það var oft gott hlass á bílunum eins og þessi olíutankur sýnir vel. Þarna hefur Halli lagt bílnum á planinu ofan við Hlíðarveg 14 á meðan hann hefur skroppið inn til Betu sinnar að fá sér í gogginn. Barnaheimilið í baksýn.*

kveikjan væri svolítið að stríða okkur, en hún vildi flýta sér. Annars var Chevrolettinn svakalega þægur bíll og gangvissari en Fordinn. Það þurfti ekki nema smá bleytu til að stoppa Fordinn, en Chevrolettinn gekk alltaf í hvernig veðri sem var. Hvort sem það var snjókoma eða annað. Maður gat alltaf sett Chevrolettinn í gang þó húddið væri fullt af snjó að morgni og hann þurrkaði sig upp eins og skot. Þó ekki þekktist vökvastýri á þessum tíma var Chevrolettinn alltaf lipur og léttur í stýri.

Ég smíðaði sjálfur pallinn á þennan bíl og fékk vinkiljárn inni í slipp til að móta pallinn. Ég fékk karlana í slippnum til að sjóða á pallgrindina þverbita og boraði þetta síðan allt saman sjálfur og lagaði. Það komu þverbitar ofan á kjálkana og ofan á pallinn kom hlífðardekk langsum úr tré sem maður skipti um þegar það var orðið uppslitið. Það hafði ekki verið smíðaður pallur á bíl á Ísafirði fyrr en ég gerði þetta. Í kjölfarið fóru menn að smíða pallana sjálfir, enda hefði kostað mikla peninga að fá menn til að smíða slíka vörubílspalla fyrir sig og ekkert nema vitleysa.“

Halli segir að í akstrinum hafi gilt að vera ekki með neinn þjösnaskap. Minnist hann þess t.d. þegar sækja þurfti sand niður í fjöruna við Fjarðarstrætið, þá hafi oft þurft lagni til að komast upp úr fjörunni. Margir hafi reynt að keyra þetta með því að gefa allt í botn og þá spólað bílana fasta. Hann sagðist þá hafa tekið það til ráðs að smá hjakka bílnum áfram upp kambinn hægt og rólega og þannig hafi hann náð að troða góða slóð upp úr fjörunni smátt og smátt.

*Ekki voru allar ferðir til fjár. Hér hefur ein Scanían orðið þreytt á hlassinu og lagt pallinn út á hlið.*

## Taldi nauðsyn á félagi

Árið 1948 var haldið fjölmennt meiraprófsnámskeið á Ísafirði sem Bergur Arnbjarnarson veitti forstöðu. Kennari var Vilhjálmur Jónsson, en prófdómarar voru Harald Aspelund og Hafsteinn Hannesson. Kennt var á Chevrolet vörubíl sem byggt hafði verið yfir sem rútu. Á þessu námskeiði var m.a. Halldór Ólafsson og nokkrir fleiri sem síðar stofnuðu Vörubílastjórafélag Ísafjarðar og ráku félagarnir saman vörubílastöð. Á þeim tíma voru líka margir bílstjórar með eldra próf sem gilti fyrir öll ökutæki hverju nafni sem þau nefndust. Halldór var lengi formaður félagsins.

„Ég vildi halda þessum mönnum saman þannig að hver og einn væri ekki að pota fyrir sig. Við gætum sem ein heild tekið að okkur ákveð-

VEL BÚIN HERBERGI Í
HJARTA ÍSAFJARÐAR
BÓKIÐ FERÐIR
SUMARSINS SNEMMA

HÓTEL
Ísafjörður
info@hotelisafjordur - www.hotelisafjordur.is

Íslandspóstur hf
Aðalstræti 18 • 400 Ísafjörður

Harðfiskur
frá Ísafirði
Sendi í póst-kröfu um allt land.
Litið inn eða hringið
Sími í fiskverkun 456 3250

Fiskverkun Finnboga J. Jónassonar
Túngötu 7 • 400 Ísafirði • ☎ 456 3250, 456 3705 & 854 2432

DRÁTTARBÍLL • VÖRUBÍLL • KRANABÍLL
Jón Reynir Bílasími: 852 1755
GSM.: 892 1755
Heimasími: 456 8355
Flyt allt nema fjöll!

BÍLALEIGA • DANMÖRK
International Car Rental ApS.
Ódýrir toll- og skattfrjálsir bílaleigubílar
Útvegum sumarhús frá DanCenter a.s.
Bjóðum einnig orlofshverfi og bændagistingu
Fáið sendan verðlista ☎ 456 3745

Sjallinn Café-Restaurant Bar
KRÚSIN
PIZZA 67
Ísafjarðarbíó

HG
HRAÐFRYSTIHÚSIÐ
GUNNVÖR HF.
ÍSAFIRÐI

*Hér hefur verið farið heldur tæpt á Scaníu Ísafjarðarbæjar á Seljalandsveginum. Þarna hafa menn verið að draga Bröyt gröfu bæjarins sem lagði sig snyrtilega í grasið fyrir ofan húsið hjá Maríasi Þ. Guðmundssyni.*

in verk og unnið það sjálfir. Þegar við værum t.d. að keyra möl þá mokuðum við sjálfir á bílana. Það var gert þannig framan af að við mokuðum sjálfir á með skóflum. Seinna fengum við ámoksturstæki til að hjálpa okkur við þetta. Þetta var oft helvítis puð. Við skiptum líka sjálfir um dekk og umfelguðum ef það sprakk. Það var aldrei farið á verkstæði til þess. Maður bætti bara og lagaði til heima á kvöldin ef það hafði sprungið, en maður var venjulega með eitt varadekk."

Herdís fékk einnig vinnu hjá föður sínum eftir að Vörubílastöðin var opnuð, en Halli var þar formaður. Þótti sumum hinna bílstjóranna þetta vart við hæfi og töldu ugglaust hættu á að stúlkan sem þá var á fermingaraldri myndi hygla pabba sínum um störf umfram aðra. Sá háttur var þá á að bílstjórarnir settu sérstaka númeraða peninga á pinna í þeirri röð sem þeir komu inn á stöðina. Gilti þá goggunarröðin þegar hringt var eftir vörubíl og sá fór fyrstur af stað sem beðið hafði lengst á pinnanum. Halli segist hafa lagt áherslu á það við Herdísi strax í upphafi að hún mætti alls ekki hygla sér þó hann væri pabbi hennar. Þar yrði heiðarleikinn að gilda. Sjálf tekur Herdís undir þetta og man vel eftir ströngum fyrirmælum um að gera þetta allt rétt. Hún segist því alltaf hafa farið eftir númerunum.

## Chevrolettarnir voru betri

Halli segir að framanaf hafi verið erfitt að fá varahluti í gömlu bílana. Þegar Nýbyggingarráð ríkisins stóð fyrir innflutningi á vörubílum 1946 var mikið flutt inn af Chevrolet eins og Halli gat hér um að framan. Þá lagaðist ástandið mikið varðandi varahluti auk þess sem bílarnir voru betri en áður. Seinna eignaðist Halli annan Chevrolet árgerð 1956, en þessir bílar sem að framan eru taldir voru allir með bensínvélum. Innflutningur á þeim bíl var líkt og í fyrra skiptið háður duttlungum stjórnvalda enda gegnsýrði haftakerfið allan innflutning. Þá fengu þeir líka bíla Kristmundur B. Bjarnason og Kristmundur Gíslason en Ketill kaupfélagsstjóri hafði hringt í þá um leið og heimilaður hafði verið innflutningur á bílum. Þessi innflutningur var upphafið að svokallaðri helmingaskiptareglu Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks sem enn er talað um. Þannig var að helmingurinn af þeim bílainnflutningi sem heimilaður var féll í hlut Sambandsins og kaupfélaganna, en hinn helmingurinn fór til svokallaðrar frjálsrar verslunar í landinu. Í þetta skiptið fengu bæði Ísfirðingur og Hraðfrystihúsið í Hnífsdal allra náðarsamlegast að kaupa úr frjálsa pakkanum einn vörubíl hvort fyrirtæki af Chevrolet gerð. Var fyrirtækjunum formlega tilkynnt um þessa heimild með bréfi og hét það að bílarnir væru keyptir á frjálsum markaði.

Það er svo á sjöunda áratugnum sem Halli fær sinn fyrsta Mercedes Benz vörubíl, eða árið 1963, og var hann með dísilvél. Um það leyti

*Bröyt gröfurnar voru dregnar á milli staða á vörubílum og var skóflan þá boltuð í pallinn. Ekki voru þó allir vörubílar útbúnir fyrir slíkan drátt og sumum bílstjórum lítt um slíkt gefið. Hér hefur Halli lent í vanda með Bröyt Vegagerðarinnar á leiðinni upp á Breiðadalsheiði.*

voru menn óðum að skipta út gömlu bensínbílunum, enda eyðslufrekir og dýrir í rekstri. Margir voru á Bens, en líka voru aðrar gerðir eins og sænsku Scaníurnar hjá Jónasi Guðbjörnssyni og fleirum. Þessir bílar þóttu mikil tæki á þeim tíma, en þeir voru með einni hásingu að aftan á tvöföldum hjólum. Nú til dags þyldu þeir trúlega illa samanburðinn við 10 eða 20 hjóla „trailera“ sem eru í raun dráttarbílar með stóran aftanívagn og taka farm á við tíu Chevroletta af gömlu gerðinni eða fleiri.

Halli segir að einna ónotalegustu ferðirnar hafi verið um Óshlíð og líka stundum um Súðavíkurhlíð. Mikið var um hrun á Óshlíðinni sérstaklega og þurfti oft að sæta færis sérstaklega á fyrstu árunum sem vegurinn var opinn, enda var hann hvorki beinn né breiður og hátt fall niður í fjöru. Halli segir mikið lán hafa verið yfir sér oft á tíðum. Á vetrum reyndi hann að lesa í fjallið og áttaði sig á að þegar smá snjókögglar fóru að hrynja fyrir framan hann, þá mátti telja nærri víst að stórt snjóflóð kæmi á eftir. Hann segir að það hafi oft verið mikil spenna í loftinu þegar taka þurfti ákvörðun um það á augabragði hvort gefa ætti í eða stoppa til að sleppa við flóðið. Hann segist því oft hafa haft beyg af þessum ferðum þó hann léti sig nú hafa það.

Einu sinni fékk hann þó stein á græna Benz bílinn sinn Í-210 á Súðavíkurhlíðinni. Það var undir lok vörubílaútgerðar Halla í kringum 1978 eða svo. Halli sem var þekktur fyrir að halda bílum sínum hreinum og vel til höfðum skammaðist sín þá mikið fyrir að þurfa að aka bílnum löskuðum til Ísafjarðar. Þegar hann kom heim á Hlíðarveginn passaði hann sig því að leggja bílnum þannig að skemmda hliðin sneri að hlíðinni svo enginn sæi ljótleikann.

Elísabet Jónsdóttir konan hans, eða Beta eins og flestir þekkja hana, segir að hann hafi þó ekki verið hræddari en svo að aka um Óshlíðina að eitt sinn hafi hann boðið sér með út í Vík í eina ferðina að sækja fisk í kolvitlausu veðri um hánótt. Hún sagði að þetta hafi í raun verið fífldirfska, enda áhættan mikil og börnin skilin eftir heima á meðan.

Einstaka sinnum fóru menn sér til skemmtunar þessa leið og minnast mæðgurnar þess að hafa eitt sinn farið að sjá kvikmyndina Brúin yfir Kwai fljótið í Félagsheimilinu í Bolungarvík. Þótti það mikil upplifun og voru Bolvíkingar á þeim tíma komnir með mikið flottari sýningargræjur en Ísfirðingar með breiðtjaldi og öllu saman. Það var svo sem ekki mikið við að vera á Ísafirði á þessum árum og mikil tilbreyting var það t.d. fyrir krakkana að fá að sitja á pallinum hjá Halla út í Arnarnes í góðu veðri á sunnudögum þar sem gjarnan hafi verið áð við Arnarnesvitann.

Halli kom víða við í akstrinum í gegnum tíðina og var m.a. að vinna við akstur fyrir bandaríska herinn á Straumnesfjalli. Var hann fenginn til þess þar sem hann var vanur að keyra fjallvegi og við erfiðar aðstæður. Segir Herdís dóttir hans að það hafi um margt verið ágætur tími í minningunni, en það var nánast í einu skiptin sem pylsur og dósabollur voru á borðum á Hlíðarvegi 14. Slíku fæði var Halli nefnilega lítt hrifinn af og sagði það ekki vera mat.

*-HKr.*

Bragi Einarsson 2003

## LÍFSKLUKKAN

Lífsklukkan tifar og telur mín spor,
hún telur daga og nætur,
telur hvert sumar, vetur og vor
og veit mínar dýpstu rætur.

Hún þekkir í grunn hvern dag sem fer,
hvað lífið gaf mér og tók.
Og hverja þá rún sem rituð er
og rist er á lífsins bók.

Lífsklukkan skilur allt lífsins mál,
um líf mitt stendur hún vörð,
er vitund míns hjarta og vakir í sál
og veit mínar stundir á jörð.

Lífsneistann finn ég flæða enn,
í framtíð er dulinn vafi.
Líf mitt er aðfall og útsog í senn,
andblær frá tímans hafi.

*Höfundur er Ísfirðingur,*
*sem yrkir fleira en garðinn sinn EDEN*

ÍSFIRÐINGAFÉLAGIÐ • STOFNAÐ 1945 •

***Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska Ísfirðingum farsældar á nýja árinu***

Olíufélag Útvegsmanna hf.
Hafnarhúsinu, 400 Ísafjörður, sími: 456 3245

Hamraborg ehf.
Hafnarstræti 7 • 400 Ísafirði
Sími 456 3166 • Fax 456 4766

**MIÐFELL hf. rækjuverksmiðja**
Sindragötu 1 • Ísafirði • Sími: 450 4000

Kaupfélag Steingrímsfjarðar
Höfðatúni 4 • 510 Hólmavík • Sími: 455 3100
**Essó skálinn - Opið 9–23,30**

Fjórðungssamband Vestfirðinga
Árnagötu 2–4 • Ísafirði • Sími: 450 3000

EFNALAUGIN ALBERT ehf
Pollgata 4 - 400 Ísafjörður - Sími 456 4670

Vélsmiðja – Blikksmiðja
**Þristur hf.**
Sindragötu 8 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4750

Margmiðlun hf.
Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, sími: 575 7000

Þórsberg hf.
Fiskvinnsla, útgerð
Strandgötu 25 • 460 Tálknafirði • Sími: 456 2553

Bílaleiga Vestfjarða,
Ísafirði, símar: 456 4200 og 897 2628

ODDI
***Oddi hf.***
***Patreksfirði***
Eyrargötu • Sími 450 2100

ÁGÚST & FLOSI ehf
BYGGINGAVERKTAKAR
456 5500

Tæknibjónusta Vestfjarða hf
Aðalstræti 26 • 400 Ísafjörður • Sími 456 3902

Löggiltir endurskoðendur Vestfjörðum hf.
Aðalstræti 24 • 400 Ísafj. • Sími 456 4066 • Fax 456 4133

SAMBAND SPARISJÓÐA
Sparisjóður Bolungarvíkur
Aðalstræti 14 • Bolungarvík • Sími 450 7100
Aðalgötu 8 • Suðureyri

STAÐARSKÁLI
Hrútafirði • Sími 451 1150

Lífeyrissjóður Vestfirðinga
Brunngötu 7 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4233

Ísblikk ehf, blikksmiðja,
Árnagötu 1, Ísafirði, símar: 456 5550

Bókhaldsstofan Fagverk
Aldís Rögnvaldsdóttir
Bíldshöfða 18 • 110 Reykjavík • Sími: 595 0113 • fax: 595 0119

olís
Sundagörðum 2, Reykjavík
Sími: 515 1100, Fax: 515 1110

### Skíðafélag Ísafjarðar á 70 ára afmæli

# Samtvinnað sögu Skíðavikunnar

Skíðafélag Ísafjarðar á 70 ára afmæli á þessu ári og er haldið upp á það í vetur með ýmsu móti. Þó áhugi á skíðaíþróttinni færi að glæðast á Ísafirði á árunum upp úr aldamótunum 1900, þá liðu samt þrír áratugir þar til Skíðafélagið var stofnað árið 1934. Í félaginu hafa verið fjölmargir landsþekktir skíðamenn í gegnum tíðina sem hampað hafa miklum fjölda Íslandsmeistaratitla.

Skíðafélag Ísafjarðar stóð einnig fyrir ýmsum menningarviðburðum og skemmtunum fyrir almenning stofnaði m.a. til skíðaviku árið 1935 í samvinnu við Einherja. Mun það einkum hafa verið fyrir hvatningu Gunnars Andrews. Skíðavikan vakti mikla athygli og kom hópur fólks siglandi með Súðinni frá Reykjavík af þessu tilefni. Hefur sú hefð að halda skíðaviku um páska haldist síðan, með stuttum hléum þó.

Um aldamótin 1900 höfðu norskir hvalveiðimenn veiðistöðvar allvíða um Vestfirði. Margir þeirra höfðu þar vetrarvist og iðkuðu þá „skíðafar“ sér til skemmtunar og gagns. Margir Vestfirðingar lærðu af þeim kúnstina að fara á skíðum og ekki síður að búa þau til. Jón Hagalínsson í Hjarðardal í Önundarfirði smíðaði t.d. skíði í byrjun 20.aldar og eru þau með fyrstu skíðum sem Önfirðingar eignuðust. Einn stafur var notaður til að stjaka sér áfram og til að styðja sig við og stýra í rennsli. Í bröttum hlíðum var stafnum stundum stungið í klofið og setið á honum til að draga úr ferðinni. Hefðbundinn fótabúnaður voru íslenskir skór og tvennir ullarsokkar. Væri mikið frost voru skór úr steinbítsroði notaðir í stað sauðskinnsskónna. Á þeim tíma stundaði fólk á Ísafirði einkum skautahlaup á pollinum sér til skemmtunar.

Bárður Tómasson skipaverkfræðingur á Ísafirði gerði talsvert af því að smíða skíði, enda mikill hagleiksmaður. Til eru skíði eftir hann frá árunum upp úr 1930. Þau eru

*Á nýju skíðasvæði í Tungudal.*

með tájárnum með hökum fyrir skósólann og ól með smellu aftur fyrir hælinn. Þessar bindingar voru kallaðar smellubindingar eða Rex-bindingar og voru algengar allt fram til 1950. Þær þóttu einkum góðar göngubindingar. Búnaður af þessari gerð var notaður í fyrstu skíðakeppnum á Ísafirði. Skíðaskór voru úr leðri, ýmist norskir eða íslenskir. Notaðir voru sömu skór og sams konar bindingar, hvort sem menn fóru í svig eða göngu. Gönguskíðin voru venjulega heldur mjórri og léttari en svigskíðin, en í raun var munurinn óverulegur og menn ekki alltaf sammála um hvernig skíði væri best að nota.

Það var dr. Björn Bjarnason frá Viðfirði, yfirkennari við barnaskólann á Ísafirði, sem fyrstur hvatti Ísfirðinga til að leggja stund á skíðaíþróttina sér til ánægju og heilsubótar. Hafði hann forgöngu um að skólabörn væru send á skíði, en hægar gekk að kynna íþróttina fyrir hinum fullorðnu. En veturinn 1905 - 1906 pantaði Emil Strand, kaupmaður, 20 pör af skíðum og greip þá um sig mikill skíðaáhugi í bænum, jafnt hjá ungum sem öldnum. Voru skíðasvæðin einkum tvö, í hlíðinni innan við Grænagarð, og í Stórurð, þar sem hægt var að renna sér alla leið niður á ísilagðan Pollinn.

## Árvakur, Einherjar og Skíðafélagið

Skíðaáhugi minnkaði mikið á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar, en á þriðja og fjórða áratugnum lá vegur íþróttarinnar á Ísafirði aftur upp á við. Má m.a. þakka það Ungmennafélaginu Árvakri, sem Guðmundur Jónsson frá Mosdal stofnaði árið 1917. Á árunum 1932 – 1936 gekkst félagið fyrir skíðanámskeiðum og fékk norskan kennara, Helge Torvö, til starfans. Þá gaf félagið Barnaskóla Ísafjarðar 30 pör af skíðum til að efla áhuga barna á íþróttinni.

Skátafélagið Einherjar tók íþróttina einnig upp á sína arma og hóf að gangast fyrir skíðakeppnum í bænum. Varð skíðaiðkun einn aðalþátturinn í vetrarstarfi félagsins. Ein fyrsta skíðakeppnin sem heimildir eru um á Ísafirði var kappganga Einherja sem fram fór við Valhöll, hús félagsins í Tungudal. Á þessum árum var einungis keppt í göngu og stökki, en árið 1938 efndu Einherjar til svigkeppni í Stórurð til að kynna greinina fyrir

*„Er nokkuð yndislegra, leit auga þitt nokkuð fegra ...?*

Ísfirðingum og var þess ekki langt að bíða að bæjarfélagið eignaðist frækna kappa á því sviði. Margir af fremstu skíðaköppum Ísfirðinga á þessum árum komu einmitt úr röðum þeirra Einherja, m.a. fyrsti Íslandsmeistari Ísfirðinga, Magnús Kristjánsson.

## Skíðafélagið stofnað

Árið 1934 gekkst Ólafur Guðmundsson forstjóri fyrir því að stofnað var Skíðafélag Ísafjarðar. Skíðafélagið tók fljótlega að sinna keppnisfólkinu. Árið 1935 stofnaði félagið til Skíðamóts Vestfjarða og Fossavatnshlaupsins, sem enn er þreytt, þótt nokkur hlé hafi orðið af og til. Fossavatnsgangan, eins og mótið heitir nú, er ein elsta íþróttakeppni landsins sem enn er við lýði. Félagið stóð fyrir því að þegar skíðamót Íslands var haldið í annað sinn, 1939, fór það fram á Ísafirði. Þá hefur keppni um Grænagarðsbikarinn í svigi farið fram árlega allt frá árinu 1946.

Árið 1942 tók til starfa nýr skíðaskóli Skíðafélagsins og starfaði hann fram um 1955, lengst af undir stjórn Guðmundar Hallgrímssonar. Auk hefðbundinnar skíðakennslu var nemendum kennt að búa sig til fjallaferða að vetri, meðferð korts og áttavita, hleðsla snjóhúsa að grænlenskum hætti og fyrsta meðferð á kalsárum og beinbrotum.

Skíðamótin urðu til þess að auka mjög á áhuga Ísfirðinga á skíðaíþróttinni og komu flest íþróttafélög bæjarins að þessari grein á einn eða annan hátt. Auk skátafélagsins Einherja og Skíðafélags Ísafjarðar áttu knattspyrnufélögin Vestri og Hörður árum saman keppendur á skíðum og svo var einnig um Málfunda- og íþróttafélagið Ármann í Skutulsfirði. Fyrst í stað sendi hvert félag fyrir sig keppendur á mót utan Ísafjarðar, en eftir að Skíðaráð Ísafjarðar var stofnað í árslok 1944 kepptu allir Ísfirðingar undir merkjum ráðsins utan héraðs. Eftir sem áður keppti hver fyrir sitt félag á innanhéraðsmótum. Í dag keppa hins vegar allir skíðamenn byggðarlagsins undir merkjum Skíðafélags Ísfirðinga.

Ísfirðingar hafa í gegnum tíðina verið afar sigursælir í skíðaíþróttinni. Íslandsmeistaratitlar í flokki fullorðinna eru orðnir hátt í tvö hundruð, auk óteljandi titla í flokkum unglinga og öldunga. Þá hafa 18 Ísfirðingar verið fulltrúar Íslands á Ólympíuleikum og hefur Ísafjörður átt fulltrúa á öllum vetrarleikum að frátöldum fyrstu leikunum í St. Moritz og leikunum í Sapporo í Japan, þegar enginn Íslendingur var sendur til keppni.

## Skíðheimar

Í byrjun síðustu aldar voru skíðasvæðin á Ísafirði einkum tvö. Eins og fyrr segir var það annars vegar hlíðin fyrir innan Grænagarð en hins vegar var það Stórurðin þar sem hægt var að renna sér alla leið niður á ísi lagðan Pollinn. Þegar kom fram á þriðja áratuginn fóru menn svo að gefa Seljalandsdalnum meiri gaum. Þeir Ólafur Guðmundsson og Aðalsteinn Jónsson könnuðu aðstæður þar rækilega og komust að því að dalurinn væri afburðargott skíðaland. Sumarið 1928 reistu þeir fyrsta skíðaskálann þar, en hann brann þremur árum síðar. Var þá strax reistur nýr skáli og hlaut hann nafnið Skíðheimar. Eftir að Skíðafélag Ísafjarðar var stofnað, fékk félagið umráðarétt yfir Seljalandsdal sem gerður var að miðstöð skíðaíþróttarinnar í bænum.

Fyrstu árin þurfti skíðafólk að fara fótgangandi upp á Seljalandsdal, en á árunum 1938 - 1939 var lagður þangað akvegur og 1939 lét Skíðafélagið byggja nýjan skála úr timbri. Stóð hann allt til ársins 1953 er hann eyðilagðist í snjóflóði. Hann stóð nánast beint fyrir neðan endastöð skíðalyftunnar sem eyðilagðist í snjóflóðinu 1994. Árið 1953 var enn byggt nýtt hús nokkru nær sjálfum Seljalandsmúlanum en fyrri skálar og hlaut hann nafnið Skíðheimar. Var hann steinsteyptur og stendur enn þann dag í dag. Þessi skáli var þungamiðja Skíðavikunnar á Ísafirði um árabil.

## Harðarskálinn

Fleiri skálar voru byggðir á Seljalandsdal. Skíðadeild knattspyrnufélagsins Harðar var stofnuð 1946. Var ákveðið á fyrsta fundinum undir forystu Daníels Sigmundssonar 1. formanns skíðadeildarinnar að byggja skála. Var hann síðan reistur á árunum 1946-1947 mun vestar á dalnum en skálar Skíðafélagsins. Var það á flöt fyrir ofan og innan svokallaðar Kvennabrekkur. Er flötinn sem skálinn stóð á nú nefnd Harðarskálaflöt. Ástæðan fyrir þessu staðarvali var í raun rígur á milli félaga í bænum. Skíðafélagið var nánast með einkaleyfi á umsvifum á Seljalandsdal. Þetta voru margir Eyrhreppingar ósáttir við og því tilbúnir að styðja viðleitni

annarra félaga. Halldór bóndi í Tungu, faðir þeirra Tungubræðra, Sigurjóns og Bjarna, tók sig þá til og sótti um leyfi til að byggja skála í landi Eyrarhrepps innan við Buná. Þetta leyfi mun Halldór að sögn kunnugra síðan hafa framselt Harðverjum sem byggðu síðan sinn skála nánast á landamærunum rétt við vesturbakka Bunár. Var skálinn síðan um áratugi nýttur í útilegur félagsmanna og sem aðstaða fyrir skíðagöngumenn. Hann kom einnig talsvert við sögu varðandi veitingasölu og aðstöðu fyrir skíðagöngufólk á Skíðavikum á árunum í kringum 1970. Harðarskálinn var síðan fluttur á áttunda áratugnum og nýttur m.a. sem markhús við enda svigbrauta í brekkunni ofan við Skíðheima. Skálinn gjöreyðilagðist síðan eins og fleiri mannvirki í fjallinu í snjóflóðinu vorið 1994.

Harðverjar gerðu fleira og settu m.a upp fyrstu skíðalyftuna á Dalnum um 1952. Það var toglyfta sem dró skíðamenn upp á Gullhólinn ofan við Harðarskálann. Hún var knúinn áfram af V-8 Fordmótor. Stálvír var hafður til að draga skíðamennina upp.

Fleiri félög reistu skála þó ekki væru þeir á Seljalandsdal. Þar má m.a. nefna Málfunda- og íþróttafélagið Ármann í Skutulsfirði sem átti allsérstakan skála á heiðinni ofan við Dagverðardal og skátarnir reistu líka skála neðar í dalnum.

## Skíðamót Íslands

Árið 1939 var Skíðamót Íslands haldið í annað sinn, en Siglfirðingar höfðu riðið á vaðið árið áður. Nú var komið að Ísfirðingum að vera gestgjafar og var mótinu valinn staður á Seljalandsdal, en Skíðafélag Ísafjarðar sá um alla framkvæmd mótsins. Bæjarbúar sýndu mótinu mikinn áhuga og boðið var upp á bílferðir upp á Dal á hálftíma fresti frá 9 á morgnana til kl. 18. Keppendur hældu líka aðstæðum á Seljalandsdal á hvert reipi, og virtust allir jafn hrifnir, hvort sem rætt var um göngu-, stökk- eða svigbrautir Í blaðinu Vesturlandi sagði m.a.: „Sannaðist nú sem oftar, að Seljalandsdal má vel nefna paradís skíðamanna. Eru aðkomumenn-

*Snjóbrettastökk í Tungudal.*

irnir stórhrifnir af hinu ágæta skíðalandi.“

## Skíðalyftubyltingin

Skíðamenn lögðu mikið á sig við að iðka sitt sport. Tróðu brekkurnar á skíðum sínum og örkuðu upp fjallshlíðarnar með skíðin á bakinu, því engar voru lyfturnar fyrir utan tilraunir sem gerðar höfðu verið með toglyftur. Árið 1968 varð bylting í öllum aðbúnaði skíðaáhugafólks þegar tekin var í notkun rúmlega eins kílómetra löng skíðalyfta á Seljalandsdal. Veturinn 1972 var svo bætt um betur þegar „efri lyftunni“ var bætt við, en hún dró skíðamenn upp í eina af bröttustu skíðabrekkum landsins.

Mannvirki skíðasvæðisins á Seljalandsdal eyðilögðust að mestu að undanskildum Skíðheimum í snjóflóði árið 1994. Haustið 1994 og um veturinn 1995 voru reist ný lyftumannvirki innar á dalnum og tók Davíð Oddsson, forsætisráðherra, þar fyrstu skóflustunguna síðsumars 1994. Þessi mannvirki þar urðu líka snjóflóðum að bráð. Var þá farið að huga að nýjum stað til að iðka skíðaíþróttina. Fyrir valinu varð Tungudalur, næsti dalur við Seljalandsdal. Þar voru reistar tvær lyftur og skíðaskáli, og ári eftir snjóflóðið var hægt að halda þar Skíðamót Íslands með miklum glæsibrag.

Aðstaða fyrir svigskíðafólk er nú alveg horfin af Seljalandsdalnum, en aftur á móti stundar göngufólk íþrótt sína þar af miklum krafti. Mikil uppbygging hefur átt sér stað á Dalnum undanfarin misseri og öll aðstaða fyrir göngufólk, bæði almenning og keppnisfólk, stórbætt. Vegur upp á Harðarskálaflöt gerir fólki kleift að stíga beint úr bílnum á skíðin og nú skiptir ekki máli á hvaða tíma sólarhrings fólk vill ganga því öflug lýsing er á svæðinu og allir geta kveikt og slökkt á auðveldan hátt. Gamla þjónustuhúsið úr Tungudalnum er komið upp á Seljalandsdal og er orðið notkunarhæft til bráðabirgða, en áfram er unnið að því að bæta það á alla lund. Í sumar var svo hafist handa við að fjarlægja steina og börð úr brautunum og verður því starfi haldið áfram næstu sumur. Eftir slíkar aðgerðir verður hægt að troða brautir í minni snjó og minnka um leið hættu á skemmdum á snjótroðara.

Göngunefnd Skíðafélags Ísfirðinga stefnir að því aðstaðan á Seljalandsdal verði tilbúin að fullu eftir tvö ár.

ÍSFIRÐINGAFÉLAGIÐ • STOFNAÐ 1945 •

***Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska Ísfirðingum farsældar á nýja árinu***

**Flutningaþjónusta**
Flateyri • Símar: 456 7732 - 894 5732
**Önni ehf.** • Ólafstúni 6 • 425 Flateyri • Páll S. Önundarson

**ELVAR INGASON ehf.**
MÁLARAMEISTARI
Sími 561 6204 • GSM 898 2584

***Vélsmiðjan Þrymur Ísafirði***
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • s. 456 3711

Sími 456 3321 — **WM straumur hf** — Fax 456 4225

**RÖRTÆKNI HF**
PÍPULAGNAÞJÓNUSTA
☎ 456 3345, Fax 456 4099

**Prentsmiðjan ODDI hf.**

**Þorbjörn Tálkni ehf.**
Eyrarhúsum 460 Tálknafirði • Sími: 456 2692

**JOHN LINDSAY H/F**
STOFNSETT 1926
UMBOÐS OG HEILDVERSLUN

**Esso Esso Esso**

**H.S. kleinur**
Kópavogi • Símar: 554 6503 • 554 3724
**Halldóra Sölvadóttir**
**Sveinbjörn Guðjónsson**

**VERKFRÆÐISTOFA SIGURÐAR THORODDSEN HF**
Hafnarstræti 1 • Ísafirði • Sími 456 3708
www.vst.is • vstis@vst.is

***FOS Vest***
Hafnarstræti 6 • Ísafirði • Sími 456 4407

*FLUGFÉLAG ÍSLANDS*
*Ísafjarðarflugvelli*

**VÍSIR HF**
Hafnargötu 16 • Grindavík • Sími: 420 5700

**Sláturfélag Suðurlands**
Fosshálsi 1 • Reykjavík • Sími 575 6000

**Bókaverslun Jónasar Tómassonar ehf.**
Hafnarstræti 2 • Ísafirði • Sími 456 3123

**Litli klettur ehf.**
Steinslípun • Jón Ingiberg Guðmundsson
Bakkastaðir 3 • 112 Reykjavík • Sími: 699 0355

**ÍSLANDSBANKI**
Háaleitisbraut 58-60 • Reykjavík • Sími 440 4000

**Þorbjörn Fiskanes hf.**
Hafnargötu 12, 240 Grindavík, sími 420 4400

**Eden**
Hveragerði • Sími 483 4900

# Berdreymi eða hvað?

## Engu líkara en snjóflóð í Tungudal 1994 hafi birst í draumi 1957

*Snjóflóðið hörmulega í Tungudal 1994. Brak úr bústaðnum Laufási barst með flóðinu niður undir Tunguá.*

Í vor eru tíu ár liðin frá því gríðarlegt snjóflóð lagði í rúst skíðalyftur og flest önnur skíðamannvirki á Seljalandsdal og einnig þorra sumarbústaða í Skóginum í Tungudal. Þrír einstaklingar lentu í flóðinu sem féll snemma morguns annan dag páska 1994. Þrennt bjargaðist úr flóðinu en einn lét lífið. Markaði þetta flóð í raun upphaf tveggja ára skelfilegrar hörmungarsögu mannskæðra snjóflóða á Vestfjörðum.

Er þetta rifjað upp nú í tilefni þess að Vestanpóstinum barst bréf frá gömlum Ísfirðing sem búsettur er í Vestmannaeyjum, Nicholínu Rósu Magnúsdóttur, en bréfið er svohljóðandi:

„Veturinn 1956-´57 vann ég á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði. Komið var undir vor. All mikill snjór hafði verið um veturinn en nú hafði hlánað nokkuð og snjórinn farinn að gefa sig.

Móðir mín, Jóna Guðjónsdóttir, átti lítið sumarhús sem nefnt hafði verið Laufás innarlega í Tunguskógi. Hann var byggður 1939. Fékk hún lán hjá stjúpa sínum, Sæmundi T. Sæmundssyni (sjá „Virkir dagar“ Guðmundur G. Hagalín) fyrir byggingaverðinu. Lánið var 2000 krónur sem dugði fyrir Laufásnum og girðingunni umhverfis lóðina. Lánið borgaði Jóna með því að sulta rabarbara og gera berjasaft. Sultuna og saftina lagði hún inn í verslun Ólafs Kárasonar, en þar voru Sæmundur og amma (Guðrún Benjamínsdóttir) í viðskiptum.

Morgun einn þegar ég var í vinnu birtist Jóna á sjúkrahúsinu og vildi ná tali af mér. Var henni all brugðið. Sagði hún sig hafa dreymt slæman draum um nóttina. Þótti henni sem hún hefði farið inn í skóg og þegar að var komið var Laufás ekki á sínum stað. Er hún hafði litast um sá hún að Laufásinn var kominn niður á tún, það er að segja það, sem eftir var af honum, aðeins grindin. Bað hún mig að fara inneftir þegar ég væri búin að vinna og athuga hvort eitthvað væri að. Gerði ég það og fékk vin minn með mér.

Ekki var hægt að aka lengra en inn að Búi og ösluðum við þaðan snjóinn inn að Laufási. Hagaði

*Hjónin Hansína Einarsdóttir og Kristján Knútur Jónasson bárust með brakinu, en Kristján lést af sárum sínum.*

*Svona var bústaður Sólveigar Guðnadóttur og Ásgeirs Lýðssonar útleikinn eftir flóðið. Ljósmyndir; Hörður Kristjánsson.*

þannig til að við gengum upp með norðurhlið hússins, upp fyrir bíslagið og upp stétt sem var ofanatil við húsið. Var gengið af stéttinni inn í húsið. - Nú gaf á að líta. Stéttin var að miklu leyti hrunin inn í kjallarann. Kjallarinn var hlaðinn úr steinum sem teknir voru úr lóðinni. Trúlega ekki mjög hentugir til þessara nota. Lítið var hægt að gera við þetta fyrr en voraði og héldum við því heim á leið. Er Jóna fékk þessar fréttir taldi hún að þarna væri draumurinn kominn fram, en var það svo?

Nú líða árin. Laufás skipti um eigendur, var rifinn og nýr og fallegur Laufás reistur á sama stað. Við munum öll eftir snjóflóðinu í

Tungudal sem féll rúmlega 5 að morgni þriðjudagsins 5. apríl 1994

*Á heimili foreldra og tengdaforeldra á Hlíf eftir að hafa bjargast úr flóðinu. Talið frá vinstri: Guðni Ingibjartsson (sem nú er látinn), Ásgeir Lýðsson, Sólveig Bára Guðnadóttir og Guðrún Veturliðadóttir .*

*Afstaðan við ytri jaðar flóðsins. Bústaður Sólveigar og Ásgeirs fjær. Af 42 bústöðum sluppu tveir óskaddaðir og sést annar þeirra t.h. á myndinni.*

og þá hörmung sem þá átti sér stað. Gríðarlegt snjóflóð sem upptök átti í efstu fjallsbrún ofan við Seljalandsdal hafði sópað öllu með sér sem fyrir varð. Skíðamannvirki og 40 af 42 bústöðum í Skóginum eyðilögðust í flóðinu, þar á meðal Laufás. Rétt eins og í draumi Jónu Guðjónsdóttur flaut hluti af bústaðnum með flóðinu langt niður á tún. Þá höfðu þau hjónin Kristján Knútur Jónasson og Hansína Einarsdóttir verið sofandi í bústaðnum Laufási um nóttina. Flutu þau með brakinu og gat Hansína kallað og vakið athygli nágranna sem líka lentu í flóðinu á hvernig komið var. Þar var um að ræða hjónin Sólveigu Báru Guðnadóttur og Ásgeir Lýðsson. Sluppu þau naumlega er bústaður þeirra færðist úr stað, brotnaði og fylltist af snjó. Heyrðu þau köllin í Hansínu er þau ösluðu illa til reika út í Bræðratungu eftir hjálp. Björgunarmönnum tókst að ná Hansínu og Kristjáni og voru þau flutt á sjúkrahúsið á Ísafirði þar sem Kristján lést af meiðslum sem hann hlaut í flóðinu. Velta má fyrir sér hvort það hafi verið þetta atvik sem Jóna raunverulega sá í draumi sínum vorið 1957, eða 38 árum áður en snjóflóðið féll.

*Hér sést yfir flóðasvæðið nokkrum dögum eftir að flóðið féll. Í fjarska sést þakið af Laufási.*

*Flestir bústaðirnir eyðilögðust. Í hlíðinni fjær er annar tveggja bústaða norðan Bunár sem slapp við að lenda í flóðinu.*

*Brak úr sumarbústöðum.*

*Brak úr skíðamannvirkjum á Seljalandsdal. Fjær eru Skíðheimar sem sluppu við að lenda í flóðinu.*

*Endastaur neðri lyftunnar stóð, en illa laskaður eftir flóðið. Brak úr lyftuhúsi og öðrum mannvirkjum dreifðist víða.*

*Hafsteinn Ingólfsson og starfsmenn Ísafjarðarbæjar við hreinsunarstörf í rústum skíðamannvirkja á Seljalandsdal 1994.*

Það var 10. mars árið 1934 sem tvö börn drógu út fyrstu vinningana í Happdrætti Háskóla Íslands. Happdrættið naut strax mikilla vinsælda og þjóðin fylkti sér á bak við það markmið að byggja yfir hinn unga háskóla.

Æ síðan, í 70 ár, hefur þjóðin byggt yfir Háskóla Íslands með þátttöku sinni. Þannig hefur hún tryggt að fólk ætti kost á fjölbreyttri menntun án tillits til efnahags.

# ÞJÓÐARÁTAK Í 70 ÁR

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS 70 ÁRA

Happdrættið hefur skipt sköpum við uppbyggingu Háskóla Íslands og vinningar þess hafa orðið mörgum fjölskyldum drjúg búbót.

**Vertu með og hringdu núna í síma 800 6611 eða komdu á www.hhi.is.**

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

# Sennilega lygi, – en hitt er satt!

## – Ræða Jóns Aðalbjarnar Bjarnasonar ljósmyndara á Sólarkaffi 2003

*Jón A. Bjarnason, ljósmyndari, í essinu sínu á Sólarkaffi 2003.*

Góðir Ísfirðingar - og aðrir gestir. Yngispiltar og yndismeyjar, herrar mínir og frúr. Mér flóttamanni að vestan er falið að ávarpa ykkur hér í kvöld. - Verið velkomin.

Oft hefi ég hugsað um það eftir þessi skemmtilegu kvöld, Sólarkaffið, hafandi hlustað á hjartnæmar lýsingar fólks af dvölinni fyrir vestan: Hvers vegna fluttist þessi aragrúi af fólki að vestan, þar sem var svona yndislegt að vera?

Hver á ekki í hugarfylgsnum sínum endurminningu um Ísafjörð á frostkaldri stjörnubjartri vetrarnóttu, fullur máninn glottir niður til þín, frostið bítur í nasirnar, það marrar í snjónum í hverju skrefi, líttu inn í fjörðinn þú sérð fjöllin og dalina, allt baðað í tunglsljósi, samspil ljóss og skugga, svo heiðskírt, að það er næstum lesbjart. Yndislega fallegt. – Eða Ísafjörð í þreifandi byl og sorta, sem stendur látlaust í þrjá til fjóra daga, sér ekki fram úr augum, Skaflarnir hrannast upp á miðja húsgafla, engin birta inn um gluggana, allt fennir á bóla kaf, og svo til að kóróna allt saman, – rafmagnið fer af,- og allt verður kolbikasvart, og kalt.

Dásamlega fallegt þegar veðrinu slotar, allt hvítt, hreint og bjart, gaman hjá börnum og unglingum. Allar götur ófærar, bílar spólandi á hverju götuhorni, og bærinn iðar af lífi og fjöri og menn hamast við að moka sig út úr húsum.

En svo voru göturnar auðvitað mokaðar, og þá gátu menn farið í sunnudagsbíltúr með fjölskylduna. Út í Hnífsdal, inn á flugvöll, út í Hnífsdal, inn á flugvöll, ....út í Hnífsdal, inn á flugvöll...., og svo í kaffi um miðjan daginn hjá kunningjunum sínum, eða drukkið heitt súkkulaði með kökum á Mánakaffi hjá Kaju Häsler, og svo aftur í bíltúr, út í Hnífsdal, inn á flugvöll. – Eða út í Hnífsdal, niður á höfn, ef það var orðið lokað inn á flugvöll.

Eða um fyrstu daga sumarsins, þegar fyrst fer að hlýna, rakinn streymir upp úr jörðinni, og þokan verður eins þétt, eins og svartasta Lundúnaþoka, sér varla á milli húsa, rétt grillir í gamla Fagranesið í mistrinu við Bæjarbryggjuna, sérkennileg og dulúðug sjón, þú veist að sólin, sem við þráum að sjá, er þarna fyrir ofan og reynir að brjótast í gegn, en tekst það ekki.

Eða þegar þokan hangir niður í miðjar hlíðar dögum saman, og einasti möguleikinn, til að ná í sólar glætu, að fara í fjallgöngu eða aka upp á Seljalandsdal, lyfta sér upp fyrir þokumolluna til að baða sig í þessu guðdómlega sólskini. - Yndislegt uppi, en hráslagalegt niðri.

Er ég að segja eitthvað ljótt um Ísafjörð, staðinn sem ég elska? Nei, svo sannarlega ekki, ég er bara að segja satt, um það hvernig veðrið getur verið á norðurhjara.

Það er hlýlegri endurminningin um Ísafjörð á Jónsmessunni, þegar sólin er að síga til viðar og allt verður roða gullið, fjöllin, himininn, húsin og sjórinn. – Hvílík dýrð.

Eða á lognkyrrum degi þegar allt leikur í lyndi, og ekki bærist hár á höfði, sjórinn spegiltær, fjöllin, Gamla bæjarbryggjan, Edinborg og Companíið speglast í Pollinum, svo skýrt að ef þú horfir inn fjörðinn geturðu ekki séð hvað snýr upp og hvað niður. – Stórkostlegt listaverk gert af náttúrunni sjálfri.

Já, hvers vegna fluttist þessi aragrúi af fólki að vestan, þar sem var svona yndislegt að vera? Enginn getur svarað þessu nema fyrir sjálfan sig.

Það er talað um atgervisflótta. Hvað er það? Er það ekki að hluta til hugarburður? Ef kenningin væri rétt, þá væri Ísafjörður löngu kominn í eyði.

Er það ekki einmitt atgervisfólkið sem eftir varð fyrir vestan? Og við hin kuldaskræfurnar sem fluttum að heiman? Auðvitað höfðu

# Prófaðu PRIMUS

**PRIMUS** er ný, bragðgóð viðbót við daglegan kost íþróttafólks og þeirra sem vilja bygga líkamann markvisst upp.

**PRIMUS** er ríkur af trefjum, kalki, A- og D- vítamínum og mysupróteini, sem þykir öðrum próteinum betra til uppbyggingar á vöðvum.

**PRIMUS** fæst með jarðaberja-, vanillu- og súkkulaðibragði. Verði þér að góðu!

**MJÓLKURSAMLAG ÍSFIRÐINGA**

# PRIMUS

**Nýr seðjandi próteindrykkur sem verður fáanlegur á allra vörum**

*Heimir Már Pétursson, blaðafulltrúi Flugmálastjórnar Íslands, stjórnaði veislunni með stakri prýði.*

*Ólafur Hannibalsson, formaður Ísfirðingafélagsins, Jón Aðalbjörn Bjarnason og Heimir Már Pétursson, ásamt heiðursgestunum og systrunum frá Hlíðarenda, Margréti Jónsdóttur og Ástu Jónsdóttur sem hafa verið duglegar við að mæta á Sólarkaffið.*
*Neðst eru Gunnar Þórðarson og félagar í Guitar Islancia að taka lagið fyrir veislugesti.*

menn margar og mismunandi persónulegar ástæður til að flytja.

**Til Flórída...**

Ég veit af hverju ég flutti, en það er allt önnur saga. Hún gæti byrjað einhvern veginn svona.

Berðu mig til blómanna í birtu og yl. – Já, hvers vegna fer maður burtu?

Frá því að ég var smá drengur þráði ég sólina. Ég heillaðist af lítilli tveggja dálka auglýsingu í Mogganum, sem birtist dag eftir dag árum saman. Á auglýsingunni var mynd af sandfjöru, sólin skein í heiði, og til hliðar var pálmatré með stórum pálmablöðum sem vögguðu í andblænum, og svo stóð stórum stöfum; „TIL FLÓRÍDA LIGGUR LEIÐIN."

Ég sá fyrir mér þennan stórkostlega stað, sem virtist vera baðaður í sólskini allan ársins hring. Árum saman var þessi auglýsing í Mogganum óbreytt, aftur og aftur. Já, til Flórída liggur leiðin.

Flórída reyndist svo vera smásjoppa á Hverfisgötu 78. – Engin sól, – enginn sandur, – ekkert pálmatré. – Bara pínulítil sjoppa, og maður sem kunni að auglýsa.

Það kunnu þeir svo sem líka fyrir vestan. Á hverju vori, mátti lesa þessa bráðsnjöllu og skemmtilegu auglýsingu í Ísafjarðarblöðunum. Frá Finnbirni málara:

MÁLIÐI MEIRA! Finnbjörn málari.

Og svo seinna um sumarið.

MÁLIÐI ENNÞÁ MEIRA, – Finnbjörn málari.

**Mótorhjólið**

Ég hafði auglýst til sölu eldgamalt mótorhjól fyrir vestan, fékk engin viðbrögð. Búbbi prentari hringdi í mig og sagði: Þú kannt bara ekki að auglýsa Nonni minn. Svo smíðaði hann fyrir mig nýja auglýsingu.

TIL SÖLU SEM NÝTT, GLÆSILEGT, VEL MEÐ FARIÐ BSA MÓTORHJÓL.

– Hugsiði ykkur óskammfeilnina!

...SEM NÝTT, GLÆSILEGT, VEL MEÐ FARIÐ, BSA MÓTORHJÓL. ÞRJÁTÍU ÁRA FANTA KEYRSLA Á HOLÓTTUM VEGUM SANNA GÆÐIN.

– GREIÐIST EFTIR MINNI.

– NONNI Á HORNINU.

– ...seldist eins og skot!

—

Ónafngreindur mublusmiður er mér sagt að hafi auglýst:

Kaupið dívanana hjá mér, þeir bregðast ekki þegar mest á ríður!

Þetta mátti þá bæði fyrir vestan

# Við erum öðruvísi af því að þið eruð öðruvísi

**Hver einasti bátur, hvert einasta skip siglir sína eigin leið.** Einum hentar djúpslóð, öðrum grunnslóð en allir koma með aflann að landi. Það sama á einnig við um tryggingar skipa, báta og vinnslu. Hver og einn þarf sínar sérstöku tryggingar, útgerðin á sjó og vinnslan í landi.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar og þeir setja saman þær tryggingar sem hentar þér og þínum.

**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** · AÐALSTRÆTI 6-8 · 101 REYKJAVÍK · SÍMI 515 2000 · www.tmhf.is

*Helga Braga gerði mikla lukku með mögnuðum magadansi.*

*XXX-Rottweiler-hundar komu, sáu og sigruðu og biðu aðdáendurnir í röðum eftir að fá eiginhandaráritanir strákanna.*

og sunnan. Nú má næstum ekki neitt.

Ég átti í útistöðum við ríkisútvarpið vikum saman vegna auglýsingar sem ég vildi koma á framfæri. Hugsiði ykkur, hve glæsilega hún hljómaði:

LJÓSMYNDASTOFA KÓPAVOGS, – KÓPAVOGUR HOLLYWOOD PARÍS

– Bannað, algjörlega bannað.- Ekkert má maður!

Svo kom Sjónvarpið fyrir vestan, og göturnar tæmdust af fólki. Tilveran breyttist. Og ekkert varð eins skemmtilegt og áður.

## Sögurnar að vestan

Sögurnar að vestan eru ýmist sannar eða ósannar, og allt þar á milli. Þannig er til dæmis sagan af giftingu okkar Lilju. Sú saga flaug um bæinn, að ég hefði hitt hana

fyrir utan Bókhlöðuna á mánudegi og verið kvæntur henni á laugardegi. Þetta er ósatt, eiginlega haugalygi, ég hitti hana ekkert fyrr en á þriðjudegi. Hitt mun að vísu vera rétt að við giftum okkur á laugardegi, en sá laugardagur var ekki fyrr en þrem mánuðum seinna. Hvað eru þrír mánuðir á milli vina?

Þannig er líka sagan sem barst um alla Vestfirði, að ég hefði labbað aftan að nýja skattstjóranum á horninu hjá Bókhlöðunni. Hann var svo skratti líkur Jóel Þórðar aftan frá séð, stríðhærður, þrekinn og frekar lágur vexti, og gekk í nákvæmlega eins svörtum frakka og Jóel. Ég stóðst ekki freistinguna og greip með annarri hendinni í hálsmálið að aftan og hinni í botninn á buxunum hans og hljóp með hann þvert yfir Silfurtorg, og hossaði honum upp og niður í hverju skrefi, alla leið að Gamla Bakaríinu. – Gatan full af fólki.

Þegar ég loks stoppaði, og hann snéri sér við, sá ég að þetta var ekki Jóel. Nei, þetta var nýi skattstjórinn! – Ekkert annað hægt að gera en að flýja.

En skattarnir næsta ár, maður lifandi!

## Lokað í tíu mínútur

Hver man núna eftir miðunum. Rauðum, gulum og grænum.

Lokað í tíu mínútur, skrapp á pósthúsið! Lokað í korter, er hjá rakaranum! Svo bætti einhver gárunginn við – Lokað í korter skrapp til Flateyrar! Sem þá var í það minnsta þriggja kortera akstur aðra leiðina.

Ég var praktískur, átti fjöldann allan af miðum á lager og notaði eftir þörfum

Einn daginn vildi svo undarlega til, að allir sem komu inn á myndastofuna þann daginn brostu út að eyrum, það lá einstaklega vel á mönnum. Það var ekki fyrr en um kvöldið þegar ég var að loka, að ég uppgötvaði að einhver gárunginn hafði skrifað miða og límt á hurðina, og á honum stóð.

– KOMDU Á MORGUN ! –

Mér fannst það djörfung þegar vinur minn, Sveinbjörn Gunnarson, sonur Gunnars Sigurjónssonar setti upp auglýsingastofu hér í Reykjavík, sem heitir. – Komdu á morgun. – Það hefði enginn þorað að gera fyrir vestan.

## Ekkert logið...

Það voru fleiri en ég, sem notuðu svona miða. Oft mátti lesa í Flugfélagsglugganum: „Ekkert flogið í dag.“ Alltaf skrifað nýtt blað á hverjum degi og límt á gluggann.

Svo fékk Jón Karl þessa fínu plaststafi, sem ekkert þurfti annað en að dýfa í vatn, og raða þeim á rúðuna. – Handhægt og þægilegt.

Einn daginn þegar ekki hafði verið flogið nokkra daga, sáust þeir á harðahlaupum upp Hafnarstræti, Böðvar Sveinbjarnar eins hratt og hann gat og Jón Karl á hæla honum og hrópaði: „Komdu með effið helvítið þitt!“ – Þann daginn stóð í glugganum á Flugfélaginu. – „Ekkert logið í dag“.

Sönn eða login? Ekki veit ég það. Um manninn sem kom inn á rakarastofuna hjá Harrý Herlufsen, í hörku gaddi, enginn að bíða, hlammaði sér niður í stólinn, néri saman höndunum og sagði: Uff..., kalt maður. - Já, já, taka allt maður, sagði Harrý og renndi rafmagnsklippunum yfir þverann hausinn, og snoðaði manninn áður en hann



www.sibs.is

Rúnar Júlíusson tónlistarmaður:

„Vertu með í að byggja upp betra líf
Fáðu þér miða“

Enn fleiri njóta stuðnings til betra lífs eftir sjúkdóma og slys
Enn fleiri vinna milljónir

HÉR & NÚ / SÍA

Eitt þúsund vinningshafar
fá Þjóðsögur
Jóns Árnasonar,
eina merkustu útgáfu
íslenskrar menningarsögu

Tugir milljóna
í vinninga
í hverjum mánuði

HAPPDRÆTTI SÍBS
...fyrir lífið sjálft

Stórglæsilegt sumarhús
á eignarlóð

Tryggðu þér miða strax í síma 552 2150 eða á www.sibs.is

34.045 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 900 kr.

EUROCARD MasterCard VISA

*Meira að segja stjórn Ísfirðingafélagsins lét hafa sig í að stíga á svið og syngja.*

*Erpur Eyvindarson, Rottweilerhundur, tók Ólaf formann Hannibalsson í smá kennslustund og þetta var árangurinn.*

*Að neðan, Eyþór Hauksson og Bjarni Gunnarsson ásamt eiginkonum.*

*Valgerður Jakobsdóttir og Gunnar Pétursson.*

*Þekkja má Kolbrúnu Daníelsdóttur, Gísla Hjartarson og Sigurð Ólafsson.*

gat rönd við reist. – Sennilega lygi?

En hitt er satt, að þegar við Kristján heitinn Jónasson vorum að breyta Norðurpólnum að innan, kom Kristján frá Garðstöðum þar að skoða, hafði eitt sinn búið á Norðurpólnum. Hann labbaði um lengi og sagði, já, já, hér var keilubrautin, og hér var barinn, hérna sváfu stelpurnar, rak svo augun í mikla burðarsúlu, sem við höfðum sagað í burtu. „Nei, þetta verður að geyma á Byggðasafninu, þetta er súlan sem Knútur Danaprins hallaði sér upp að þegar hann var orðinn svo fullur að hann gat ekki staðið einn, – mikið asskoti var hann fullur maður."

Líka satt. – Að ég bað Kristján að skrifa fyrir mig stutt ágrip af sögu Norðurpólsins, sem ég ætlaði að hengja upp í húsinu. „Já, já, það er alveg sjálfsagt, alveg sjálfsagt vinur."

Klukkan hálf sex næsta morgun vöknuðu allir í húsinu við það að það var barið fast og lengi á útidyra hurðina hjá okkur Simson, ég staulaðist fram á náttfötunum, Hver stóð þá þar, nema Kristján frá Garðstöðum. Lamdi saman höndunum, og sagði: „Nei, þetta er bara ekki hægt, þetta er bara alls ekki hægt. Þetta var nefnilega einu sinni hóruhús, vertu blessaður" – og fór.

## Auðlindirnar

Hvað var erfiðast að sætta sig við fyrir vestan. Í mínum huga var það tvímælalaust hitakostnaðurinn.

Hér fyrir sunnan kostaði hvert tonn af áttatíu stiga heitu vatni, það sama og ein lítil flaska af Coke. Tíunda part af því sem það kostaði fyrir vestan. Þetta er eðlilegt, þetta eru hlunnindi Reykvíkinga, heita vatnið streymir ókeypis upp úr jörðinni, rétt eins og hver annar olíubrunnur í Kúwait. Þeir eiga þessi hlunnindi og nota þau.

*Talið frá vinstri: Dagrún Erla Ólafsdóttir, Selma Antonsdóttir, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Jónína Kristjánsdóttir og Áslaug Tulinius.*

*Ingvar Ísdal Sigurðsson og Sigrún Birgisdóttir.*

*Ísfirskir starfsmenn á Sögu sinntu gestum á Sólarkaffi af stakri lipurð. Frá vinstri: Ingi dyravörður og Nonni þjónn (Jón Jóhannsson).*

*Dýrfinna Torfadóttir, Guðjón Brjánsson, Sigurlaug Hilmarsdóttir og Ómar Torfason.*

*Fermingarsystkini af árgangi 1964 mættu með góðan hóp á Sólarkaffið.*

*Veislustjórinn Heimir Már Pétursson ásamt skólasystur.*

Kæmi nokkrum Vestfirðingi til hugar að eigna sér hluta af hitaveitu Reykjavíkur? – Nei, það væri fráleitt.

Rétt eins og bændur um allt land eiga sín tún og beitilönd, það eru þeirra hlunnindi. Dytti nokkrum Vestfirðingi til hugar að eigna sér hluta af þeirra hlunnindum? – Nei, öldungis ekki. Það væri jafn fráleitt. – Hvers vegna skyldu þá Vestfirðingar ekki fá að eiga sínar veiðilendur í friði.

Er ekki kominn tími til að draga línu úr mynni Breiðafjarðar beint í vestur. Og aðra úr miðju Húnaflóa beint í norður. Og segja; öll fiskimið innan þessara marka eru okkar hlunnindi. Hér má enginn veiða nema við.

*Guðmundur Þórðarson, smiður frá Hnífsdal, ásamt eiginkonunni Ernu Jónsdóttur (Eggertssonar).*

Að þessu takmarki ættu Vestfirðingar að vinna, og koma því inn í byggðaáætlun sína. Auðvitað fæst þetta ekki til að byrja með nema að hluta, og með löngu stríði, en ef ekki er barist fæst ekki neitt.

Kristján frá Djúpalæk samdi fyrir rúmlega hálfri öld kvæði, um íslenska þjóð, þegar honum þótti allt vera að fara til fjandans. Nú, þegar kvótakerfið er að verða búið að rústa landsbyggðinni, finnst mér að það eigi ekki síður við í dag.

Útsker í Atlantshafi,
auðnir og fjölda stóð.
Lifði þar flott á fiski
fátæk og vesöl þjóð

Áður bar hetjan hjörva,
af hyggni var dirfskan rík.
Nú klæðist heigullinn hroka
og heimskan pólitík

Já framsækna Íslendings eðlið
axlar nú brátt sín skinn
og hverfur í múghafið svarta.
Ja, mikill er andskotinn.

# Græðir sf. – Flateyri

## *Vinnuvélar • Verktakastarfsemi*

**Valdemar Jónsson • Varmadal Flateyri**

Sími 456-7652 / 893-3067 / 456-7650 • Fax: 456-7651

*Vestfirðingar, gleðilegt nýtt ár*

*Júlíus Arnarsson, Fylkir Ágústsson og Lára Haraldsdóttir.*

*Talið frá vinstri: Bjarni Jónsson, Helga Ebenezersdóttir, Pétur Bjarnason, Ebba Guðmunda Pétursdóttir, Þorgrímur Októsson, Sigurður Helgi Guðjónsson og Herdís Pétursdóttir. Standandi er Tryggvi Einarsson.*

*Þórhildur, Gugga, Ólafur, Margrét, Arnór og Kristín.*

*Frá vinstri: Lilja Sigurðardóttir, Jón A. Bjarnason, Auður Halldórsdóttir, Sigrún Halldórsdóttir og Hilmar Gunnarsson.*

*Systkinin Guðfinna, Páll og Helga Skúlabörn.*

*Bræðurnir Friðrik og Björn Björnssynir.*

*Vilhelm Annasson, skipstjóri.*

*Guðmundur M. Jónsson ásamt dóttur.*

*Bóndinn að Laugarbóli við Djúp, Ragna Aðalsteinsdóttir, mætti á Sólarkaffið ásamt Sigríði systur sinni.*

# Hvar færðu mest og best fyrir peningana þína?

**Fermingarmyndatökur**

Innifalið:

**tólf myndir** 13x18 cm tilbúnar til að gefa vinum og ættingjum, að auki **tvær** stækkanir í stærðinni 20 x 25 cm og **ein** stækkun í 30 x 40 cm **ramma**

**ÓDÝRARI**

**Ljósmyndastofa Kópavogs**
**sími 554 3020**

**Ljósmyndastofan Mynd**
**sími 565 4207**

Góa

Linda

# Ekki bara gott...

# ...heldur

# Góu gott

SÆLGÆTISGERÐIN GÓA · BÆJARHRAUNI 24 · 220 HAFNARFIRÐI · SÍMAR 555 3466 & 555 3467

**Skíðavikan 2004**

# Jafnvel algert snjóleysi verður engin afsökun

*Í sól og snjó á Eyrarfjalli.*

Skíðavika verður haldin á Ísafirði um páskana eins og svo oft áður. Þrátt fyrir að snjóleysi gerði lítið úr skíðaiðkun á síðasta ári, létu menn ekki deigan síga heldur héldu sína Skíðaviku með stóru essi sem aldrei fyrr. Menn einfaldlega höguðu seglum eftir vindi, breyttu sumum dagskrárliðum og sóttu meira að segja snjó um fjöll og firnindi og sturtuðu honum á Silfurtorgið til að redda stemningunni. Að slíkt ætti eftir að gerast í snjóabænum Ísafirði hefði líklega mátt segja mönnum tvisvar ef ekki þrisvar þegar fyrst var efnt til Skíðaviku árið 1935.

Reynslan frá því í fyrra hefur nú kennt Ísfirðingum að allt er hægt þegar að skíðavikuhaldi kemur, jafnvel þó ekkert snjói. Það verður því síður en svo slegið af um komandi páska og Skíðavikan mun breiða úr sér víða um norðanverða Vestfirði að þessu sinni í dymbilvikunni 4. til 11. apríl. Snjórinn verður þá bara aukabónus, ef hann skyldi láta sjá sig.

Senn fer að komast endanleg mynd á hátíðahöldin, en hér er smá innsýn í þá dagskrá sem í vændum er á þessari menningarhátíð og útivistarveislu. Þá má líka benda fólki á vef skíðasvæðisins á slóðinni www.isafjordur.is/ski. Hagvönum skíðagöngumönnum til glöggvunar, þá er þessi „slóð“ hvorki * Skarðsengi né * túninu við Tungu, ...það er einungis hægt að komast á hana í gegnum tölvu!

## Ferð á Drangajökul

Skíðaferð á Drangajökul. Á skírdag verður haldið í skíðaferð á Drangajökul.

Lagt verður af stað með bát fyrirtækisins Hornstranda ehf. í Bæi kl.10:00. Þaðan verður keyrt inn í botn Unaðsdals (um 5 km) þar sem vélsleðar bíða og draga fólk upp á jökul. Útsýnið verður svo sannarlega dásamað og fjallaloftið fyllir lungun. Síðan er skíðað niður í Unaðsdal og farið í alvöru sveitakaffi í Dalbæ. Allir sem geta staðið á skíðum geta komið með, hvort sem er á gönguskíðum eða svigskíðum. Munið að taka með ykkur hlý og góð föt auk nestisbita. Gert er ráð fyrir að koma til baka milli 17:00 og 18:00.

Verð: kr. 6000. Innifalið: Bátsferð, vélsleðaferð, kaffi í Dalbæ og leiðsögn.

Bókanir í síma: 895 1190 eða 869 7557. Þessi ferð ræðst reyndar nokkuð af snjóalögum í Unaðsdal.

## Opnun Skíðaminjasafns

Ísfirðingar hafa eignast marga fræga kappa í gegnum tíðina, enda bærinn löngum verið mikill skíðabær. Töluvert hefur safnast af munum sem Byggðasafn Vestfjarða hefur nú ákveðið að koma fyrir í nýja skíðaskálanum í Tungudal og í

*Furðufatadagur á Skíðaviku.*

gönguskálanum á Seljalandsdal í samvinnu við Skíðafélagið og foreldrafélag skíðabarna. Þar gefur að líta sögu skíðaíþróttarinnar í máli og myndum auk muna frá þekktustu kempum Ísafjarðar í gegnum tíðina. Sýningin verður formlega opnuð kl. 13:00 á skírdag í Tungudal.

### Tvíkeppni í rennsli með sneiðingum

Tvíkeppni Byggðasafns Vestfjarða - rennsli með sneiðingum og 120 skrefa hlaup á skíðum.

Aldagömul tvíkeppni í göngu og rennsli sem endurvakin var á Skíðaviku 2001.

Fyrsta skíðakeppni á Vestfjörðum var háð í Önundarfirði árið 1909 og var keppt í tveimur greinum; rennsli með sneiðingum (eins konar forveri svigkeppninnar) og 120 skrefa hlaupi. Allir hvattir til þátttöku en virðulegur klæðnaður er áskilinn. Keppni sem vakið hefur mikla athygli! Ræst verður kl. 14:00 á föstudaginn langa.

### Skíðanótt í Tungudal

Það er kominn hefð fyrir því að á laugardeginum í Skíðavikunni sé haldin Skíðanótt í Tungudal. Þá eru kveiktir varðeldar, settir upp stökkpallar, tónlist er í fjallinu, flugeldasýning og svo auðvitað lyftunar opnar. Stefnt er að því að vera með myndasýningu sem varpað verður á vegg skíðaskálans. Allir velkomnir.

*Skíðavika fyrir nokkrum árum meðan aðalaðstaðan var á Seljalandsdal.*
*Ljósmynd HKr.*

### Páskaferð í Jökulfirði

Um páskana verður boðið uppá gönguskíða- og skemmtisiglingu í Jökulfirði. Lagt verður af stað kl. 10:00 á páskadagsmorgun, þann 20. apríl og siglt norður í Leirufjörð. Þar verða skíðagöngumenn settir í land og ganga þeir með leiðsögumanni létta gönguleið yfir í Grunnavík (3 - 4 klst). Þeir sem ekki vilja ganga á skíðum, sigla áfram með bátnum í skoðunarferð um Jökulfirði og fara á land í Grunnavík, þar sem þeir sameinast göngumönnum í kaffi, kakódrykk og meðlæti í Sútarabúð. Lagt verður af stað til Ísafjarðar um klukkan 17:00. Heildarverð, sigling, leiðsögn og veitingar er 3800 krónur á mann. Upplýsingar og bókanir í síma 456 3879 eða síma 892 1879.

### Snjófótbolti og fleira

Fótboltamenn eru margir hverjir þekktir fyrir að fara ekki á skíði. En hvers vegna ekki að njóta þá vetrarins með bolta við fæturna? Boðið verður upp á létt fótboltamót fyrir alla aldursflokka og vegleg verðlaun í boði.

Klukkan 18:00 á páskadag verður sprettganga Núps í Hafnarstrætinu. Gönguskíðasprettur sem vakti mikla athygli um síðustu páska og mikil stemning í bænum

Gert er ráð fyrir leiklistarsýningum um páskana þó enn sé ekki ljóst hvað boðið verður upp á í þetta skiptið.

Tónleikar með tilheyrandi gleði er ómissandi þáttur Skíðavikunnar. Reynt er að hafa heitustu bönd landsins hverju sinni til að spila um páskana. Síðast voru Írafár, Ber, 2 dónaleg haust, Siggi Björns, rappsveitirnar Bent&Sjöberg og Bæjarins bestu.

Furðufatadagur verður að sjálfsögðu í Tungudal enda að margra mati hápunktur Skíðavikunnar. Þá verður einnig boðið upp á grill, páskaeggjamót, skíðagöngukennslu, nammiregn og brettamót SWATCH svo eitthvað sé nefnt.

**Sr. Lára G. Oddsdóttir á Ísfirðingamessu í Áskirkju í Reykjavík 4. maí 2003:**

# Söngurinn frá hvítasunnudegi árið 1958 ómar stundum í eyrum mér

**Að venju stóð Ísfirðingafélagið í Reykjavík fyrir messuhaldi á síðastliðnu vori. Var Ísfirðingamessan að þessu sinni haldin í Áskirkju í Reykjavík klukkan tvö eftir hádegi þann 4. maí 2003 á öðrum sunnudegi eftir páska. Prestur var Ísfirðingurinn Lára G. Oddsdóttir.**

Ekki þurfti að kvarta undan aðsókninni frekar en endra nær og var einnig vel mætt í kirkjukaffi eftir messu þar sem búsettir og brottfluttir Ísfirðingar settust niður og ræddu liðna tíma.

Í messunni voru sungnir sálmarnir: Drottinn, ó, Drottinn vor (sb.6), Lofsyngið Drottni (sb.9), Hirðisraust þín, Herra blíði (sb. 161), Þinn andi Guð, til ...(sb.332), Ó, faðir gjör mig lítið ljós (sb.507).

Lára gerði sálm Matthíasar Jochumssonar, að upphafsbæn prédikunarinnar:

Ó, faðir gjör mig lítið ljós
um lífs mín stutta skeið,
til hjálpar hverjum hal og drós,
sem hefur villst af leið.

Gat Lára þess að þessi sálmur ætti sér djúpar rætur hjá flestum Ísfirðingum, einkum þegar hann er sunginn við lag Jónasar Tómassonar, eldri.

„Margir minnast stunda í Ísafjarðarkirkju við athafnir þar sem séra Sigurður Kristjánsson var fyrir altari og Jónas Tómason lék á orgelið og stýrði jafnframt kirkjukórnum. Sjálf á ég slíka minningu. Hún er frá fermingardeginum mínum.

*Sr. Lára G. Oddsdóttir.*

Meðal þess sem fólst í fermingarundirbúningnum var að æfa þennan sálm og á fermingardaginn skyldi hann sunginn. Í lok fermingarathafnarinnar tókum við fermingarbörnin okkur stöðu fyrir framan altarið og sungum undir stjórn Jónasar Ó, faðir gjör mig lítið ljós.

Mér er til efs að nokkru sinni hafi þessi fallegi sálmur heyrst sunginn meir hjáróma en einmitt þá. Strákarnir flestir í mútum, stelpurnar skrækróma og öll vorum við yfirspennt af tilefni dagsins og stressuð yfir því að standa þarna frammi fyrir fullri kirkju af fólki og syngja.

En kannski hljómaði söngur okkar sem englaraddir í eyrum foreldranna sem horfðu á þennan stóra hóp ungmenna sem skömmu áður höfðu játað trú sína og samfylgd við Jesú Krist upp við altarið.

Víst er um það að þessi sálmur hefur ekki yfirgefið mig síðan, og svo er um marga Ísfirðinga, þótt ég verði að viðurkenna að söngurinn frá hvítasunnudegi árið 1958 ómi stundum í eyrum mér.

Sálmur Matthíasar er sannkallaður trúar- og bænasálmur. Þar biður sálmaskáldið um leiðsögn á lífsins vegi, leiðsögn um það að haga lífi sínu eins og Kristur kenndi, að vera öðrum ljós á vegi, blómstur blítt, styrkur stafur, sigursálmur, það afl sem breytir nótt í dag.

Textar þessa Drottins dags, sem er 2. sd. e. páska fjalla um það að fá að vera í hjörð Drottins, fá að læra að vera öðrum það sem sálmaskáldið Matthías segir í sálmi sínum.

Frásögn guðspjallsins leiðir okkur að Galíleuvatninu. Þetta er til-

*Fjölmennt var í kaffi að lokinni messu.*

*Borð svignuðu undan hnallþórum og öðru góðgæti.*

*Guðríður Matthíasdóttir, Guðbjörg Kristjánsdóttir og Sveinbjörg Zophoniasdóttir.*

*Anna O. Helgadóttir mætti ásamt vinkonu sinni.*

*Systurnar Ingibjörg og Jóna Margrét Guðmundsdætur og tannlæknirinn Fríða Samúelsdóttir.*

*Systurnar, Bryndís og Kristín dætur Einars Þorbergssonar og Sigríðar Valdimarsdóttur..*

finningaþrunginn texti, sem kallar okkur til sín og minnir okkur á fylgdina við Krist, minnir á að við erum lærisveinarnir sem höfum tekið að okkur það hlutverk að segja hin góðu tíðindi – að flytja fagnaðarerindið áfram svo það gleymist aldrei – að tileinka okkur þau góðu, kristnu gildi í lífi okkar og starfi, svo lífsstíll okkar beri vitni þar um.

Þetta er texti um fyrirgefninguna, þá fyrirgefningu sem Jesús Kristur einn getur veitt. Þetta er textinn um það, að við erum öll tekin í faðm Jesú Krists, hvernig svo sem við erum, hversu breysk sem við erum – aðeins þegar við komum og hlýðum kallinu: „Fylg þú mér."

„Fylg þú mér og ver hirðir sauða minn," sagði Jesús við Pétur.

Hirðishugtakið er þekkt bæði í Gamla og Nýja testamentinu. En sennilega er þekktasta stefið um hirðinn í Gamla testamentinu að finna í 23. Davíðssálmi, Drottinn er minn hirðir. Sálminum sem við flest lesum þegar við förum um „hinn dimma dal" ævi okkar og finnum hughreystinguna sem skín úr orðum sálmsins og við finnum að okkur er óhætt að fela okkur í arma hirðisins góða.

Þegar við Íslendingar hugleiðum orðið hirðir, kemur vafalaust fyrst upp í hugann smalinn íslenski sem á vorin rekur hjörðina til fjalla og sækir hana síðan að hausti. Íslenski smalinn gengur á eftir hjörðinni og rekur hana heim.

Í Gamla testamentinu eru starfskyldur hirðisins m.a. fólgnar í því að finna haglendi, sjá hjörðinni fyrir vatni. Hjörðunum var safnað saman í sauðabyrgi yfir nóttina og átti vörðurinn að gæta þess að þangað kæmust ekki óargadýr. Hirðirinn var ábyrgur gagnvart eigandanum hjarðarinnar og hlutverk hans var erfitt og ábyrgðarmikið.

Hirðirinn - ísraelski - gekk á undan hjörð sinni og leiddi hana til haglendis eða til öruggs hvílustaðar. Hjörðin þekkti rödd hirðisins og fylgdi henni, þegar hann kallaði hana saman.

Í Nýja testamentinu er það Jesú sjálfur sem fær hirðishlutverkið. Hann er góði hirðirinn sem ber umhyggju fyrir sauðum sínum, allri hjörðinni og hann leitar hins týnda.

En hver var hann þessi maður sem Jesús kallaði til að vera hirði hjarðar sinnar?

Við þekkjum hann, því öll guðspjöllin hafa dregið upp af honum mynd. Hann hét Símon og var fiskimaður við Galíleuvatnið þegar fundum þeirra, hans og Jesú, bar saman í fyrstu. Þá sagði Jesús við hann, að héðan í frá skyldi hann menn veiða.

Hann varð einn af bestu vinum Jesú og sá fyrsti til að þekkja og viðurkenna Messíasarhlutverk hans. Við minnumst hans ef til vill sérstaklega vegna þess að hann afneitaði Jesú þrisvar sinnum nóttina fyrir krossfestinguna, eins og Jesús hafði sagt fyrir um.

Þessi óheflaði, búralegi og hrjúfi fiskimaður, sem líktist að eðli fremur sandinum en klettinum sem

Jesús nefndi hann eftir, átti eftir að verða leiðtogi postulanna.

Af öllum þeim manngerðum sem fram koma í Nýja testamentinu er Pétri sennilega best lýst. Manngerð hans er oftar dregin fram, ef til vill vegna stöðugra mistaka og fyrirgefningar. Honum er lýst sem miklum ákafamanni með góðar fyrirætlanir en hann sást ekki alltaf fyrir og átti stundum erfitt með að standa við hugsanir sínar og gerðir.

Í fyrstu virðist það sérkennilegt að velja hann til þess að vera „klettinn“ sem Jesús reisti kirkju sína á, en við drögum ekki dómgreind Jesú í efa.

Pétur og Andréas bróðir hans voru fiskimenn að atvinnu og í félagi við Zebedeus og syni hans. Jesú valdi lærisveina sína úr röðum iðnaðarmanna og fiskimannanna við Galíleuvatnið, en bestu fiskimiðin voru í norð-austur hluta vatnsins, þar sem Jórdanáin rennur í vatnið. Jesús kallaði menn til fylgis við sig úr röðum manna sem voru jarðbundnir og unnu verk sín af einlægni og voru ánægðir í störfum sínum, hann valdi ekki skýjaglópa og þá sem létu sig dreyma um frama. Því er það svo, að tungutak og táknmál kristninnar er komið úr lífsmynstri fólksins – fiskimannanna og iðnaðarmannanna.

Í guðspjöllunum er Símoni lýst í mótsögn við viðurnefnið sem Jesús gaf honum, nefnilega Kletturinn/Pétur. Hvort sem það nafn hefur átt að lýsa líkamlegu útliti hans eða skapgerð hans, þá var það spámannsnafn staðfest í Sesareu Filippi. Hann var alltaf maður aðgerðanna, hvatvís og fullur af orku, barnslega einfaldur stundum og vogaður, en þess á milli veikgeðja og huglaus.

Vendipunktur í lífi Símonar Péturs var þegar Jesús birtist honum eftir upprisuna og þegar hann var spurður að því í þrígang hvort hann elskaði Jesú og fékk síðan skipunina um að gæta sauða hans, eins og segir í guðspjalli þessa dags. Frá hinni fyrstu hvítasunnu og til dauðadags var hann hinn sanni og

*Svipmyndir frá kirkjuhátíð 2003*

*Mæðgurnar Sigríður Guðmundsdóttir og Elín Benjamínsdóttir.*

*Haukur Ingason í góðra vina hópi. Haukur lést á síðastliðnu hausti.*

*Sverrir Helgason er þungt hugsi.*

óumdeildi leiðtogi kristinnar kirkju og mætti óhræddur ofsóknum og refsingu af hugrekki og auðmýkt.

Eftir upprisuna valdi Jesús hann til þess að leiða postulahópinn, hann talaði fyrir hópnum á hvítasunnudegi af mikilli innlifun og áhrifamætti. Það var Pétur sem sagði á hinum fyrsta hvítasunnudegi þegar spurt var: ,,Hvað eigum vér að gjöra bræður?“ ,,Gjörið iðrun,“ sagði hann, ,,og látið skírast hver og einn í nafni Jesú Krists til fyrirgefningar synda yðar, þá munuð þér öðlast gjöf heilags anda.“

Það fer ekki mörgum sögum af starfsvettvangi Péturs utan heimalandsins. Biblían geymir tvö bréf sem hann ritaði kristnum söfnuðum í Litlu-Asíu. Þá er vitað um nokkrar ferðir hans til safnaða erlendis og til Rómar fór hann. Þar sætti hann ofsóknum, eins og aðrir kristnir menn í Róm þess tíma, þegar Neró var þar keisari. Hann dó píslarvættisdauða á krossi árið 64.

Pétur var fyrstur manna til þess að uppgötva hver Kristur var í raun, hann var hinn fyrsti til að takast á við trúna á Krist – trúarefann – afneitunina – öll þessi átök sem verða í mannssálinni þegar maðurinn gerir upp hug sinn til trúarinnar og eigin sannfæringar, til alls þess sem maðurinn þarf til þess að byggja upp heilbrigt eigið líf þar sem sálin og líkaminn eru eitt, þar sem maðurinn finnur sátt við tilvist sína og öðlast sterka sjálfsvitund.

Í pistli þessa dags segir Pétur:

Verið hirðar þeirrar hjarðar, sem Guð hefur falið yður. Gætið hennar ekki af nauðung, heldur af fúsu geði, að Guðs vilja, ekki sakir vansæmilegs ávinnings, heldur af áhuga.

Þér skuluð eigi drottna yfir söfnuðunum, heldur vera fyrirmynd hjarðarinnar.

Þá munuð þér, þegar hinn æðsti hirðir birtist, öðlast þann dýrðarsveig, sem aldrei fölnar.

Þessi orð eru rituð til okkar jafnt og þeirra sem þau voru rituð til upphaflega – safnaðanna í Litlu Asíu á sínum tíma. Þau eru orð til allra kristinna manna um heim allan að bera fagnaðarerindið um Jesúm Krist áfram – kynslóð eftir kynslóð – láta rödd Drottins aldrei þagna.

Danska skáldkonan Karen Blixen segir á einum stað:

Þar sem maðurinn er trúr – eilíflega og staðfastlega trúr sögunni – þar talar þögnin. En þar sem engin saga er til og hefur ekki verið til – eða þar sem maðurinn hefur forsmáð söguna, þar er þögnin tóm. – En þegar sögumaðurinn, sem hefur verið sögunni trúr allt til dauðans, þagnar, þá talar þögnin.

Hvar sem við erum, hvert sem við förum, minnumst við skírnar okkar og hverrar þeirrar stundar þegar við höfum endurnýjað sáttmála okkar við Guð. Við minnumst

SINDRABERG

Nýtt og ferskt sushi við öll tækifæri

Sindragötu 7, 400 Ísafirði • Sími 456 5552, fax 456 5553

SKG
- Mannsins Megin -

Hótel Ísafirði
Silfurtorgi 2
Sími 456 3360
Fax 456 3370
skg@heimsnet.is

Brúðkaup
Afmæli
Fermingar
Smáréttir
Fundir
Ráðstefnur
Veisluþjónusta
Erfidrykkjur

TRÉSMIÐJAN ehf
HNÍFSDAL

Framleiðum harðviðarstiga og eldhús- og baðinnréttingar, skápa og fleira. Tökum einnig að okkur framleiðslu á ýmiskonar skiltum og húsamerkingum. Aðstoðum við hönnun og hugmyndavinnu. Gerum verðtilboð. Upplýsingar í síma 456 3622.

Eyjólfur Björgmundsson
löggiltur rafverktaki

RAFRÓS ehf

Bakkabraut 12, Kópavogi, Sími: 544 4099
Bílasími: 893 5565

Almenn raflagnaþjónusta
Nýlagnir – Teikningar
Endurnýjun á eldra húsnæði
Dyrasímar

MINNINGARKORT

Minningarsjóðs Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði um Úlf Gunnarsson, yfirlækni

Kortin fást á eftirtöldum stöðum:

- FSÍ, afgreiðslu, sími 450 4500, alla virka daga kl. 8-16. Hægt er að greiða símleiðis með gíró eða greiðslukorti.
- Bókaverslun Jónasar Tómassonar, Ísafirði, opið á virkum dögum kl. 9-18 og laugardaga kl. 10-12.
- Blómaturninn, Ísafirði, opið virka daga kl. 10-18, laugardaga kl. 10-18 og á sunnudögum kl. 13-16.

Minningarsjóðurinn er notaður til tækjakaupa fyrir sjúkrahúsið

Lágmarksgjald v/ kostnaðar er 500 kr.

Ferjan Baldur

er vegurinn til Vestfjarða. Þú styttir leiðina og nýtur náttúrufegurðar Breiðafjarðar. — Hægt er að stansa í Flatey milli ferða.

Upplýsingar
S: 438 1450

*Jóhann Björnsson frá Vallarborg (nú látinn) og Margrét Hagalínsdóttir.*

*Guðbjörg Guðjónsdóttir ekkja Guðmundar Lúðvíkssonar, Kristín Bárðardóttir og sonarsonur hennar Pálmi Bárðarson.*

*Erla B. Axelsdóttir, Selma Samúelsdóttir og Ingibjörg Guðmundsdóttir.*

hvatningar Péturs, að við erum hirðar þeirrar hjarðar sem Guð hefur falið okkur, þ.e. að lifa í anda þess sem Matthías Jochumsson kvað um í sálmi sínum.

Góður Guð gefi okkur náð sína til þess að við verðum sögumennirnir sem segja áfram söguna af Jesú Kristi, okkar góða hirði.

Dýrð sé Guði föður og syni og heilögum anda. Svo sem var í upphafi, er og verður um aldir alda. Amen.

Takið postullegri blessun.

Náðin Drottins vors, Jesú Krists, kærleiki Guðs og samfélag heilags anda sé með yður öllum. AMEN."

**Almenn kirkjubæn**

Drottinn, Guð, þú sem stýrir öllum hlutum á himni og jörðu, heyr bænir vorar þegar söfnuður þinn lýtur þér.

Lof sé þér, Guð, fyrir alla gæsku þína við oss mennina, fyrir heiminn, sem þú hefur fengið oss til dvalar með öllu hans undri og fegurð. Lof sé þér fyrir líf og heilsu, fyrir fæði og klæði, fyrir vini og heimili, fyrir umhyggju þína, sem vakir yfir oss alla tíð, fyrir trúfesti þína, sem aldrei bregst. Umfram allt lofum við þig fyrir Jesúm Krist, einkason þinn og frelsara vorn, sem kom í heiminn og dó fyrir oss og hefur opinberað oss þann kærleika sem er æðri öllum skilningi. Veit oss í heilögum anda lifandi trú, örugga von og fölskvalausan kærleika.

Fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.

Vér lofum þig, líknsami Guð, fyrir komu vorsins. Lát það minna oss á upprisu sonar þíns og gef oss náð til að taka háttaskiptum með endurnýjun hugarfarsins. Farsæl vor störf til lands og sjávar. Gef oss góðan ávöxt moldar og miða, vernda iðnað, verslun og þjónustu alla. Blessa þá sem um landið ferðast og styð hvers konar uppbyggingu. Endurnær oss með lífgandi birtu ljóssins, svo að vér megum taka á móti næsta vetri endurnýjuð til lífs og sálar.

Fyrir Jesúm, Krist, Drottin vorn.

Guð, vér treystum miskunn þinni og biðjum fyrir kirkju þinni í öllum heimi. Sameina hana og endurnýja með anda þínum. Hjálpa oss til að finna til ábyrgðar gagnvart henni. Send trúa verkamenn í víngarð þinn. Tak frá oss alla lesti og ótta, svo að veröldin megi í oss skynja starfandi elsku þína.

Fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.

Vernda þjóð vora, almáttugi Guð. Blessa þá sem stjórna málum vorum og veit þeim visku og drengskap, að vér megum njóta friðar innbyrðis og vera öðrum þjóðum til blessunar. Hjálpa oss til að velja ábyrga stjórnendur og stuðla þannig að almennri velferð og þjóna þér með trúmennsku meðal kynslóðar vorrar.

Fyrir Jesúm Krist, Drottin vorn.

Almáttugi, eilífi Guð, blessa alla þá sem hingað hafa lagt leið sína í dag. Þökk sé þeim fyrir tryggð við heimabyggð, bæinn okkar sem kúrir í faðmi fjalla blárra.

Við biðjum þig, Drottinn Guð, að halda verndarhendi þinni yfir Ísafirði, íbúum þar og atvinnustarfsemi allri.

Drottinn Guð, við minnumst horfinna Ísfirðinga, blessa minningu þeirra.

Við biðjum þig, vak yfir öllum þeim sem syrgja látna ástvini, þeim sem hvíla í skugga sjúkdóma og erfiðleika, gef þeim styrk þinn og kraft, vertu þeim ljós á vegferð um dimman dal sorgar og veit þeim von og fyrirheit um dvöl á grænum grundum.

Fyrir Jesúm Krist, Drottin vorn.

Allar bænir vorar felum vér í þeirri bæn sem Drottinn kenndi oss og við segjum öll saman: FAÐIR VOR"

# Kampalampinn 2003
## Vel heppnuð rækjuhátíð á Ísafirði

Dagana 7. til 9. ágúst sumarið 2003, var haldin hátíð á Ísafirði í tilefni þess að á árinu voru 80 ár frá því að rækjuveiðar hófust við Ísland og þá í Ísafjarðardjúpi. Rækjuhátíðin var nefnd Kampalampinn 2003, en gamla íslenska heitið á þessari krabbategund er „stóri kampalampi."

Eftirfarandi lýsing á stóra kampalampa er eftir Guðmund Skúla Bragason, fiskifræðing, fyrrverandi forstöðumann útibús Hafrannsóknarstofnunar á Ísafirði, og tekin úr Morgunblaðinu 8. október 1971.

*„Það sem við í daglegu tali köllum rækju er tífætt sundkrabbadýr af fylkingunni liðdýr og kallast tegundin stóri kampalampi eða Pandalus borealis. Margar aðrar tegundir rækju finnast hér við land en engin í slíkum mæli sem stóri kampalampi. Útbreiðsla tegundarinnar takmarkast af botnlagi, hitastigi og seltu og finnst hún bæði grunnt og djúpt. Finnst hún víða í kringum Norðurpólinn.*

*Aldrei hafa fleiri Ísfirðingar, aðkomumenn og útlendingar tekið á móti rækjubát á Ísafjarðarhöfn en þegar Beggi á Skarði kom í land á Dagnýju ÍS með 500 kg af stórri rækju úr Hestfirði sl. sumar. Ljósmyndir Gísli Hjartarson.*

*Rækjan veiðist á mjúkum leirbotni og í hraunköntum, þar sem einnig er leir. Veiði er jafnan treg í dimmu, en því veldur tilhneiging hennar til að synda upp í sjó við birtuskiptin. Þessar lóðréttu göngur eru taldar standa í sambandi við fæðuöflun hennar."*

*Beggi á Skarði og Ingvar Þór sonur hans landa rækjunni. Rúnar Óli Karlsson fylgist með.*

Hugmyndina að rækjuhátíðinni sl. sumar átti Kristján G. Jóhannsson, framkvæmdastjóri á Ísafirði, og lagði hann fram tillögu í atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar, sem hann er varaformaður í, þann 17. september í hitteðfyrra, eða haustið 2002. Í fundargerð nefndarinnar segir svo:

*„Lögð fram tillaga Kristjáns G. Jóhannssonar um árvissa rækjuhátíð á Ísafirði. Nefndin lýsir ánægju sinni með tillöguna en leggur áherslu á að reynt verði að finna samstarfsflöt hjá hagsmunaaðilum s.s. í*

*Helgi Þór Arason grillar pylsur ofan í gesti á Hafnardeginum.*

*ferðaþjónustu og sjávarútvegi. Atvinnufulltrúa falið að kanna málið."*

Í greinargerð með tillögu sinni sagði Kristján:

*„Ísafjörður er vagga rækjuveiða og rækjuiðnaðar á Íslandi. Rækjuveiðar voru fyrst stundaðar hér við land í Ísafjarðardjúpi og var svo um áratuga skeið, að einungis var veidd rækja hér í Djúpinu. Fyrsta rækjuverksmiðjan á landinu var sett á stofn hér af Ísafjarðarkaupstað. Ýmis sveitarfélög hafa á undanförnum árum verið að festa sér ákveðinn sess með hátíðum að sumarlagi, t.d. humarhátíð á Hornafirði og er nauðsynlegt fyrir Ísafjarðarbæ að festa sér einhverja sérstöðu á þessu sviði."*

Þetta var upphafið að vel heppnaðri 3ja daga rækjuhátíð á Ísafirði.

VESTANPÓSTURINN hitti Kristján að máli fyrir skömmu og spurði hann um hátíðina. Kristján sagði að í framhaldi af tillögu hans í atvinnumálanefnd hefði verið ákveðið að stefna að því að halda rækjuhátíð á Ísafirði árið 2003 vegna þess að það ár hefðu verið liðin 80 ár frá því rækjuveiðar hófust fyrst hér við land.

„Undirbúningur fór af stað og fljótlega var ákveðið að fella inn í rækjuhátíðina svokallaðan Hafnardag á Ísafirði og var hann haldinn í fyrsta skiptið á þessu ári. Hátíðin var svo haldin dagana 7. til 9. ágúst. Árni Mathiesen, sjávarútvegsráðherra kom vestur og setti hátíðina og þá um leið var opnuð í Byggðasafni Vestfjarða í Neðstakaupstað sýning um sögu veiða og rannsókna á rækju og var sýningin unnin af starfsmönnum Hafrannsóknarstofnunar og var það framlag hennar til þessarar hátíðar. Athöfnin fór fram í Neðstakaupstað og flutti Guðfinna Hreiðarsdóttir sagnfræðingur erindi um upphaf rækjuveiða við Ísland. Einnig voru léttar veitingar, tónlist og rækjuréttir á boðstólum í Tjöruhúsinu í Neðsta.

Það var sótt um leyfi hjá Sjávarútvegsráðuneytinu til þess að veiða rækju í Djúpinu til þess að hægt væri að bjóða upp á nýja og ferska rækju. Leyfi fékkst til þess að veiða 500 kíló og við fengum Þorberg Jóhannesson frá Skarði í Skötufirði á rækjubátnum Dagný ÍS til veiðanna. Föstudaginn 8. ágúst fór Þorbergur inn í Hestfjörð og veiddi 500 kíló af mjög góðri og fallegri rækju. Rækjan var soðin í potti í Neðsta og gátu gestir og gangandi gætt sér á heitri rækjunni glænýrri

*Tveir góðir á Hafnardegi. Theodór R. Theodórsson hafnsögumaður og Sigurjón Hallgrímsson fyrrum rækjukall.*

beint upp úr sjónum“, sagði Kristján.

Þarna var Kristján G. Jóhannesson yfirkokkur og sauð rækjuna í gríð og erg í stórum potti á gasprímus. Bræðurnir Rúnar Óli Karlsson, atvinnu- og ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar, og Hjalti Karlsson, forstöðumaður Hafrannsóknarstofnunar á Ísafirði, voru Kristjáni til aðstoðar við matreiðsluna. Þarna var soðinni rækjunni ausið á diska fyrir gesti og gangandi en mikill mannfjöldi var á svæðinu. Hver pillaði ofan í sig, en tvær gamalreyndar handpillunarkonur sýndu gestum réttu handtökin og pilluðu ofan í þá, er ekki kunnu listina.

„Sýnd var kvikmynd frá upphafi rækjuvinnslu í Rækjuverksmiðju Ísafjarðar sem var til húsa þar sem nú er bílaþvottastöð Massa og gamla Skipasmíðastöð Marsellíuzar var. Myndin var tekin um 1940 og í henni er einnig sýnt frá rækjuveiðum Símons Olsens. Á laugardeginum var svo Hafnardagurinn og buðu fyrirtæki á hafnarsvæðinu gestum upp á grillaðar pylsur. Einnig var soðin rækja á boðstólum. Flóamarkaður og fiskmarkaður var á svæðinu og gátu gestir keypt sér nýjan, saltaðan og siginn fisk. Um kvöldið var svo rækju- og saltfiskveisla í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað. Hátíðin var öll vel sótt og í upphafi var ætlað að þessi hátíð yrði árviss atburður og stefnt er á að halda rækjuhátíð á Ísafirði á þessu ári“ sagði Kristján G. Jóhannsson í samtali við Vestanpóstinn.

*Hafnardagur á Ísafjarðarhöfn.*

*Rósa í Gamla bakaríinu afgreiðir Jenný Breiðfjörð á útimarkaði á Ísafjarðarhöfn.*

*Þrír ættliðir storma á höfnina til að taka á móti rækjubátnum Dagnýju ÍS. Runný Bjarnadóttir, Margrét Högnadóttir og Alberta Aðalsteinsdóttir.*

Rækjuhátíðina sóttu mörg hundruð manns og sennilega hafa aldrei jafnmargir tekið á móti rækjubáti að koma úr róðri og tóku á móti Begga á Skarði á Dagnýju ÍS, þegar hún lagðist upp að Ásgeirsgarði niðri í Neðsta. Bæði var þarna heimafólk, aðkomufólk og farþegar af stóru skemmtiferðaskipi, sem statt var á Ísafirði.

Blaðamanni, sem er gamall rækjukall, þótti hátíðin takast með afbrigðum vel og setja mikinn svip á gamla rækjubæinn í „faðmi fjalla blárra“ þessa þrjá daga og eiga aðstandendur hennar þakkir skildar fyrir framtakið. En myndirnar sem hér fylgja segja miklu meira en nokkur orð geta sagt. - Gísli Hjartar

# Upphaf rækjuveiða við Ísland

*Frumkvöðlar rækjuveiða á Íslandi, Ole G. Syre og Simon Olsen.*

**Á rækjuhátíðinni í Neðstakaupstað hélt Guðfinna M. Hreiðarsdóttur, sagnfræðingur, erindi um sögu rækjuveiðanna, sem Vestanpósturinn hefur fengið góðfúslegt leyfi til að birta.**

Kampalampi hefur um aldir verið þekktur meðal sjómanna og útvegsbænda við Ísafjarðardjúp en allt fram undir miðja síðustu öld vakti hann frekar óbeit en ánægju. Engum datt í hug að leggja sér slíkan viðbjóð til munns, ekki frekar en marflær, þótt slíkt hefði jafnvel komið í veg fyrir að fólk sylti heilu hungri. Algengt var að kampalampi kæmi úr þorskmögum og lögðu margir sjómenn fæð á hann enda átti þorskurinn það til að líta ekki við ljúffengustu beitu þegar torfur af kampalampa voru á sveimi um Djúpið.

reknetaveiðar í Ísafjarðardjúpi og var því þaulkunnugur fiskigöngum og öllum aðstæðum við Djúp. Hann hefur án nokkurs efa veitt rækjunni í Djúpinu athygli og gert sér grein fyrir þeim möguleikum

*Þarna standa þeir í stórræðum félagarnir, Kristján G. Jóhannsson og Rúnar Óli Karlsson. Rækjunni var skipað upp úr Dagnýju í gamla handkerru.*

## Frumkvæði Norðmanna

Það þarf því ekki að koma á óvart að þeir tveir menn sem öðrum fremur teljast frumkvöðlar rækjuveiða og rækjuiðnaðar á Ísafirði, skyldu vera af erlendum uppruna, framsýnir menn með önnur viðhorf en landinn. Þetta voru Norðmennirnir Ole Gabrielsen Syre og Símon Olsen frá eynni Karmöy sem er rétt sunnan við Haugasund í Noregi. Sá fyrrnefndi var búsettur á Íslandi frá árinu 1909, lengst af á Ísafirði. Hann var einn af upphafsmönnum síldarsöltunar þar og rak síldarútveg og lifrarbræðslu um árabil. Syre var opinn fyrir öllum nýjungum í sjávarútvegi og reyndi fyrir sér við margt. Um miðjan þriðja áratuginn stundaði hann

*Guðfinna Hreiðarsdóttir flytur erindi undir tjaldhimni við Tjöruhúsið í Neðsta um upphaf rækjuveiða og vinnslu á Ísafirði.*

sem fólgnir voru í rækjuveiðum enda gjörþekkti hann slíkar veiðar frá heimabyggð sinni.

Árið 1924 keypti Ole Syre 56 brúttólesta vélbát í Noregi sem hann gaf nafnið Hrönn og var skráður á Ísafirði frá 23. júlí 1924. Nokkrum dögum seinna, eða þann 27. júlí, segir í Skutli: „O.G. Syre hefur fengið laglegan bát frá Noregi, c. 60 tons; skal hann hefja síldveiðar.“ Með þessum báti kom Símon Olsen ásamt Harald Hauge sem var mágur Syre en móðir hans var föðursystir Símonar. Höfðu þeir frændur með sér rækjunót frá Noregi og er talið fullvíst að þá um sumarið hafi þeir félagar Syre og Olsen, ásamt Harald Hauge, gert tilraun til að veiða rækju í Ísafjarðardjúpi. Reyndu þeir rækju-

vörpuna tvisvar og fengu dágóðan afla. Eftir þessa tilraun sneru þeir sér hins vegar að öðrum verkefnum næstu árin enda ekki nokkur einasta leið að selja þessa vöru hérlendis og hægara sagt en gert að koma henni á markað erlendis.

Segir síðan fátt af kampalampaveiðum þar til árið 1930 en þá segir fulltrúi Fiskifélags Íslands á Vestfjörðum, Kristján Jónsson frá Garðsstöðum, frá því í Ægi að slíkar veiðar hafi verið reyndar haustið 1930. Segir hann svo frá í skýrslu sinni:

„Meðal nýjunga má geta þess að tilraunir hafa verið gerðar með veiði á kampalampa (ræker sem Norðmenn nefna) og með samskonar veiðiáhaldi og notað er í Noregi. Veiðiáhald þetta er nokkurskonar eftirmynd af botnvörpu, og með örlitlum hlerum, og varpan dregin ofurhægt af vélbát. Fiskurinn er látinn lifandi í sjóðandi vatn, og að vörmu spori tekinn upp og látinn í blikkílát, sem geymast þurfa á hæfilega köldum stað. Það var Sveinn Sveinsson, sem tilraun þessa gerði. Keypti hann vörpuna af manni hér í bænum, er hefur átt hana en ekki notað. Sveinn hafði með sér Norðmann vanan ræker-veiðum. Þeir voru parta úr fáum dögum að veiðum þessum hér í Djúpinu í haust, því veður hamlaði jafnan, en ekki er unnt að stunda þær nema í góðu veðri. Fengu þeir alls um 50 kg. Veiðina seldu þeir að mestu í farþegaskipin fyrir um 3 kr. kg. og líkaði vel. Mætti vel svo fara, að veiðar þessar yrðu drjúg tekjulind, þar sem greiðar eru samgöngur, og hægt væri að stunda þær að staðaldri, að vori og sumri."

Sumarið 1934 tóku þeir Símon Olsen og Ole G. Syre upp þráðinn að nýju, leigðu bát og hófu rækjuveiðar aftur. Voru menn almennt undrandi á Norðmönnunum að þeir skyldu fara út í svona „fokk" eins og þeir nefndu það. Veiðarnar gengu hins vegar vel og tók Sláturfélag Suðurlands af þeim ópillaða rækju og hafði til sölu í Matardeild félagsins í Hafnarstræti í Reykjavík. En áhugi íslenskra kaupenda reyndist enn sem fyrr takmarkaður. Þeir félagar létu þó engan bilbug á sér finna og héldu veiðunum áfram næsta sumar og þá með útflutning í huga. Segir Kristján frá Garðsstöðum svo í skýrslu sinni fyrir árið 1935:

„Kampalampaveiðar voru stundaðar héðan um tíma í sumar af þeim O.G. Syre og Simon Olsen (...) Veiðarnar gengu vel, enda víst stundaðar af góðri kunnáttu. Voru þeir félagar mest að veiðum í Djúpfjörðunum, einkum Hestfirði, en á þann fjörð gengur eigi þorskur. Fengu þeir stundum 400 kg á dag, en í Noregi segja kunnugir, að vel sé talið veiðast, fáist 200 kg á dag með sömu veiðitækjum. Þessar kampalampaeða rækjuveiðar, eins og nú er farið að nefna þær á íslenzku, eru orðnar all-mikilsverð atvinnugrein í Noregi (...) Eftir þeirri reynslu, sem þegar er fengin, virðist gnægð af kampalampa hér í Djúpinu. En þá eru það markaðsskilyrðin, sem brestur. Þetta, sem veiddist hér í sumar, var reynt að selja innan lands og í farþegaskipin, en alltof lítið seldist. Til þess að unnt verði að stunda þessar veiðar, þarf að setja á stofn niðursuðu í þessu skyni. Eftir þeim upplýsingum, sem þegar eru fyrir hendi, eru þess háttar niðursuðutæki ekki ýkja dýr. Fiskimálanefnd hefir haft mál þetta til athugunar, fyrir áskorun bæjarstjórnarinnar hér, og hefir bæjarstjórnin nýlega samþykkt að leitast eftir allt að 25 þúsund króna

*Tveir góðir og gamlir sjóarar. Aðalsteinn Sveinsson og Magnús Arnórsson, „Maggúdd".*

*Mannfjöldi á kajanum er Dagný landar rækjunni.*

*Guðjón Finndal Finnbogason, „Dalli“, tekur hraustlega til matar síns á Rækjuhátíð.*

láni hjá Fiskimálanefnd til stofnsetningar niðursuðuverksmiðju o.fl. í þessu skyni.“

## Hf. Kampalampi og Rækjuverksmiðja Ísafjarðar

Þetta sama ár stofnuðu þeir Ole G. Syre og Símon Olsen félag í samvinnu við Gunnar Juul, apótekara á Ísafirði, og Magnús Scheving Thorsteinsson, fyrrverandi útibústjóra Íslandsbanka hf. á Ísafirði. Hlaut það nafnið Hf. Kampalampi og sendi það bæjarstjórn Ísafjarðar bréf í ársbyrjun 1936 og sótti um lóð og vinnsluleyfi fyrir væntanlega rækjuverksmiðju. Meirihlutinn hafnaði umsókninni en samþykkti jafnframt tillögu þess efnis að bærinn færi sjálfur út í rekstur niðursuðuverksmiðju enda væri slíkur rekstur einfaldlega betur kominn í höndum bæjarfélagsins heldur en einstaklinga. Varð það úr og með stuðningi Fiskimálanefndar var Rækjuverksmiðju Ísafjarðar komið á laggirnar. Til að koma verksmiðjunni af stað voru fengnir tveir ungir menn sem báðir höfðu kynnt sér niðursuðu erlendis, þeir Þorvaldur Guðmundsson, sem síðar var kenndur við fyrirtæki sitt, Síld og fisk, og Tryggvi Jónsson frá Akureyri, sem síðar var kenndur við fyrirtæki sitt Ora hf.. Þeir tóku að sér að stjórna verksmiðjunni og skipuleggja vinnslu og alla starfshætti þar. Verksmiðjan tók síðan til starfa 23. júní 1936 en kvöldið áður höfðu þeir félagar Ole G. Syre og Símon Olsen komið með góðan afla að landi. Voru þá soðnar niður rækjur í 100 dósir en næsta dag barst meiri afli og voru þá soðnar niður 300 dósir.

Rækjan var öll handpilluð í ákvæðisvinnu og unnu um 35 stúlkur við pillunina fyrst í stað. Bæði Tryggvi og Þorvaldur voru mjög strangir um allan þrifnað í verksmiðjunni og þóttu aðstæður þar allar til fyrirmyndar. Framleiðslan

*Árni Mathiesen sjávarútvegsráðherra setur hátíðina.*

*Í saltfiski og „rækjukokteil“ í neðsta.*

fór vel af stað en fljótlega fór að gæta sölutregðu og átti verksmiðjan við sívaxandi erfiðleika að stríða vegna skorts á rekstrarfé og gekk illa að standa í skilum með vinnulaun og greiðslur á afla. Í árslok 1939 var Rækjuverksmiðja Ísafjarðar seld Jóni Kjartanssyni, forstjóra Sælgætisgerðarinnar Víkings hf., ásamt fleiri einstaklingum sem búsettir voru í Reykjavík. Hlaut fyrirtækið nafnið Niðursuðuverksmiðjan á Ísafirði hf. og var Böðvar Sveinbjarnarson ráðinn verksmiðjustjóri en hann hafði unnið við verksmiðjuna nálega frá byrjun.

En víkjum nú aftur að þeim Símon Olsen og Ole G. Syre sem máttu horfa upp á það að hugmynd þeirra um rækjuverksmiðju var nánast stolið eftir að þeir höfðu unnið að undirbúningi hennar og fjármögnun. Þeir voru í fyrstu einir um að veiða rækju fyrir Rækjuverksmiðju Ísafjarðar og höfðu þá fest kaup á 8 rúmlesta fiskibát sem var smíðaður í Noregi og gáfu þeir honum nafnið *Karmöy* eftir heimabyggð sinni í Noregi. Síðar eignaðist Símon hlut Syre í bátnum en Símon og sonur hans Kristján fórust með þessum bát á Mjóafirði haustið 1961. Hafði Símon þá gert hann út um aldafjórðungsskeið.

Fljótlega eftir að rækjuverksmiðjan hóf starfsemi fóru fleiri bátar að stunda rækjuveiðar. Þetta voru mest 6-7 lesta bátar og voru tveir menn á hverjum bát. Veiðin gekk yfirleitt ágætlega og mun betur en menn höfðu þorað að vona og var hver bátur að fá um 300 kg á dag til jafnaðar. Fyrstu rækjuvörpurnar voru mjög litlar, um 6 metrar á lengd og pokinn þá meðtalinn. Höfuðlínan var 64 fet, en fótreipið 3 fetum lengra. Ekkert op var á pokanum til losunar, heldur var rækjan háfuð úr pokanum með handháf. Þessi veiðarfæri voru ekki stærri en það, að auðvelt var að halda á þeim undir annarri hendinni en með trollunum voru notaðir toghlerar sem voru 45-50 kg að þyngd. Með þessum útbúnaði gátu menn fengið allt upp í 1200 kg á skömmum tíma ef vel veiddist. Voru rækjutroll sem þessi í notkun í 30 ár eða til ársins 1966 þegar farið var að framleiða rækjutroll úr gerviefni (en þau höfðu áður verið

*Í saltfiski og „rækjukokteil“ í neðsta.*

úr bómullarefni) með 100 feta höfuðlínu, sem hafði 10-12 feta skver og alllangan belg.

Helstu miðin fyrsta árið voru í Hestfirði, Seyðisfirði og Álftafirði. Síðar var svo farið að stunda veiðar í Djúpinu fyrir innan Ögurhólma. Yfirleitt var góð veiði á þessum svæðum en veturinn 1938 brást veiðin í Djúpinu algjörlega. Fóru þá þrír bátar vestur í Arnarfjörð og veiddu þar ágætlega. Segir Kristján frá Garðsstöðum svo frá í skýrslu sinni sumarið 1938:

„Var um tíma uppgripaafli í Arnarfirði en er nú mikið tregari en í vetur (...) Gömlu rækjumiðin í fjörðunum hér í Djúpinu eru nú látin í friði. Hyggjast rækjuveiðarmenn að geyma þau til haustsins, þegar örðugra gerist að sækja langt. Þessi mið voru talin alveg þurrausin í haust eða vor, hvort sem rækjan sækir þangað aftur strax eða langt árabil þarf til þess að hún veiðist þar aftur. Úr því verður **reynslan** að skera.“

Það er við hæfi að ljúka þessari


# Kæru Vestfirðingar

til sjávar og sveita, heima eða að heiman, akandi, gangandi, hlaupandi, sitjandi, sofandi, ríðandi eða jafnvel skríðandi!

Hafið hugfast að
**BÆKURNAR AÐ VESTAN** eru auðvitað ykkar bækur.
Kærustu þakkir fyrir
viðskiptin á liðnu ári. Gleðilegt og gæfuríkt bókaár!

**HEMMI GUNN OG VESTFIRSKA FORLAGIÐ.**

Vestfirska forlagið

Pöntunarsími og fax 456 8181
netfang: jons@snerpa.is • veffang: hrafnseyri.is

umfjöllun um upphaf rækjuveiða á orðum Kristjáns. Jú, víst eru menn reynslunni ríkari eftir 80 ára rækjuveiðar og -vinnslu. Á ýmsu hefur gengið. Framan af gekk vinnslan vel en við erfiðar markaðsaðstæður var að etja, einkum á stríðsárunum og fram yfir 1950 þegar algjör ládeyða var í rækjuveiðum og heita mátti að þær legðust nánast af við Ísafjarðardjúp. Um miðjan sjötta áratuginn snerust mál þó til betri vegar og góð veiði hélst í hendur við þróun nýrrar tækni í rækjuvinnslu. Rækjupillunarvélar komu til sögunnar og á skömmum tíma leystu vélar handaflið af hólmi. Jafnframt fóru menn að frysta rækjuna og jókst frystingin ár frá ári þar til hún leysti niðursuðuna nánast alveg af hólmi. Fleiri verksmiðjur voru stofnaðar og aukin afköst kölluðu á meira hráefni. Rækjuútgerðarmönnum fjölgaði ár frá ári og bátarnir stækkuðu en bætt markaðsstaða átti líka stóran þátt í að rækjuiðnaðinum óx verulega fiskur um hrygg þegar leið á seinni hluta síðustu aldar. Eftir sem áður hafa menn ævinlega mátt glíma við sveiflur, bæði í veiðum og markaðsmálum. Því má að sumu leyti segja að þrátt fyrir stærri skip, háþróaða tækni og fullkomin veiðarfæri sem gerir mönnum kleift að sækja þúsundir tonna af rækju á fjarlæg mið, hafi kannski ekki mikið breyst á þessum 80 árum, í það minnsta eru vandamálin þau sömu og brautryðjendurnir þurftu að glíma við.

*Mannfjöldi í kringum soðpott Kristján G. Jóhannssonar í Neðsta.*



*Niðursuðuverksmiðjan hans Böðvars á Torfnesi skömmu áður en hún var rifin þar sem hún þurfti að víkja fyrir nýja sjúkrahúsinu. Ljósmynd HKr.*

*Pillað í Niðursuðuverksmiðjunni hf. á Torfnesi á seinni hluta áttunda áratugarins. Ljósmynd HKr.*

## Helstu heimildir:


Jón Páll Halldórsson: *Frá línuveiðum til togveiða. Þættir úr sögu útgerðar á Ísafirði frá 1944-1993.* Ísafirði 1999.

Jón Páll Halldórsson: *Fiskvinnsla í sextíu ár. Þættir úr sögu fiskvinnslu á Ísafirði frá 1934 til 1993.* Ísafirði 2003.

Högni Torfason: *Stóri kampalampi. Rækjusaga úr Djúpinu.* Skákprent 1990.

Ægir. Rit Fiskifélags Íslands um fiskveiðar og farmennsku. Reykjavík 1931-1938.

# SÓLARFAGNAÐUR OG AFMÆLISHÁTÍÐ

Syngjandi í 70 ár

# SUNNUKÓRSINS

1934 – 2004

## STÓRVIÐBURÐUR Á ÍSAFIRÐI!

**Laugardaginn**
**24. janúar 2004**

**Í Íþróttahúsinu Torfnesi**

**Veislustjóri**
**Hjálmar H. Ragnarsson**

**Allir velkomnir**
**Húsið opnað kl. 19**
**Samkvæmisklæðnaður**

**Verð kr. 5.000,-**

**Nánari upplýsingar**
**og miðapantanir**
**í símum 899 0743 og 868 5906**

*Glæsileg afmælisdagskrá*

*Fordrykkur*

*Glæsilegt smáréttahlaðborð*
*Kaffi og rjómapönnukökur í eftirrétt*

*Meðal þeirra sem koma fram eru:*
*Sunnukórinn í hátíðarskapi*
*Jassband Villa Valla*
*Ingunn Ósk Sturludóttir söngkona*

*Skemmtiatriði að hætti kórsins*

*Kántríhljómsveitin Unaðsdalur*
*leikur fyrir dansi fram eftir nóttu*

**TILBOÐ Á FLUGI OG GISTINGU!!!**

**HAFIÐ SAMBAND VIÐ**
**FLUGFÉLAG ÍSLANDS Í SÍMA 456 3000**
**OG HÓTEL ÍSAFJÖRÐ Í SÍMA 456 4111**

HÓTEL Ísafjörður

FLUGFÉLAG ÍSLANDS Air Iceland

# SIGLINGADAGAR 2004

## – fimmta hátíðin haldin í júlí í sumar

*Úps..., enginn er verri þótt hann vökni.*

Ísafjarðardjúp, Jökulfirðir og Önundarfjörður með Skutulsfjörðinn sem miðpunkt er vettvangur SIGLINGADAGA, sem verða haldnir í fimmta sinn í sumar. Ísafjarðarbær og Sæfari, félag sjóíþróttamanna, standa að hátíðinni sem standa mun í 10 daga 16.–25. júlí 2004.

Siglingadagarnir verða allir hlaðnir áhugaverðum uppákomum og skemmtiatriðum. Fyrri helgin er helguð vélbátum, hávaða og hraða, en seinni helgin bátum knúnum vöðvaafli og seglum. Djúprall hraðbáta með sama sniði og var á Ísafjarðarhátíðunum hér áður vekur kannski mesta athygli, en allskyns keppni önnur og skemmtisiglingar verða á hverjum degi.

### Ráðstefna um Grænlandssiglingar

Dagskráin var efld mikið síðast og enn á að hafa meira fyrir stafni í þetta sinn. Þar má helst nefna ráðstefnu 20. júlí um siglingaleiðina milli Íslands og A-Grænlands, sem nú er að verða fær marga mánuði á ári vegna hjaðnandi heimskautaíss.

Fjöldi innlendra og erlendra fagmanna um hin ýmsu málefni, sem varða siglingar um þetta varasama hafsvæði og undur Grænlands verður með framsöguerindi. Í framhaldinu er fyrirhuguð ferð skemmtibáta yfir sundið undir leiðsögn.

### Fjölbreytt dagskrá

„Kite Surfing“ eða seglreið er nýjasta og heitasta sjósportið í heiminum. Haldið verður fyrsta námskeiðið hérlendis 23. og 24. júlí með erlendum leiðbeinendum. Þá má nefna að fjöldi ferða er skipulagður fyrir fólk á eigin bátum um Hornstrandafriðlandið og Ísafjarðardjúp með leiðsögn auk daglegra ferða með farþegabátum.

Kayakferðir verða daglega auk fimmtarþrautarinnar og kajakkeppni í þriggja og tíu kílómetra róðri 24. júlí þar sem allir Íslandsmeistarar í kajakróðri hafa skráð sig til þátttöku.

Öllum er svo heimilt að taka þátt í kayakstjörnunni, en 2003 mynduðu 43 kajakar stjörnu á Pollinum. Fjöldi annara atriða verður í gangi og er vísað í dagskrána sem komin er á netið.

Enn eru mörg atriði ófrágengin, en hugmyndin er að uppfæra dagskrána mánaðarlega og bæta þá inní nýjum efnisatriðum eftir því sem þau verða tilbúin. Úlfar Ágústsson er áfram framkvæmdastjóri SIGLINGADAGA 2004 og Magnús Hávarðarson hjá Netheimum netstjóri.

Markaður og skemmtiatriði verða á Silfurtorgi bæði föstudag og laugardag, en margir láta sig svo hverfa á hið árlega Ögurball, sem haldið er á laugardagskvöldið. Dansleikir verða í samkomuhúsunum á Ísafirði og veitingastaðirnir verða með sérstakar uppákomur.

Boðið verður upp á fjöldamargar áhugaverðar sýningar svo og tónleika. Alla dagana verður svo hægt að fara á kajak í lengri eða styttri ferðir auk þess sem bæði byrjenda- og framhaldsnámskeið verða í gangi.

Margar ferðir verða daglega með farþegabátum í Vigur, Jökulfirði og norður á Víkur.

Seinnipart vikunnar verður þriggja daga skútukeppni um Djúpið, sem lýkur á Ísafirði á laugardeginum 25. júlí.

Sá laugardagur er helgaður vöðvum og vindi. Keppt verður í 3 og 10 km. kajakróðri karla og

*Verðlaunahafar á siglingadögum 2003.*

kvenna á öllum aldri. Unglingar keppa á Optimistbátum. En aðalkeppnin er þó fimmtarþrautin, sem fyrst var keppt í á liðnu sumri, þar sem keppendur þurfa að róa kajak, synda í sjónum, klifra eftir fríholtum upp á bryggju, hlaupa, henda sér aftur í sjóinn og synda að sjóþotu og bruna á henni síðasta hlutann.

Sama dag verður svo reynt að bæta metið í gerð kajakstjörnu, en í sumar sem leið tóku 43 kajakar þátt í stjörnumynduninni.

Meðan á þessu stendur verður dúndrandi fjör á Silfurtorgi.

Um kvöldmatinn streyma svo Ísfirðingar, nágrannar þeirra og gestir í miðbæinn á menningarkvöld, sem við köllum „Miðbæjarrölt í kvöldhúminu." Öll söfn bæjarins verða opin og hlaðin sýningum, kirkjan og tónlistarsalirnir óma af músík, götulistamenn verða á ferðinni og veitingahúsin verða með ýmsar uppákomur til að auka lystina og efla listhneigðina.

Sunnudagurinn fer svo í að kynnast allskonar fleyjum á Siglingardegi fjölskyldunnar, sem haldinn er í Suðurtanga. Þar verða útvegsmenn allra minni fleytna með báta sína til afnota fyrir þá sem vilja reyna sig. Þar er ekkert kynslóðabil. Öll fjölskyldan unir sér þar saman. Börn, foreldrar, afar og ömmur fara til sjós hvert með sínu uppáhaldsfari.

Þarna er aðeins fátt upp talið af því sem um verður að vera á Ísafirði þessa tíu daga.

Það myndi heldur betur lyfta upp bæjarbragnum ef gömul ísfirsk andlit, sem ekki hafa hér lengur fasta búsetu, sæjust brosandi á Silfurtorgi borðandi vínarbrauð frá Ruth, eða að stinga sér inn til Dúa Didda á Horninu til að fá sér eins og einn bjór.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu SIGLINGADAGA 2004 www.isafjordur.is/siglingadagar, sem jafnframt má nálgast á bb.is undir Vestfirskir vefir.

Úlfar Ágústsson er framkvæmdastjóri SIGLINGADAGA 2004. Hann er í símum 864-0319, 456-3167 eða 456-3166.

Aðstandendur hátíðarinnar eru Bæjarsjóður Ísafjarðar c/o Rúnar Óli Karlsson runaroli@isafjordur.is og

Sæfari félag um sjóíþróttir c/o Örn Torfason formaður gullauga @visir.is

# Ný sextán laga hljómplata Sunnukórsins

Ný sextán laga hljómplata Sunnukórsins á Ísafirði kom út fyrir jólin. Platan ber nafnið „Kveðju mína og kærleiksband" og er tileinkuð vestfirskum tónskáldum.

Hún inniheldur lög höfunda allt frá Jónasi Tómassyni eldra og Jóni Laxdal til BG og Ingibjargar auk trúarlegrar tónlistar og tónlistar eftir samtímatónskáld eins og Jónas Tómasson yngri og Hjálmar H. Ragnarsson. Umslag plötunnar er vandað og inniheldur texta allra laganna. Framhlið þess prýðir mynd af minnisvarða um Sigvalda Kaldalóns sem stendur á Seleyri við Kaldalón í Ísafjarðardjúpi.

Sigurður Rúnar Jónsson, betur þekktur sem Diddi fiðla, stjórnaði upptökum sem fram fóru í Ísafjarðarkirkju í sumar. Einsöng syngja sonur Sigurðar, barítónsöngvarinn Ólafur Kjartan, og Guðrún Jónsdóttir sópransöngkona.

Um undirleik sáu Sigríður Ragnarsdóttir á píanó, Hulda Bragadóttir á orgel, Baldur Geirmundsson á píanó og harmóniku og Samúel Einarsson á bassa. Margrét Geirsdóttir er stjórnandi kórsins.

Tónlistin á plötunni er afar blönduð en lögin eiga það sameiginlegt að vera öll vestfirsk að uppruna. Að mati Guðfinnu Hreiðarsdóttur, formanns Sunnukórsins, þá veitir geisladiskurinn ákveðna innsýn í vestfirska tónlistarsögu.

Platan hefur verið seld í Bókhlöðunni, Frummynd, Hamraborg og Bónus á Ísafirði en einnig hjá kórfélögum. Þetta er önnur hljómplata Sunnukórsins en árið 1968 gaf hann út 17 laga plötu í samstarfi við Karlakór Ísafjarðar.

VESTURBYGGÐ

SUNDLAUG PATREKSFJARÐAR

Opnunartími:

Mánudaga–föstudaga . . . . kl. 08:00–09:00

Sumaropnun . . . . . kl. 08:00–21:00

Laugardaga og sunnudaga kl. 10:00–16:00

*Boðið er upp á heita potta og gufubað. – Ávallt heitt á könnunni!*

# Úr myndaalbúmi mæðgnanna Elínar Benjamínsdóttur og Sigríðar Guðmundsdóttur

Þessar sérstæðu myndir eru úr myndaalbúmi Elínar Benjamínsdóttur og Sigríðar Guðmundsdóttur. Þær sýna brot úr lífi kafarans Guðmundar Marselíusarsonar (f. 26. október 1927, d. 22. febrúar 1994). Hann átti merkilegan feril við margvísleg störf í tengslum við ísfirskan skipaiðnað. Störf hans sem kafari standa þó trúlegast upp úr, enda mikill viðburður í hvert sinn er Guðmundur íklæddist skrúða sínum, gamla kafarabúningnum.

*Köfun í Bolungarvík, Kristján Júlíusson (með gleraugu) aðstoðar.*

Sá búningur er nú á Sjóminjasafninu í Turnhúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði.

Þetta var þungur og mikill búningur, áfastir skór með þungum blýlóðum og mikið blýbelti sem kafarinn hafði um sig miðjan til að hann flyti ekki upp. Loft fékk kafarinn sem dælt var um slöngur sem

*Guðmundur Marselíusson. Myndin tekin á Byggðarsafninu, sennilega um 1988.*

*Elín Benjamínssdóttir og Guðmundur Marselíusson, mynd tekin á Hnífsdalsbryggju.*

Velkomin til Hólmavíkur
Allir ferðamenn eru velkomnir til Hólmavíkur
Upplýsingamiðstöð sími: 451 3465
Hólmavíkurhreppur
sími: 451 3510
Gott tjaldstæði
Galdra-sýning

Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- miðstöð símenntunar og háskólanáms
Miðstöð símenntunar
og háskólakennslu á Vestfjörðum

Vífilfell hf.
Suðurgötu – Ísafirði

Hurðir, handrið og hallarsvalir.
Gluggar, gróðurhús og garðhýsi.
Byggjum yfir heitapottinn.
Allir litir – þú velur.
Vönduð vinna – vandað hráefni.
Gerum tilboð – hafðu samband.
ÁL-KERFI
ALHLIÐA BYGGINGARÞJÓNUSTA
Kársnesbraut 114, Kópavogi.
Símar: 564-2992, 899-0161. Fax. 564-2993

ÍSAFJARÐARBÆR

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar
sendir Ísfirðingum nær og fjær
bestu nýárskveðjur
með þökk fyrir liðin ár

f.h. bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar
Halldór Halldórsson
bæjarstjóri

Gámaþjónusta Vestfjarða

Umhverfið er framtíðin,
gættu þess vel

Leigjum út sorpgáma & salerni!

Gámaþjónusta Vestfjarða • Góuholti 14 • 400 Ísafirði
S: 456 4760 & 456 4340 • www.snerpa.is/gamar

tengdar voru búningnum úr landi. Kafarinn varð því að geta treyst manninum 100% sem sá um loftdæluna. Ef dælan brást var bráður bani vís. Þetta var því ekkert líkt þeim froskbúningum sem síðar komu til sögunnar og veittu kafaranum mun meira frelsi til að athafna sig, enda ber froskkafarinn loftið með sér í þrýstikút á bakinu.

Guðmundur Marselíusson byrjaði að vinna við köfun um 1950. Hann kom víða við sögu við margvíslegar björgunaraðgerðir. Ófá eru skiptin sem púkarnir á Ísafirði undu sér við að fylgjast með „Gvendi Massa“ þegar hann kafaði af Bæjarbryggjunni til að skera troll eða annað sem flækst hafði í skrúfum togara, ekki síst breskra togara sem leituð aðstoðar á Ísafirði. Þetta var í augum púkanna stórviðburður í hvert sinn, enda maðurinn eins og geimfari þegar hann var kominn í allan skrúðann með hníf hangandi í slíðri í beltinu. Á sjöunda áratugnum lágu einmitt erlendir togarar oft svo tugum skipti í Ísafjarðarhöfn þangað sem þeir leituðu vars í vondum veðrum. Mörgum þessara togara kom Guðmundur til aðstoðar auk íslenskra skipa sem á þurftu að halda. Margvísleg önnur verk var kafarinn fenginn til að vinna og þar hefur örugglega oft þurft sterkar taugar til að takast á við miður hugguleg verkefni.

*Guðmundur Marselíusson, mynd tekin í Súg-andafirði.*

*Guðmundur Marselíusson, tilbúinn í slaginn á bryggjunni í Hnífsdal.*

Rúm og dýnur í úrvali

í 7. himni

Síðumúla 35 – Sími: 517 3441

*Marselíus Bernharðsson prófar kafarabúninginn. Mynd tekin í Bolungarvík. Guðmundur Marselíusson er lengst til hægri á myndinni.*

*Marselíus Bernharðsson, við Skipasmíðastöðina.*

*Guðmundur að fara í köfun í breskan togara af Bæjarbryggjunni á Ísafirði. Að venju var fjöldi manns að fylgjast með*

*Komið úr kafi.*

*Sérsmíða skart fyrir þig eftir þínum óskum.*

Dýrfinna Torfadóttir
Sími: 864 3460

Gullauga
HAFNARSTRÆTI 4
SÍMI 456 3460

Hugsaðu lengra...

Lífsval

**Sparisjóður Vestfirðinga** býður viðskiptavinum sínum að ávaxta **viðbótarsparnað** á Séreignareikningi sem er **verðtryggður hávaxtareikningur**.

**Lífeyrisreikningur** Sparisjóðsins hefur sýnt eina **bestu ávöxtun** sambærilegra reikninga frá upphafi.

SPVF
SPARISJÓÐUR VESTFIRÐINGA

SAMBÓ
LAKKRÍS

Lakkrísgerðin Kólus ehf.
Tunguháls 5 • 110 Reykjavík
Símar 587 6188 og 587 1855

# Fjörukrakki og Hlíðarvegspúki

## – Rætt við listakonuna Snjólaugu Guðmundsdóttur á Brúarlandi, Borgarfirði

**Listakonan Snjólaug Guðmundsdóttir er fædd og uppalin á Ísafirði en hefur um langt skeið verið búsett á Mýrum. Snjólaug hefur á undanförnum árum getið sér gott orð fyrir listiðnað og handverk þar sem hún gjarnan blandar nýsköpun saman við hefðbundið íslenskt handverk. Snjólaug hefur haldið nokkrar einkasýningar á verkum sínum, meðal annars á Ísafirði fyrir tveimur árum.**

*Snjólaug Guðmundsdóttir við vefstólinn. Mynd GE.*

### Leiksvæðið var fjaran

Snjólaug er fædd á Ísafirði 14. nóvember árið 1945. Foreldrar hennar voru Guðmundur Bárðarson vélstjóri, Ísfirðingur í húð og hár og Margrét Ingibjörg Bjarnadóttir húsmóðir og vefnaðarkennari, Þingeyingur í báðar ættir.

„Fyrstu árin átti ég heima í Fjarðarstræti 32, húsi sem afi minn, Bárður Guðmundsson bókbindari, byggði og átti. Húsið var alveg niðri í fjöru og fjaran því okkar leiksvæði," segir Snjólaug og fljótt rifjast upp fyrir henni ýmsar minningar úr Fjöruhúsinu. „Það var þannig að það var bólverk í kringum húsið, steyptur veggur fjörumegin og líka til hliðar. Þetta mannvirki var til að varna sjógangi en ég man samt eftir því að sjórinn gekk stundum yfir garðinn. Við systkinin, ég og Hólmfríður, sem er eldri, og Bárður sem er yngri, vorum öll fædd áður en við flytjum úr Fjarðarstrætinu. Meðan við bjuggum þarna var afi með bókbandsverkstæði í kjallaranum og ég man eftir því að einu sinni gerði ofsaveður og sjórinn fór yfir bólverkið og braut gluggann í kjallaranum. Við systurnar sátum þá efst í stiganum sem lá ofan í kjallara og horfðum niður á sjóinn sem á flutu blöð og verkfæri. Þetta er ein minningin úr Fjarðarstrætinu en þær eru margar góðar einnig. Það er t.d. alltaf notalegt að rifja upp kyrrðina á morgnana og góðar stundir í fjörunni. Ég orti einu sinni ljóð um þessa friðsæld sem þarna ríkti:

*Snjólaug Guðmundsdóttir á kennaraárunum á Varmalandi.*

### Úr hugarhólfi

Morgunstund milli hárra fjalla
er böðuð sól
högg úr smiðju rýfur kyrrðina
fiskibátur sker fjarðarspegil
á leið út
endur með unga dilla sér á
gárum nær landsteinum
lítil stúlka byggir sandborgir
og leikur við öldugjálfur
og fjörulykt.

Ég á reyndar aðra óveðursminningu úr Fjarðarstrætinu. Það strandaði togari, enskur minnir mig, og kom næstum því upp í fjöruna. Ég man eftir því þegar þeir voru að skjóta út línu og síðan voru mennirnir hífðir í land í einhverjum stóli.

*Mæðgurnar við vefstólinn*

Við systkinin sátum við gluggann og horfðum á þetta. Ég á semsagt tvær minningar um vont veður í Fjarðarstrætinu en annars var yfirleitt sól og blíða í minningunni. Í Fjarðarstrætinu fékk ég fyrstu skíðin mín og fyrsta hjólið."

## Á Hlíðarveginn

Snjólaug og hennar fjölskylda flutti síðan úr Fjörunni í Fjallið þegar hún var sjö eða átta ár. „Við fluttum að Hlíðarvegi þrjú og þar með vorum við systkinin orðin Hlíðarvegspúkar sem var alveg sérstakur þjóðflokkur. Við fluttum í blokk sem byggð var þar og þar var margt ungt fólk með fullt af börnum og mjög fjörugt umhverfi. Einn kosturinn við að búa þarna var sá að ekkert hús var fyrir ofan blokkina. Þar var Andrésartún sem hét eftir Andrési sem bjó á Urðarvegi og hafði nokkrar kindur. Á vetrum rak hann kindurnar yfir þetta tún og ofan í fjöru. Ofan við Andrésartún var Litla urð og Stóra urð sem náði upp á Gleiðahjalla. Á túninu og í urðinni fyrir ofan vorum við á skíðum á veturna. Ég var næstum alla daga á skíðum þegar snjór var, á meðan ég bjó á Ísafirði, og það var mitt aðal áhugamál.

## Barnaheimilið í bústaðnum

Á sumrin var líka nóg að gera. Eitt sumarið var ég í vist hjá Steingerði Gunnarsdóttur og Jóni Karli Sigurðssyni og passaði þau Gunnar og Ragnhildi. Frá því ég var svona níu ára, held ég, var ég síðan ráðskona heima. Þannig var að við átt-

*Gussi, Bárður, Fríða og Snjólaug.*

*Snjólaug ásamt systur og bróður*

um sumarbústað inn við Veg, aðeins innan við Grænagarð. Á meðan við bjuggum í Fjarðarstræti vorum við þar á sumrin. Þarna voru tveir bústaðir, okkar var fyrir neðan veginn en fyrir ofan veginn voru þau Jónína og Kjartan beykir. Yngsti sonur þeirra, Guðfinnur, er jafn gamall mér og hann lék sér þarna með okkur systkinunum. Við fórum í berjamó, róluðum og ræktuðum grænmeti í moldarskika sem mamma lét okkur hafa. Ein af minningunum þaðan var að fylgjast með því þegar Jónína reri til fiskjar. Ég sé þessa mynd alltaf fyrir mér, þessa konu á litlum árabát að veiða fisk. Mér fannst þetta alveg stórkostleg sjón.

Nema hvað að þegar við fluttum á Hlíðarveginn var mamma með barnaheimili í sumarbústaðnum yfir sumartímann, en hún rak barnaheimili í samvinnu við Barnaverndarfélag Ísafjarðar. Barnaheimilið var rekið í sumarbústaðnum í tvö sumur en var síðan flutt inn á Skeið og í barnaskólann sem var starfræktur inni í firði, Brautarholti, í nokkur sumur. Um það bil sem mamma deyr var búið að flytja heimilið í húsnæði sem var alltaf kallað Barnaheimilið og ég held að hafi verið byggt snemma á öldinni fyrir slíka starfsemi. Þarna var fjölskylduhúsnæði fram undir það.

## Ýsa og kakósúpa

Þegar mamma var að vinna á barnaheimilinu var ég ráðskona hjá pabba og sá um matinn. Ég eldaði ýsu, kakósúpu og makkarónumjólk og ég man að pabbi hrósaði alltaf kakósúpunni þótt þetta hafi í raun bara verið kakó hjá mér. Síðan þurfti ég líka að þvo og taka til og líta eftir litla bróður, ef hann var ekki með mömmu á barnaheimilinu. Ég var yfirleitt búin með mín verk um hádegið og þá hjólaði ég inn á barnaheimilið eða fór í dúkkuleik með Hiddý vinkonu minni.

Þetta var bara yndislegt. Það má í raun segja að það var mjög gott að alast upp þarna í Fjallinu og Fjörunni. Maður var í mikilli snertingu við náttúruna. Samfélagið var líka þannig að fólk var mjög samheldið, eða það fannst mér að minnsta

*Fjölskyldan á Brúarlandi. Aftari röð: Guðmundur Ingi, Snjólaug og Guðbrandur. Fremri röð: Brynjúlfur Steinar og Theresa Vilstrup Olsen (kona hans). Á myndina vantar Laufeyju Jónsdóttur konu Guðmundar.*

*Nokkrir Hlíðavegspúkar í dúkkulísuleik. Aftari röð: Snjólaug, Dúnna Sigurjóns og Fríða. Fremri röð: Hiddý, Hörður Inga, Bárður G. og Laufey.*

kosti. Allavega upplifði ég æskuna þannig að allir væru voða góðir."

## Uppi í skýjunum

Snjólaug tók landspróf á Ísafirði og fór síðan í fyrsta bekk menntaskóla þar sem þá var nýbyrjað útibú frá Menntaskólanum á Akureyri. „Ég held að systir mín hafi verið í fyrsta árganginum. Eftir fyrsta veturinn var mamma orðin ansi mikið veik af krabbameini og dó skömmu síðar. Þá var mamma búin að starfrækja vefstofu í þrjú eða fjögur ár og þar unnum við systur á sumrin. Þar lærði ég fyrstu handtökin við vefnað. Það æxlast síðan þannig, án þess að það segði mér nokkur að gera það, að mér fannst að ég þyrfti að halda áfram hennar starfi. Ég var með þann draum að geta haldið áfram með vefstofuna og var meira uppi í skýjunum en niðri á jörðinni varðandi þau áform. Þá fór ég til Guðrúnar Vigfúsdóttur, vefnaðarkennara, vinkonu mömmu, og spurði hana hvort hún héldi að ég gæti komist inn í vefnaðarkennaradeild Myndlista- og handíðaskólans. Næsta dag er þetta síðan runnið af mér og ég spyr sjálfa mig hvað ég sé eiginlega að gera. Ég fer því aftur til Guðrúnar og ætla að biðja hana að sleppa þessu. Þá er hún bara búin að útvega mér pláss þannig að ég gat ekki farið að hætta við allt saman og varð náttúrulega að standa við það sem ég var að biðja um.

Þetta var í október og þá var skólinn byrjaður en ég fór ekki suður fyrr en um áramót og fékk að vinna upp það sem ég hafði misst af. Þetta var tveggja ára nám þá, verklegi hlutinn í Myndlista - og handíðaskólanum en bóklegu fögin tókum við í Kennaraskólanum til að fá kennsluréttindin.

## Örlagavefurinn

Það er nú þannig með mann að maður fer ekki endilega alltaf í þá átt sem maður ætlar sér. Mín áhugamál voru ekki endilega handavinna. Mitt aðaláhugamál voru skíðin. Annars vissi ég svosem ekkert hvað ég vildi. Ég reyndi að vera trú þessum draumi mínum um vefstofuna og þegar ég kom heim byrjaði ég svolítið að vefa. Þetta fór náttúrulega alveg í vaskinn hjá mér. Ég hafði engan þroska til að sitja við þetta svona ein einhversstaðar, aðeins nítján ára. Ég sinnti þessu samt eitthvað þarna um haustið og fór síðan að vinna í Sundlauginni en mér fannst alltaf að ég þyrfti að nota þá menntun sem ég hafði aflað mér. Það togaðist samt á, að þá voru pabbi og Bárður bróðir einir og mér fannst að ég ætti að vera heima líka. Það var aftur á móti ekkert fyrir mig að gera sem kennara. Ég fer þá aftur til Guðrúnar um sumarið og spyr hvort hún viti um lausa kennarastöðu. Guðrún er þá nýkomin af kennaraþingi á Varmalandi og vissi að þar vantaði kennara við húsmæðraskólann. Það má því segja að Guðrún hafi virkilega lagt mér lið við minn örlagavef á

*Vinkonurnar Auður M., Auður B., Fríða, Hulda og Snjóka við Harðarskálann.*

sínum tíma, því ég sæki um stöðuna. Reyndar var það þannig að þegar ég ætlaði að fara skrifa bréf til skólans þá hringir Steinunn Ingimundardóttir, skólastýra á Varmalandi, í mig og spyr hvort ég sé til í að sækja um. Ég gerði það og fékk stöðuna. Ég fór á Varmaland þarna haustið 1966, þá tvítug og fór þá að kenna stelpum sem margar voru á svipuðum aldri og ég. Það hefur kannski bjargað mér, því þær voru svo góðar við mig. Ég lærði örugglega ekki minna en þær og þroskaðist á þessum tíma en ég var þarna í níu ár við kennslu."

Á þessum árum skiptist námið í húsmæðraskólanum í fjögur aðalfög; vefnað, saumaskap, matreiðslu og þvott og ræstingu. Stúlkunum var skipt í fjóra hópa og jafnmikil áhersla lögð á öll fögin. Að auki voru kennd bókleg fög sem kennararnir skiptu með sér og kenndi Snjólaug meðal annars félagsfræði og heimilishagfræði.

„Mér líkaði mjög vel á Varmalandi. Mér fannst þetta ekki bara skóli heldur líka uppeldisstofnun. Ég veit að nemendur sem komu þarna fengu mjög góðan grunn undir lífið og voru vel undir það búnir að stofna heimili. Stelpurnar lærðu mikið og þroskuðust vel. Reglurnar voru nokkuð strangar og ekki mikið útstáelsi. Nemendur urðu að vera komnir inn fyrir átta á kvöldin. Þær voru þrjár í herbergi og urðu að taka tillit hver til annarrar. Sjálfsagt hefur þeim oft fundist þetta ansi hart en þær urðu þakklátar fyrir veru sína í þessum skólum þegar frá leið.

## Sé eftir húsmæðraskólunum

Mér fannst það sorglegt að húsmæðraskólarnir skyldu leggjast niður en ekki bera gæfu til að aðlagast nútímanum. Mér finnst alveg jafn mikil þörf á þessu námi í dag og jafnvel ekki síður. Það hefði líka verið full ástæða til að taka piltana inn

*Listaverkin eru af margvíslegum toga. Ljósmynd GE.*

*Eitt af vefnaðarverkum Snjólaugar.*

samfara öðrum breytingum í átt til nútímans. Það var reyndar fleira sem kom til, því með breyttu framhaldsskólakerfi voru settar verklegar greinar inn í fjölbrautarskólana, greinar sem áttu að dekka þetta nám sem boðið var upp á í húsmæðraskólunum. Það var náttúrulega eins og hver önnur vitleysa, því það hefur ekkert komið í staðinn fyrir það sem gerðist á húsmæðraskólunum. Þeir sem tóku þessa ákvörðun höfðu kannski ekki mikla þekkingu á því, hvað þar fór fram. Þarna var lagður grunnur að stofnun heimilis. Fólk þarf að kunna til verka á heimilunum enda eru störfin fjölbreytt. Það er heldur ekki svo einfalt að reka heimili og á meðan við höfum það fyrirkomulag að fjölskyldurnar séu stólparnir í samfélaginu, eins og verður væntanlega áfram, þá þarf fólk að kunna til verka," segir Snjólaug.

## Mannsefnið fannst á skólaskemmtun

Mikill samgangur var á þessum árum á milli skólans á Varmalandi, Samvinnuskólans á Bifröst og Bændaskólans á Hvanneyri. Á einni af sameiginlegum samkomum skólanna kynntist Snjólaug skólapilti af Mýrunum, sem ekki svo löngu seinna var orðinn eiginmaður hennar, Guðbrandi Brynjúlfssyni, á Brúarlandi í Hraunhreppi.

„Það var mestur samgangur á milli Hvanneyringa og Varmalandsmeyja. Á samkomum þessara skóla fengum við kennararnir yfirleitt nemendur í framhaldsdeildinni á Hvanneyri sem borðherra en þetta voru flottar veislur með mat og dansleik á eftir. Á einni vorsamkomunni var ég sett til borðs með Guðbrandi en hann var þá í framhaldsdeildinni.

Þetta var árið 1970 og tveimur árum seinna giftum við okkur. Hann útskrifaðist árið 1971 og byrjaði þá að búa á Brúarlandi en ég var áfram í Varmalandi. Ég flyt ekki hingað að Brúarlandi fyrr en vorið 1975. Þá bjó ég hjá tengdaforeldrunum um sumarið og fram undir jól en þá fluttum við í nýtt hús sem við byggðum hér og höfum búið í síðan. Eldri sonur okkar, Brynjúlfur Steinar er fæddur 1973 en sá yngri, Guðmundur Ingi, fæddist árið, 1977.

## Snati

Guðbrandur hafði átt sex gyltur þegar hann fór á Hvanneyri og með þeim kostaði hann námið þar. Hann vann síðan hérna á sumrin en pabbi hans og yngri bróðir sáu um svínin á veturna. Þegar Guðbrandur kemur úr skóla fjölgaði hann gyltunum og tók við kúabúinu af föður sínum og bætti við

EIMSKIP

# JÁ, VIÐ ERUM GAMALDAGS

Magnús Arnarsson, prentari.

## ef það er gamaldags að klára alltaf málin

Að geta boðið nýjustu tækni skiptir miklu máli í prentun og þess vegna lítum við hjá Gutenberg á slíkt sem sjálfsagðan hlut. En við vitum líka að nýjasta tækni kemur aldrei í staðinn fyrir fólk sem er alltaf tilbúið að klára málin, sama hvað klukkan er og hvaða dagur er. Það er þessi hugsun sem skipað hefur Gutenberg sæti meðal fremstu prentsmiðja landsins í 100 ár. Á morgun fögnum við nýjum degi og nýjum verkefnum með þessu sama „gamaldags“ hugarfari.

Gutenberg
PRENTSMIÐJA

Síðumúla 16 Sími 545 4400 gutenberg.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS GUT 22376 12/2003

# Upplifðu ævintýri í einstakri náttúru Vestfjarða

Ferðaskrifstofan Vesturferðir sérhæfir sig í ferðalögum um ósnortna náttúru Vestfjarða.

Með góðum samskiptum við alla sem eru í ferðaþjónustu á svæðinu geta Vesturferðir boðið upp á góða og hagkvæma þjónustu við ferðamenn

**Fjölmargir ferðamöguleikar eru í boði:**

## Vigur

Eyjan Vigur á Ísafjarðardjúpi er einstök náttúruperla með miklu fuglalífi og merkilegum sögulegum minjum þar sem íbúarnir bjóða þig velkominn með rólegu fasi og það er eins og tíminn standi kyrr.

## Hesteyri

Drepið niður fæti í friðlandinu á Hornströndum. Bjóðum upp á kaffiferð þrisvar í viku í Læknishúsið á Hesteyri. Stutt gönguferð með farastjórn.

## Hornstrandir

Við erum sérfræðingar í Hornstrandaferðum. Látið okkur um að skipuleggja styttri eða lengri ferðir um þetta einstaka svæði. Við bjóðum aðeins fyrsta flokks þjónustu fyrir viðskiptavininn og leggjum áherslu á góðan aðbúnað, farastjórn og skipulagningu.

## Ættarmót - Fermingarafmæli

Látið okkur um að skipuleggja ættarmót, útskriftar- eða fermingarafmæli

Vesturferðir taka að sér að skipulagningu fyrir allskyns uppákomur. Með fagfólki og góðum samböndum getum við gert ferðina eftirminnilega.

Vesturferðir

*Aðalstræti 7, 400 Ísafirði, sími 456 5111, fax: 456 5185*
*Netfang: vesturferdir@vesturferdir.is Vefsíða: www.vesturferdir.is*

*Systkinin með foreldrum sínum, þeim Guðmundi Bárðarsyni og Margréti I. Bjarnadóttur.*

kálfaeldinu. Bróðir hans bjó með honum fyrstu árin en síðan keypti Guðbrandur hans hlut. Eldri bróðir Guðbrands bjó hinsvegar hér með kindur og átti hluta af jörðinni þar til 1988 að hann lést og þá keyptum við hans eigur hér.

Ég hef aldrei tekið þátt í að hirða skepnurnar. Ég er einhvern veginn ekki skepnukona þótt ég líti á mig sem náttúrubarn. Ég hef aðeins myndað tilfinningatengsl við eina skepnu og það er hundurinn Snati.

## Heimavinnandi húsmóðir

Frá því ég hætti á Varmalandi og fram að 1980 er ég að sinna búi og börnunum og í ýmsu stússi heima fyrir. Árið 1978 er Guðbrandur kosinn oddviti hér í Hraunhreppnum og því starfi fylgdi töluvert rennerí og gestagangur. Fundirnir voru haldnir hér og hingað komu menn til að greiða gjöldin sín og svona en þetta var allt smá aukavinna á heimilinu. Þá var ráðist í það mjög fljótlega að leggja vatnsveitu um hreppana hér og þá voru menn hérna í fæði og húsnæði. Það var því nokkuð mikið að gera hér á heimilinu fyrstu árin.

## Þingmaður í tvær vikur

Snjólaug hefur tekið mikinn þátt í félagsmálum í Borgarfjarðarhéraði, bæði því sem tengist hennar áhugamálum og störfum í handverkinu og um tíma var hún mjög virk í pólitík bæði heima í héraði og á landsvísu.

*Það fer ekki á milli mála hvað þarna er að sjá innan dyra. Ljósmynd GE.*

Ég hreifst strax af Kvennalistanum og fannst mér ég eignast samastað í pólitíkinni þegar hann var stofnaður. Síðan kvennalistinn var lagður niður hef ég verið hálfheimilislaus á þeim vettvangi þótt ég hafi vissulega alltaf notað atkvæðið mitt. Þegar við buðum fram fyrst hér á Vesturlandi árið 1987 var ég í fimmta sæti. Danfríður Skarphéðinsdóttir var þá í fyrsta sæti og fór inn á þing. Við vorum með svolítið annað kerfi en aðrir flokkar hvað varaþingmennina varðaði og fórum óspart niður eftir listanum þegar þurfti að skipta inn á. Við notuðum þetta svolítið eins og skóla, eða námskeið í þingmennsku og þess vegna fór ég inn á þing í hálfan mánuð einu sinni þótt ég væri bara í fimmta sæti. Það voru svosem ekki allir hrifnir af þessu í hinum flokkunum og ég man að það átti alls ekki að hleypa mér inn en það bjargaðist.

Ég nýtti mínar tvær vikur til að leggja fram tillögu um að farið yrði vel ofan í saumana á íslensku handverki, reynt að læra af þeim sem kunnu gömlu handbrögðin og þróa handverkið til nútímans og koma með nýjungar. Einnig að handverkinu væri sinnt þannig að það yrði okkur til sóma og við gætum selt eitthvað af því sem minjagripi. Tillagan var samþykkt og síðan kosin nefnd undir forystu Ásrúnar Kristinsdóttur kennara í Myndlista - og handíða skólanum, sem gerði ágæta úttekt á þessum málum og skilaði mjög góðri og faglegri skýrslu. Niðurstaða nefndarinnar var sú í aðalatriðum að það þyrfti að setja á stofn hönnunarmiðstöð fyrir íslenskt handverk. Hönnunarmiðstöðin var að vísu aldrei sett á fót en þess í stað búið til verkefni sem heitir Handverk og hönnun sem er starfrækt enn og hefur gert góða hluti.

Mér fannst, og finnst enn, að þetta hafi verið hlutfallslega ágætur árangur á stuttum þingmannsferli ekki síst þar sem við vorum í stjórnarandstöðu. Þetta segir manni að það var þörf fyrir að þessum málaflokki væri sinnt og fólk fengi kennslu til að það gæti náð árangri í sinni sköpun. Þannig var með ýmis fleiri mál sem við komum fram með. Þá voru þessi mýkri mál ekki í tísku en með tilkomu kvennalistans breyttist ýmislegt í íslenskri pólitík. Okkar krafa var að við hefðum val á jafnréttisgrundvelli og að reynsla kvenna væri metin til jafns á við reynslu karla.

## Dýrmæt reynsla

Það má segja að skeið kvennalistans hafi einfaldlega liðið undir lok. Guðbergur Bergson sagði einhvern

tíma að hreyfingar lifðu bara í sjö ár og ég man að Havel, forseti Tékklands, sagði þetta líka í sjónvarpsviðtali. Kvennalistinn var hreyfing, kvenfrelsishreyfing, og eitt af verkefnum kvenfrelsishreyfingarinnar var að bjóða fram til Alþingis. Það var ýmislegt fleira gert og ýmsir hópar á vegum hreyfingarinnar sem unnu þörf verk í þjóðfélaginu. Síðan kom að því að tími Kvennalistans á Alþingi var einfaldlega búinn en eftir stendur að menn komust ekki lengur hjá því að hlusta á raddir kvenna. Enn er vissulega þörf fyrir að þeim málum sem Kvennalistinn barðist fyrir sé sinnt á Alþingi en aðrir flokkar hafa tekið þau upp og ég hef veitt því athygli að konur hinna flokkanna hafa verið að taka sig saman um málefni sem snerta hagsmuni kvenna.

*Systkinin á bólverkinu við Fjarðarstræti 32.*

Ég var aftur á listanum þegar við buðum fram 1991, í þriðja sæti minnir mig, en þá fengum við ekki þingmann úr kjördæminu. Ég var síðan kosningastjóri árið 1995 þegar Hansína Einarsdóttir var í efsta sætinu en þá náðum við heldur ekki því takmarki að koma henni að. Þessi pólitíska reynsla er mér samt mjög dýrmæt og það styrkti mig og efldi á allan hátt að takast á við þetta verkefni. Þetta var heilmikill lærdómur og ég kynntist ofboðslega mörgum góðum konum."

**Gamalt og nýtt**

Snjólaug hefur getið sér gott orð í listíða- og handverkssköpun sinni. Iðju sína byggir hún á þeim grunni sem hún fékk hjá móður sinni, í náminu og kennslunni, og hefur hún fengist við handverk og listiðnað með heimili og félagsstörfum að einhverju leyti frá 1982. Það er svo 1993 sem hún gerir handverkið að aðalstarfi og síðan er það 1997 sem hún fær vinnustofu sem sköpum fyrir iðjuna. „Ég var reyndar alltaf eitthvað að fást við þetta öll þessi ár frá því 1982 eða þrjú en það var ekki fyrr en um 1994 sem ég fer að stunda þetta af einhverri alvöru. Síðan er það 1997 að við byggjum hérna bílskúr og þá fæ ég loksins vinnuaðstöðu og það skipti sköpum um að ég gat farið að taka þetta af festu.

Ég hef allan tímann verið að vefa og á sýningum sem ég hef haldið hef ég gjarnan verið með stór verk sem ég hef ofið með myndvefnaði og gjarnan sett í þau þræði með rýjahnútum. Þetta eru svona veggstykki sem eru unnin á hefðbundinn hátt í grunninn en með svolítið nýstárlegu ívafi. Síðan hef ég verið að vefa upphlutssvuntuefni, gólfmottur, borðrenninga og fleira. Ég fór seinna út í að vinna með skeljar og búa til úr þeim skartgripi. Ég

*Á skíðum 1962.*


# Almenningstímar í sundlaugum Ísafjarðarbæjar veturinn 2003-2004

**Sundhöllin Ísafirði frá 10 sept. - 15. júní**
Mánudag–Föstudag kl. 7:00–8:00 og 19:30–22:00
Laugardag–Sunnudag kl. 10:00–16:00

**Sundlaugin Flateyri frá 10 sept.–15. júní**
Þriðjudaga–Föstudaga kl. 16:00 - 21:00
Laugardag–Sunnudag kl. 12:00 - 16:00

**Sundlaugin Þingeyri frá 10 sept.–15. júní**
Mánudag–Fimmtudag kl. 7:45–9:00 og 16:00–21:00
Þriðjudag–Föstudag kl. 7:45–11:30 og 16:00–21:00
Laugardag kl. 13:00–18:00
Sunnudag kl.11:00–16:00

**Sundlaugin Suðureyri frá 1. okt.–15. júní**
Mánudag–Fimmtudag kl. 16:00–20:00
Laugardag–Sunnudag kl. 12:00–17:00

**VERÐSKRÁ**

| **Börn kr. 120** | **Fullorðnir kr. 280** |
|---|---|
| 10 miða kort kr. 900 | 10 miða kort kr. 2.200 |
| 30 miða kort kr. 2.200 | 30 miða kort kr. 5.400 |
| Árskort börn kr. 10.000 | Árskort fullorðnir 20.500 |

Ath. Frítt fyrir börn að skóla aldri ( 6. ára og yngri )
Ath. að 8 ára börn og yngri þurfa að vera í fylgd með 14 ára eða eldri

**Íþróttafulltrúi Ísafjarðarbæjar**

*Í 50 ára afmæli Hólmfríðar. Snjóka, Hiddý, Bárður og Fríða.*

geri það þannig að ég saga skeljarnar í ákveðið form og slípa þær. Síðan vinn ég ýmsa hluti í flóka, svo sem bjöllur, töskur, myndir og ýmislegt fleira. Meðal annars litla poka, svokallaða orkupoka með Djúpalónsperlu og eitt og annað fleira. Ég sæki yrkisefnin mikið í náttúruna enda hef ég svo stórkostlega náttúru fyrir augunum á hverjum degi að það er ekki hægt að komast hjá því að verða fyrir áhrifum þaðan.

Það má segja að ég sé jöfnum höndum að reyna að viðhalda gömlu handverki og skapa eitthvað nýtt. Vefnaðurinn á sér náttúrulega langa hefð hér en það var ekki sérstaklega mikið unnið úr flóka hér á landi. Það mun hafa verið eitthvað um að menn notuðu þessa aðferð á miðöldum til að gera herklæði og hatta en hún hefur verið notuð miklu meira á hinum Norðurlöndunum. Ég veit heldur ekki til að skeljarnar hafi verið notaðar í þessum tilgangi sem ég er að nýta þær. Skeljar voru notaðar við matargerð hér áður fyrr eins og t.d. flotskel og skyrskel og síðan voru þær að sjálfsögðu barnaleikföng."

### Þróun í rétta átt

Snjólaug segist stöðugt finna fyrir því að áhugi á handverki sé að aukast hér á landi og handverkið um leið að verða betra. „Handverk og hönnun er með nokkrar sýningar á ári sem valið er á. Sýningin á Hrafnagili er líka stöðugt að batna. Auðvitað má sumsstaðar finna eitthvað sem kannski er ekki nógu gott en það er allt saman á réttri leið og það er ótrúlega mikil þróun og nýsköpun í þessu fagi. Maður sá það meðal annars á Vestnorrænu handverkssýningunni árið 2002. Þá kom berlega í ljós að Íslendingar, og reyndar Færeyingar líka, standa hinum Norðurlandaþjóðunum ekkert að baki hvað varðar að leiða handverkið sitt til nútímans. Okkur hefur tekist að varðveita þetta gamla og einnig að skapa eitthvað nýtt á gömlum grunni. Einnig hefur átt sér stað mikil nýsköpun og góður jarðvegur myndast fyrir hugmyndir og hönnun að þróast í.

### Gott að sýna heima

Ég hef haldið fimm einkasýningar og tekið þátt í nokkrum samsýningum og handverkssýningum. Ég sýndi á Ísafirði árið 2002 og það var alveg frábært. Það var alveg yndislegt að koma heim. Ég kveið reyndar dálítið fyrir þessu en fólkið heima er svo gott og tók svo vel á móti mér að það bættist töluvert við góðu minningarnar frá Ísafirði.

Síðasta sýningin sem ég hélt var

*Fjölskyldan á ferðalagi við Fljótstungu á Hvítársíðu um1985.*

einkasýning í Borgarnesi í haust og ég reikna frekar með að taka þátt í einni sýningu á þessu ári. Ég miðaði við að halda eina sýningu á ári og það fannst mér ágætt. Hinsvegar er það ánægjulegt að núna er það farið að gerast að ég er að fá pantanir í sérstök verk. Fyrir jólin gerði ég t.d. verk fyrir Framleiðnisjóð sem fór í nýtt húsnæði á Hvanneyri og um svipað leyti keypti Kvenfélag Þverárhlíðarhrepps í Borgarfirði af mér altarisklæði í kirkjuna í Norðtungu.

Það sem er framundan hjá mér núna er námskeið í flókagerð og síðan held ég áfram í minjagripagerð og vefnaði en ég hef ekki undan í þeirri framleiðslu ef út í það er farið. Ég kvíði allavega ekki verkefnaleysi," segir listakonan Snjólaug Guðmundsdóttir að lokum.

*- Gísli Einarsson*

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 23298 01/04

# Safnaðu um leið og þú verslar

# Vildarkort

Á meðal fyrirtækja sem veita afslátt í formi Ferðapunkta eru Nóatúnsverslanirnar, Olís, Kelló, ýmsir veitingastaðir, gullsmiðir, gleraugnaverslanir, hótel, efnalaugar, tískuverslanir og fjölmörg önnur fyrirtæki.

**Þúsundir Íslendinga fara í Vildarferðir á hverju ári. Ert þú einn þeirra?**
Fáðu upplýsingabækling um Vildarkort VISA og Icelandair og samstarfsfyrirtækin í næsta banka eða sparisjóði, hjá VISA Íslandi eða kynntu þér samstarfsfyrirtækin á **www.icelandair.is**

VISA
VISA UM ALLA FRAMTÍÐ

# VISA og Icelandair
## greiðslukort sem slær í gegn!

Vildarkort VISA og Icelandair er alþjóðlegt greiðslukort.
Því fylgja víðtækar ferðatryggingar og margvísleg önnur fríðindi.

Korthafar verða sjálfkrafa félagar í Vildarklúbbi Icelandair og safna Ferðapunktum með allri notkun kortanna innanlands. Þeir fá einnig sérstaka Ferðapunkta vegna viðskipta við Icelandair og ýmsa samstarfsaðila þeirra í verslun og þjónustu, nú yfir 100 fyrirtæki.

Það margborgar sig að vera í Vildarklúbbi Icelandair.
Þú sækir um Vildarkort VISA og Icelandair í næsta banka eða sparisjóði.




*Vildarkort VISA og Icelandair*
*- og þú ferðast meira*

ICELANDAIR
www.icelandair.is

# Greiðsluþjónusta



## Meira svigrúm - fleiri gæðastundir

Þegar kemur að stórum viðburðum er ánægjulegt að eiga fyrir þeim. Tiltaktu þá upphæð sem þú vilt spara í hverjum mánuði og bættu henni við mánaðarlega fjárhæð í greiðsluþjónustunni. Þannig getur þú á auðveldan hátt safnað fyrir t.d. ferðalagi, brúðkaupi, fermingu eða stórafmæli og notið hverrar stundar. Kynntu þér málið.

**TILBOÐ**

Fyrsta árið í greiðsludreifingu er gjaldfrjálst - ekkert árgjald.

www.landsbanki.is
sími 560 6000

Landsbankinn